



BARNAVERNDARSTOFA

ÁRSSKÝRSLA 2012–2013

Ársskýrsla 2012–2013
Barnaverndarstofa 2014
ISSN 1670– 3642

Ritstjóri: Halla Björk Marteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Bragi Guðbrandsson

Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530 2600
Bréfasími: 530 2601
Netfang: bvs@bvs.is
Veffang: www.bvs.is

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir töflur.....	V
Yfirlit yfir myndir.....	VI
FRÁ FORSTJÓRA.....	7
1. HLOTVERK OG STARFSEMI BARNVERNDARSTOFU.....	9
1.1 REKSTUR OG STARFSMANNAHALD BARNVERNDARSTOFU.....	10
1.2 RÁÐGJÖF BARNVERNDARSTOFU.....	13
1.3 EFTIRLIT BARNVERNDARSTOFU.....	17
1.4 STARFSLEYFI HEIMILA.....	18
1.5 UMSAGNIR TIL ALÞINGIS.....	20
1.6 ÁRSSKÝRSLUR OG SÍSKRÁNING BARNVERNDARNEFNDA.....	20
1.7 RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF.....	21
1.7.1 <i>Rannsóknir</i>	21
1.7.2 <i>Þróunarverkefni</i>	23
1.8 UPPLÝSINGA- OG FRÆÐSLUSTARF.....	24
1.8.1 <i>Málstofur</i>	24
1.8.2 <i>Ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar</i>	25
1.8.3 <i>Fræðsla: erindi innanlands og erlendis</i>	28
1.9 SAMSTARFSVERKEFNI.....	31
1.9.1 <i>Innlend samstarfsverkefni á árunum 2012 og 2013</i>	31
1.9.2 <i>Erlend samstarfsverkefni á árunum 2012 og 2013</i>	34
1.9.3 <i>Heimsóknir erlendra og innlendra aðila</i>	35
1.9.4 <i>Fundir Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum</i>	36
2 FÓSTUR.....	37
2.1 FJÖLDI BEIÐNA OG RÁÐSTAFANA Í FÓSTUR.....	37
2.2 FJÖLDI BARNNA Í FÓSTRI.....	38
2.3 ALDURS- OG KYNJAHLUTFALL BARNNA SEM RÁÐSTAFAD VAR Í FÓSTUR.....	39
2.4 FJÖLDI BARNNA SEM SVEITARFÉLÖG RÁÐSTAFNA Í FÓSTUR.....	41
2.5 TVÍSKIPT HLOTVERK BARNVERNDARNEFNDA OG BARNVERNDARSTOFU.....	43
2.6 GÆÐASTAÐLAR.....	43
2.7 UMSÓKNIR UM AÐ GERAST FÓSTURFORELDRAR.....	43
2.8 NÁMSKEIÐ FYRIR FÓSTURFORELDRA.....	44
3 VISTUN OG MEÐFERÐ.....	45
3.1 FJÖLDI UMSÓKNA UM MEÐFERÐ.....	45
3.2 NIÐURSTÖÐUR UMSÓKNA UM MEÐFERÐ.....	46
3.3 NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NIÐURSTÖÐUR UMSÓKNA UM MEÐFERÐ.....	48
3.4 FJÖLDI UMSÓKNA UM MEÐFERÐ EFTIR BÚSETU.....	48
3.5 SAMANBURÐUR Á FJÖLDA UMSÓKNA UM MEÐFERÐ OG VEGNA FÓSTURS Á ÁRUNUM 2009– 2013.....	50
3.6 HLOTFALL UMSÓKNA UM MEÐFERÐ EFTIR ÚRRÆÐUM OG FJÖLSKYLDUGERÐ.....	51
3.7 FJÖLDI BARNNA Í MEÐFERÐ OG Á LOKAÐRI DEILD.....	52
3.8 NÁNARI UPPLÝSINGAR UM FJÖLDA BARNNA Í MEÐFERÐ.....	53
3.9 NÁNARI UPPLÝSINGAR UM FJÖLDA BARNNA OG INNSKRIFTIR Á LOKAÐA DEILD.....	54
3.10 ALDURS- OG KYNJASKIPTING.....	55
3.11 NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ALDURS- OG KYNJAHLUTFÖLL.....	57
3.12 LENGD VISTUNAR/MEÐFERÐAR.....	58
3.12.1 <i>Nánari upplýsingar um lengd vistunar/meðferðar</i>	58
3.13 FJÖLDI RÝMA, NÝTINGARHLUTFALL OG FJÖLDI STÖÐUGILDA.....	59
3.14 STIGSKIPT ÞJÓNUSTA.....	60
3.15 MEÐFERÐ VEGNA ALVARLEGS VÍMUEFNAVANDA OG Í STAÐ AFPLÁNUNAR Í FANGELSI.....	60
3.16 REGLUR OG GÆÐASTAÐLAR.....	61
3.17 YTRA OG INNRA EFTIRLIT.....	61
3.18 VERKLAGSREGLUR, ÞVINGUN OG FARVEGUR KVARTANA.....	62
3.19 FRÆÐSLA OG STARFSÞJÁLFUN.....	63
3.20 ÖNNUR MEÐFERÐAR- OG VISTUNARÚRRÆÐI.....	63

3.20.1	PMTO– FORELDRAFÆRNI	63
3.20.2	VISTHEIMILIÐ AÐ HAMARSKOTI.....	64
3.20.3	SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA VEGNA ÓVIÐEIGANDI KYNHEGÐUNAR.....	64
3.20.4	HÓPMEÐFERÐ FYRIR BÖRN SEM BJUGGU VIÐ OFBELDI Á HEIMILI	65
3.20.5	MEÐFERÐ Í NÆRUMHVERFI Á GRUNNI ART–ÞJÁLFUNAR Á SUÐURLANDI	66
4	BARNAHÚS.....	67
4.1	FJÖLDI BARNA Í BARNAHÚSI	68
4.2	RANNSÓKNARVIÐTÖL.....	69
4.3	GREININGAR– OG MEÐFERÐARVIÐTÖL	71
4.4	BÖRN SEM GREINDU FRÁ KYNFERÐISLEGU OFBELDI Í RANNSÓKNARVIÐTALI	72
4.5	LÆKNISSKOÐANIR	72
5	BARNAVERNDARNEFNDIR	74
5.1	YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL	75
5.1.1.	<i>Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir.....</i>	75
5.1.2.	<i>Yfirlit yfir barnaverndarmál</i>	76
5.1.3	<i>Fjöldi barnaverndarmála eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda.....</i>	77
5.1.4	<i>Aldur og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar</i>	77
5.1.5	<i>Heimilisaðstæður barna</i>	78
5.1.6	<i>Erlendur uppruni barna.....</i>	79
5.2	TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA	79
5.2.1	<i>Fjöldi tilkynninga.....</i>	79
5.2.2	<i>Hver tilkynnir til barnaverndarnefnda?.....</i>	80
5.2.3	<i>Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112.....</i>	82
5.2.4	<i>Ástæður tilkynninga</i>	82
5.3	FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG KÖNNUN MÁLS	85
5.4	ÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA	85
5.4.1	<i>Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili.....</i>	86
5.4.2	<i>Fjöldi ráðstafana utan heimilis.....</i>	86
5.4.3	<i>Börn sem fóru í fóstur samkvæmt ársskýrslum barnaverndarnefnda</i>	87
5.5	ÚRSKURÐIR OG AÐRAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA	88
5.5.1	<i>Forsjársviptingar.....</i>	89
5.6	UMSAGNIR	89
5.7	VISTUNARÚRRÆÐI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR.....	90
VIÐAUKI I.....	91	
YFIRLIT BARNAVERNDARNEFNDA 2013 OG 2012	91	

Yfirlit yfir töflur

TAFLA 1-1 RÁÐSTÖFUNARFJÁRMAGN BARNAVERNDARSTOFU OG STOFNANA Á HENNAR VEGUM (Í ÞÚS. KR.) Á ÁRUNUM 2009–2013	11
TAFLA 1-2 RÁÐGJÖF VEITT BARNAVERNDARNEFNDUM Á ÁRUNUM 2009–2013 (FJÖLDI MÁLA)	15
TAFLA 1-3 RÁÐGJÖF VEITT ÖÐRUM EN BARNAVERNDARNEFNDUM, EFTIR TILFNI, Á ÁRUNUM 2009–2013 (FJÖLDI MÁLA).....	16
TAFLA 1-4 KVARTANIR SEM BÁRUST BARNAVERNDARSTOFU Á ÁRUNUM 2009–2013 (FJÖLDI MÁLA)	18
TAFLA 1-5 SUMARBÚÐIR MEÐ STARFSLEYFI BARNAVERNDARSTOFU Á ÁRUNUM 2009–2013 (FJÖLDI BARNA).....	19
TAFLA 2-1 FÓSTURMÁL – YFIRLIT FYRIR ÁRIN 2009–2013.....	42
TAFLA 3-1 FJÖLDI UMSÓKNA OG NIÐURSTÖÐUR EFTIR ÚRRÆÐUM OG ÁRUM	48
TAFLA 3-2 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA Á ÁRUNUM 2009–2013	52
TAFLA 3-3 FJÖLDI BARNA Í MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2009–2013	54
TAFLA 3-4 FJÖLDI BARNA Á LOKAÐRI DEILD STUÐLA Á ÁRUNUM 2009–2013	55
TAFLA 3-5 FJÖLDI VISTANA Á ÁRUNUM 2007–2011 AÐ VIÐBÆTTU 12 MÁNAÐA TÍMABILI FYRIR FYRSTU VISTUN BARNS 2007	55
TAFLA 3-6 VISTUNARDAGAR BARNA Á ÁRUNUM 2007–2011 AÐ VIÐBÆTTU 12 MÁNAÐA TÍMABILI FYRIR FYRSTU VISTUN BARNS 2007	55
TAFLA 3-7 INNSKRIFTIR EFTIR KYNI OG ALDRI ¹ Á ÁRUNUM 2009–2013	57
TAFLA 3-8 MEÐFERÐARTÍMI Á ÁRUNUM 2009–2013	59
TAFLA 3-9 FJÖLDI RÝMA, NÝTINGARHLUTFALL OG FJÖLDI STÖÐUGILDA Á ÁRUNUM 2009–2013	60
TAFLA 3-10 ÞVINGUNARATVIK Á ÁRUNUM 2009–2013.....	62
TAFLA 4-1 FJÖLDI BARNA SEM KOMU Í BARNAHÚS, SKIPT EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM Á ÁRUNUM 2009–2013.....	68
TAFLA 4-2 RANNSÓKNARVIÐTÖL Á ÁRUNUM 2009–2013	69
TAFLA 4-3 SKÝRSLUTÖKUR FYRIR DÓMI Á ÁRUNUM 2009–2013.....	69
TAFLA 4-4 KÖNNUNARVIÐTÖL Á ÁRUNUM 2009–2013	69
TAFLA 4-5 RANNSÓKNARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR LANDSVÆÐUM ¹ , Á ÁRUNUM 2009–2013	70
TAFLA 4-6 RANNSÓKNARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR KYNI, Á ÁRUNUM 2009–2013	70
TAFLA 4-7 RANNSÓKNARVIÐTÖL Í BARNAHÚSI, SKIPT EFTIR ALDRI, Á ÁRUNUM 2011–2013	70
TAFLA 4-8 GREININGAR– OG MEÐFERÐARVIÐTÖL Á ÁRUNUM 2009–2013	71
TAFLA 4-9 GREININGAR– OG MEÐFERÐARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR LANDSVÆÐUM ¹ , Á ÁRUNUM 2009–2013	71
TAFLA 4-10 GREININGAR– OG MEÐFERÐARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR KYNI, Á ÁRUNUM 2009–2013	71
TAFLA 4-11 GREININGAR– OG MEÐFERÐARVIÐTÖL Í BARNAHÚSI, SKIPT EFTIR ALDRI, Á ÁRUNUM 2011–2013	72
TAFLA 4-12 BÖRN SEM GREINDU FRÁ KYNFERÐISLEGU OFBELDI Í RANNSÓKNARVIÐTALI Á ÁRUNUM 2009–2013	72
TAFLA 4-13 LÆKNISSKOÐANIR Í BARNAHÚSI Á ÁRUNUM 2009–2013	73
TAFLA 4-14 MÁL BARNA YNGRI EN 18 ÁRA Á NEYÐARMÓTTÖKU VEGNA NAUÐGANA Á ÁRUNUM 2009–2013	73
TAFLA 4-15 LÆKNISSKOÐANIR Í BARNAHÚSI, SKIPT EFTIR KYNI OG ALDRI, Á ÁRUNUM 2011–2013.....	73
TAFLA 5-1 FJÖLDI BARNAVERNDARNEFNDA OG STARFSFÓLKIS Á ÁRUNUM 2011– 2013 EFTIR ÍBÚAFJÖLDA Í UMDÆMUM ¹	74
TAFLA 5-2 YFIRLIT YFIR TILKYNNINGAR OG KANNANIR Á ÁRUNUM 2009–2013	75
TAFLA 5-3 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL Á ÁRUNUM 2009–2013	76
TAFLA 5-4 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA ¹ ÁRIN 2011, 2012 OG 2013 EFTIR STÆRÐ UMDÆMA BARNAVERNDARNEFNDA	77
TAFLA 5-5 ALDUR OG KYN BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR Á ÁRUNUM 2009–2013	78
TAFLA 5-6 HEIMILISAÐSTÆÐUR BARNA Á ÁRUNUM 2009–2013	79
TAFLA 5-7 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA Á ÁRUNUM 2009–2013	79
TAFLA 5-8 FJÖLDI TILKYNNINGA Á ÁRUNUM 2009–2013	80
TAFLA 5-9 TILKYNNINGAR ¹ TIL BARNAVERNDARNEFNDA Á ÁRUNUM 2009–2013	81
TAFLA 5-10 TILKYNNINGAR SEM BÁRUST Í GEGNUM NEYÐARLÍNUNA 112 Á ÁRUNUM 2009–2013	82
TAFLA 5-11 HLUTFALL TILKYNNENDA SEM ÓSKA EFTIR NAFNLEYND Á ÁRUNUM 2009–2013	82
TAFLA 5-12 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA Á ÁRUNUM 2010–2013 ¹	83
TAFLA 5-13 FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG HLUTFALL BARNA ÞAR SEM ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HEFJA KÖNNUN Í KJÖLFAR TILKYNNINGAR Á ÁRUNUM 2011–2013.....	85
TAFLA 5-14 NIÐURSTAÐA KÖNNUNAR Á ÁRUNUM 2010–2013	85
TAFLA 5-15 STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA ÁN TÖKU BARNS AF HEIMILI Á ÁRUNUM 2009–2013 ¹	86
TAFLA 5-16 FJÖLDI RÁÐSTAFANA UTAN HEIMILIS Á ÁRUNUM 2009–2013 ¹	87
TAFLA 5-17 BÖRN SEM FÓRU Í FÓSTUR SAMKVÆMT ÁRSSKÝRSLUM BARNAVERNDARNEFNDA Á ÁRUNUM 2009–2013 ¹	88
TAFLA 5-18 FORELDRAR FELA ÖÐRUM DAGLEGA UMÖNNUN OG UPPELDI BARNS Á ÁRUNUM 2009–2013.....	88
TAFLA 5-19 FJÖLDI ÚRSKURÐA OG ÝMSAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA Á ÁRUNUM 2009–2013.....	89

TAFLA 5-20 KRAFA FYRIR DÓMI UM SVIPTINGU FORSJÁR Á ÁRUNUM 2009–2013	89
TAFLA 5-21 UMSAGNIR BARNAVERNDARNEFNDA Á ÁRUNUM 2009–2013	90
TAFLA 0-1 BARNAVERNDARNEFNDIR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2013	92
TAFLA 0-2 BARNAVERNDARNEFNDIR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2012	94

Yfirlit yfir myndir

MYND 1-1 SKIPULAG BARNAVERNDARMÁLA ÁRIN 2013 OG 2012	9
MYND 1-2 SKIPURIT BARNAVERNDARSTOFU	12
MYND 1-3 RÁÐGJÖF VEITT BARNAVERNDARNEFNÐUM OG RÁÐGJÖF VEITT ÖÐRUM Á ÁRUNUM 2008–2012 (FJÖLDI MÁLA).....	14
MYND 1-4 KVARTANIR Á ÁRUNUM 2009–2013	17
MYND 2-1 FJÖLDI BEIÐNA UM FÓSTURHEIMILI Á ÁRUNUM 2009–2013.....	37
MYND 2-2 RÁÐSTAFANIR BARNA Á FÓSTURHEIMILI Á ÁRUNUM 2009–2013	38
MYND 2-3 FJÖLDI BARNA Í FÓSTRI Á ÁRUNUM 2009–2013.....	38
MYND 2-4 ALDURSHLUTFALL BARNA (N=537) SEM RÁÐSTAFAD VAR Í FÓSTUR Á ÁRUNUM 2009–2013.....	39
MYND 2-5 KYNJAHLUTFALL BARNA (N=537) SEM RÁÐSTAFAD VAR Í FÓSTUR OG HLUTFALL RÁÐSTAFANA Í MISMUNANDI TEGUNDUM FÓSTURS Á ÁRUNUM 2009–2013	40
MYND 2-6 FJÖLDI BARNA SEM SVEITARFÉLÖG RÁÐSTAFANA Í FÓSTUR Á ÁRUNUM 2009–2013	41
MYND 2-7 FJÖLDI UMSÓKNA UM AÐ GERAST FÓSTURFORELDRAR Á ÁRUNUM 2009–2013.....	43
MYND 2-8 FJÖLDI UMSÓKNA Á ÁRUNUM 2009–2013 UM AÐ GERAST FÓSTURFORELDRAR EFTIR BÚSETU	44
MYND 3-1 FJÖLDI UMSÓKNA UM MEÐFERÐ OG KYNJAHLUTFALL Á ÁRUNUM 2009–2013	45
MYND 3-2 FJÖLDI UMSÓKNA UM MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2009–2013	46
MYND 3-3 NIÐURSTÖÐUR 897 UMSÓKNA UM MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2009–2013.....	47
MYND 3-4 FJÖLDI UMSÓKNA UM MEÐFERÐ MILLI ÁRA EFTIR ÚRRÆÐUM OG SVEITARFÉLÖGUM Á ÁRUNUM 2009–2013	49
MYND 3-5 SAMANBURÐUR Á FJÖLDA UMSÓKNA UM MEÐFERÐ OG VEGNA FÓSTURS Á ÁRUNUM 2009–2013	50
MYND 3-6 FJÖLSKYLDUGERÐ SAMKVÆMT UMSÓKNUM UM MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2009–2013	51
MYND 3-7 FJÖLDI BARNA Í MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2009–2013	52
MYND 3-8 KOMUR Á LOKAÐA DEILD STUÐLA (NEYÐARVISTUN) Á ÁRUNUM 2009–2013.....	53
MYND 3-9 ALDURSSKIPTING: INNSKRIFUÐ BÖRN Á ÁRUNUM 2009–2013.....	56
MYND 3-10 KYNJAHLUTFALL INNSKRIFTA Á ÁRUNUM 2009–2013.....	56
MYND 3-11 UMSÓKNIR UM SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU FYRIR BÖRN VEGNA ÓVIÐEIGANDI KYNHEGÐUNAR BARNA Á ÁRUNUM 2009–2013	65
MYND 3-12 UMSÓKNIR Á ÁRUNUM 2010–2012 UM HÓPMÆÐFERÐ FYRIR BÖRN SEM BJUGGU VIÐ OFBELDI Á HEIMILI	66
MYND 4-1 FJÖLDI BARNA SEM KOMU Í BARNAHÚS Á ÁRUNUM 2009–2013, SKIPT EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM ¹	68
MYND 5-1 YFIRLIT YFIR TILKYNNINGAR OG KANNANIR Á ÁRUNUM 2009–2013	76
MYND 5-2 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL Á ÁRUNUM 2009–2013	77
MYND 5-3 ALDURSDREIFING BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR Á ÁRUNUM 2009-2013.....	78
MYND 5-4 FJÖLDI TILKYNNINGA Á ÁRUNUM 2009–2013	80
MYND 5-5 TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA Á ÁRUNUM 2009–2013	81
MYND 5-6 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA Á ÁRUNUM 2010–2013	84
MYND 5-7 KYNJASKIPTING VEGNA TILKYNNINGA, FJÖLDA BARNA OG ÁKVÖRÐUNAR UM KÖNNUN MÁLS Á ÁRUNUM 2012 OG 2013	84

Frá forstjóra

Skýrsla sú sem hér er birt tekur til tölulegra upplýsinga úr ársskýrslum barnaverndarnefnda á Íslandi vegna árunna 2012 og 2013 svo og starfsemi Barnaverndarstofu á sama tímabili.

Upplýsingar sem koma fram í ársskýrslum barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu fela í sér mikilvægar vísbendingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma auk þess sem þær geta lagt grunn að því að greina þróun mála frá einum tíma til annars. Í fyrri hluta ársskýrslunnar er fjallað um starfssemi Barnaverndarstofu, en í þeim síðari koma fram upplýsingar frá barnaverndarnefndunum á Íslandi.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda gefur annars vegar hugmynd um umfang þess vanda sem við er að glíma og hins vegar vitundarstig samfélagsins um rétt barna til verndar. Á árinu 2013 fjölgaði tilkynningum um rúmlega 8% frá árinu á undan og voru alls 8.615. Þetta er öndvert við þróun undanfarinna ára ef árið 2009 er undanskilið. Tilkynningum fjölgar mest í Reykjavík eða um 12% , fækkar hins vegar aðeins í nágrenni Reykjavíkur en fjölgaði um tæplega 10% á landsbyggðinni. Fjöldi tilkynninga náði hámarki á árinu 2009, en þá bárust 9.353 tilkynningar til barnaverndarnefnda á Íslandi. Fram til ársins 2012 fækkaði tilkynningum og voru tilkynningar 7.953 á árinu 2012. Munaði þar mestu um fækkun tilkynninga í Reykjavík það árið.

Ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2013 að 36,2% tilkynninga var vegna vanrækslu gagnvart börnum, 26,1% vegna ofbeldis gagnvart börnum, 37,0% vegna áhættuhegðunar barna og loks 0,7% vegna þess að heilsa eða líf ófæddis barns var í hættu. Á síðustu árum hefur orðið hlutfallsleg fækkun tilkynninga vegna áhættuhegðunar barns en fjölgun tilkynninga vegna ofbeldis og vanrækslu barna. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu sem fyrir þó nokkuð hafi dregið úr þeim undanfarin ár í hlutfalli við aðra tilkynnendur.

Oft berast fleiri en ein tilkynning vegna sama barns og því gefur fjöldi barna að baki tilkynningunum annað sjónarhorn við mat á stöðu mála. Alls vörðuðu tilkynningar 4.880 börn á árinu 2013 sem er smávægileg fjölgun frá árinu á undan og svipaður fjöldi og var árið 2011. Algengara er að tilkynningar berist um drengi en stúlkur og enn fremur hefur hlutfall barna yngri en 10 ára aukist síðustu ár.

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar ákveðið er að hefja könnun máls. Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að barnaverndarmálum hefur fjölgað jafnt og þétt, þ.e.a.s. sífellt fleiri tilkynningar leiða til könnunar máls. Mál 69% barna sem tilkynnt var um á árinu 2013 fóru í könnun eða voru opin barnaverndarmál. Þetta hlutfall hefur farið vaxandi á síðustu árum, t.d. var það 60% árið 2011. Getur þetta bent til þess að barnaverndarnefndir hafi meira svigrúm til að kanna mál en áður var og/eða að málin séu nú alvarlegri en fyrr. Heildarfjöldi barnaverndarmála árið 2013 var 4.622 börn sem er fjölgun um 2,5% frá árinu áður.

Innleiðing fjölkerfameðferðarinnar MST í lok árs 2008 hefur breytt miklu í meðferð barna með hegðunarferfiðleika og neysluvanda. Í fyrri ársskýrslum stofunnar hefur verið fjallað um dvínandi eftirspurn eftir stofnanameðferð á síðustu árum og fækkaði umsóknunum enn frekar á árunum 2012 og 2013. Þannig hefur börnum á Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum fækkað í kjölfar aukinnar meðferðar barna í þeirra nærumhverfi. Ugglaut skýrist þessi þróun af aukinni þekkingu fagfólks sem og foreldra á takmörkunum stofnanameðferðar þótt vissulega mæti góðar meðferðarstofnanir best þörfum afmarkaðs hóps barna tímabundið. Börnum sem hafa fengið meðferð í MST hefur fjölgað jafnt og þétt ár frá ári og voru fleiri börn sem fengu meðferð í MST á árunum 2012 og 2013 en á meðferðarheimilum og Stuðlum. Þá hefur komum og einstaklingum á lokaðri deild Stuðla fækkað jafnt og þétt frá árinu 2009. Ekki urðu teljandi breytingar á fjölda fósturráðstafana á árunum 2012 og 2013 þótt heldur hafi dregið úr styrktu fósturi. Alls voru 327 börn í fósturi á árinu 2013, litlu færri en árið 2012 en svipaður fjöldi og árin þar á undan.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl 253 árið 2013, en þau hafa aldrei verið fleiri frá stofnun Barnahúss. Aukning á rannsóknarviðtölum skýrist fyrst og fremst af mjög mikilli fjölmiðlaumfjöllun í upphafi ársins um ítrekuð kynferðisbrot tiltekins brotamanns sem spönnuðu áratugi, en reynslan kennir að opinber umræða um þessi mál leiðir gjarnan til fjölgunar tilvísana í Barnahús. Athyglisvert er að rannsóknarviðtölum fjölgar vegna fjölgunar á skýrslutökum fyrir dómi, en nærri lætur að þær hafi tvöfaldast árið 2013 miðað við árið á undan. Bendir þetta til að Barnahúsið hafi fest sig í sessi sem ákjósanlegur vettvangur fyrir dómara til að fá fram frásögn barns. Börnum sem fengu greiningar- og

meðferðarviðtöl fækkaði nokkuð á árinu 2013 skýrist það af því skyndilega álagi sem varð á starfsfólki vegna skýrslutöku af börnum svo ekki reyndist unnt að sinna þessum þætti eins og best var á kosið.

Á árinu 2013 tóku stjórnvöld ákvörðun um að veita fé til kaupa á nýju húsi fyrir starfsemi Barnahúss og fjölga sérfræðingum til þess að mæta auknu álagi. Jafnframt stendur vilji til þess að starfsemi Barnahúss veiti börnum sem orðið hafa fyrir áföllum af öðru tilefni, t.d. heimilisofbeldi meðferð og stuðning. Segja má að þetta sé kærkomin afmælisgjöf því á árinu 2013 voru 15 ár síðan starfsemin hófst.

Það hefur verið gleðilegt að fylgjast með framrás barnahúsa erlendis. Svíar og Norðmenn hafa fjölgað barnahúsum og eru þau nú í um 30 borgum í Svíþjóð og 10 í Noregi. Á árinu 2013 tóku barnahús til starfa í 5 borgum í Danmörku og samhliða var gerð breyting á barnaverndarlögum sem felur í sér að nú er skylt að taka rannsóknarviðtöl við börn í þeim. Þá hefur Barnaverndarstofa orðið við beiðnum á árunum 2012 og 2013 um að veita liðsinni sitt við að koma á fót barnahúsum í Færeyjum og í Litháen. Loks má geta þess að eitt fyrsta verk Lanzarote nefndar Evrópuráðsins, sem fer með eftirlit með framkvæmd Evrópusamningsins um vernd barna gegn kynferðisofbeldi, var að heimsækja íslenska Barnahúsið vorið 2012. Í kjölfarið kom nefndin á bændingum á framfæri við aðildarríki ráðsins að Barnahús væri ákjósanleg fyrirmynd til að hrinda markmiðum samningsins í framkvæmd.

Bragi Guðbrandsson

Hluti I

1. Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og annast stofan stjórnslu á því sviði sem barnaverndarlögin ná til. Hinn 1. júní 2013 voru átján ár liðin frá stofnun Barnaverndarstofu. Yfirlit yfir skipan barnaverndarmála má sjá á mynd 1.1. Ráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar, en stofan skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum.


Starfsemi Barnaverndarstofu felst í margháttuðum sérhæfðum viðfangsefnum. Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk samkvæmt. XIII. kafla barnaverndarlaga og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði settar á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar samkvæmt. XIII. og XIV. kafla laga þessara. Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum samkvæmt. XII. kafla barnaverndarlaga. Stofan aðstoðar barnaverndarnefndir við val á fósturforeldrum og veitir þeim fjölþætta ráðgjöf á þessu sviði. Auk þess er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa, auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, annast afgreiðslu kvartana vegna starfa þeirra ásamt innheimtu ársskýrslna. Þá veitir stofan barnaverndarnefndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga, ráðgjöf við úrlausn mála og fræðslu um barna- og fjölskylduvernd.

Barnaverndarstofu er ætlað að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings jafnt sem fagfólks. Fræðsluhlutverk sitt rækir stofan með því að miðla upplýsingum á heimasíðu, s.s. handbók fyrir barnaverndarnefndir og verklagsreglum auk þess að halda ráðstefnur, fyrirlestra og sérstök námskeið fyrir barnaverndarnefndir, verðandi fósturforeldra og starfsfólk meðferðarheimila. Ennfremur hefur stofan rannsóknar- og þróunarhlutverki að gegna á sviði barnaverndar, auk þess að sinna erlendum samstarfsverkefnum.

Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum

Barnaverndarstofa vann stefnumarkandi áætlun sína fyrir árin 2011–2014 sem nýttist ráðuneytinu við tillögugerð til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014.



Mynd 1-1 Skipulag barnaverndarmála árin 2013 og 2012

¹ Í upphafi árs 2013 voru meðferðarheimilin þrjú, engar breytingar urðu frá árinu 2012

² Í upphafi árs 2013 voru barnaverndar- og félagsmálanefndir 27, en voru 28 við upphaf árs 2012

1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu

Í *töflu 1–1* kemur fram ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og meðferðarheimila á vegum hennar á tímabilinu 2009–2013. Á árinu 2013 nam kostnaður vegna reksturs einkarekinna meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu tæpum 219 m.kr. sem voru 20,4% af heildarrekstrarkostnaði stofunnar það ár. Árið áður var þetta hlutfall 21,5%. Kostnaður vegna MST fjölkerfameðferðar nam rúmum 120 m.kr. eða 11,3% af rekstrarfé á árinu 2013 en var 11,2% árið áður. Um mitt ár 2013 varð PMTO foreldrafærni hluti af starfssemi Barnaverndarstofu og var kostnaður vegna PMTO á árinu 2013 tæplega 13 m.kr. Kostnaður vegna annarra meðferðarúrræða var rúmlega 65,3 m.kr. eða 6,1% á árinu 2013 miðað við 5% árið 2012. Þarna er meðal annars um að ræða tilraunaverkefni sem Barnaverndarstofa stendur að með Eyjafjarðarsveit, vistheimili í Hamarskoti, sálfræðiþjónusta fyrir börn sem sýnt hafa óviðeigandi kynhegðun og þjónusta fyrir börn sem upplifað hafa heimilisofbeldi. Enn fremur er hér innifalinn kostnaður vegna sérúrræðis vegna öryggisvistunar barns. Rekstrarkostnaður Stuðla, meðferðarstöðvar fyrir unglinga, var rúmlega 250,6 m.kr. eða 23,4% af rekstrarfé á árinu 2013. Kostnaður vegna styrkts fósturs nam rúmum 28,2 m.kr. eða 2,6% af rekstrarfé. Samningi við Landspítala– háskólasjúkrahúss um þjónustu Barna– og unglिंगageðdeildar og bakvaktarþjónustu sérfræðings var sagt upp um mitt ár 2013 og þess í stað samið við SÁÁ og sjálfstætt starfandi barnageðlækni um þjónustuna. Kostnaður vegna þessa nam 20,1 milljón á árinu 2013 eða 1,9% en var árið 2012 3,7% af rekstrarfé. Rekstrarkostnaður Barnaverndarstofu nam rúmlega 219 m.kr. eða tæplega 20,5% af rekstrarfé. Þar af var rekstur Barnahúss rúmlega 49 m.kr. eða 4,6%.

Tafla 1-1 Ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og stofnana á hennar vegum (í þús. kr.) á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Þús.kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall
Yfirstjórn	132.318	14,5	141.440	14,1	157.063	16,0	157.590	15,0	170.483	15,9
Barnahús	39.848	4,4	40.977	4,1	47.624	4,9	43.348	4,1	49.126	4,6
Samtals	172.166	18,8	182.417	18,2	204.687	20,9	200.938	19,1	219.609	20,5
Meðferðarheimilið Geldingalæk ¹	264	0,0	–	–	–	–	–	–	–	–
Meðferðarheimilið Árbót / Berg ²	82.481	9,0	72.920	7,3	–	–	–	–	–	–
Meðferðarheimilið Háholt	88.163	9,6	97.288	9,7	109.502	11,2	123.045	11,7	110.471	10,3
Meðferðarheimilið Laugalandi	111.046	12,2	102.372	10,2	88.170	9,0	103.052	9,8	108.266	10,1
Meðferðarheimilið Hvítárbakka ³	686	0,1	365	0,0	1.211	0,1	–	–	–	–
Meðferðarheimili Götusmiðjunnar ⁴	109.863	12,0	98.535	9,8	–	–	–	–	–	–
Einkarekin meðferðarheimili samtals	392.503	43,0	371.480	37,0	198.883	20,3	226.097	21,5	218.737	20,4
Meðferðarheimilið Lækjarbakki	–	–	67.195	6,7	133.129	13,6	129.466	12,3	134.805	12,6
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins	194.827	21,3	203.946	20,3	218.809	22,3	240.420	22,9	250.653	23,4
Styrkt föstur	25.843	2,8	27.508	2,7	37.379	3,8	44.856	4,3	28.228	2,6
Landspítali– háskólasjúkrahús	34.911	3,8	34.911	3,5	34.911	3,6	38.926	3,7	20.178	1,9
MST–fjölkerfameðferð ⁵	65.548	7,2	91.463	9,1	117.584	12,0	117.832	11,2	120.582	11,3
PMTO–foreldrafærni ⁶	–	–	–	–	–	–	–	–	12.967	1,2
Önnur meðferðarúrræði	28.056	3,1	24.372	2,4	35.826	3,7	52.419	5,0	65.335	6,1
Samtals	349.185	38,2	449.395	44,8	577.638	58,9	623.919	59,4	632.748	59,1
Samtals rekstrarkostnaður	913.854	100,0	1.003.292	100,0	981.208	100,0	1.050.953	100,0	1.071.094	100,0
Stofnkostnaður	13.388	–	7.288	–	–	–	–	–	0	0
Samtals	927.242	–	1.010.580	–	981.208	100,0	1.050.954	100,0	1.071.094	100,0

¹Meðferðarheimilið Geldingalæk hætti starfsemi 1. júní 2008 en í september 2010 tók það aftur til starfa, en þá ríkisrekið.

²Meðferðarheimilið Berg hætti starfsemi 1. september 2008 og Árbót hætti starfsemi 1. júní 2010

³Meðferðarheimilið Hvítárbakka hætti starfsemi 15. febrúar 2008.


⁴Meðferðarheimili Götusmiðjunnar var lokað 25. júní 2010.

⁵MST–fjölkerfameðferð hófst 1. nóvember 2008.

⁶Barnaverndarstofa tók yfir PMTO–foreldrafærni frá 1. júlí 2013

Í lok árs 2013 störfuðu hjá yfirstjórn Barnaverndarstofu alls þrettán starfsmenn í 12,9 stöðugildum. Þeir eru:

Bragi Guðbrandsson	Forstjóri
Bryndís S. Guðmundsdóttir	Umsjón með meðferðarstarfi– meðferðarheimili
Erla S. Jensdóttir	Fjármála og mannauðsstjóri
Guðjón Bjarnason	Umsjón með meðferðarstarfi– Stuðlar, fósturmál
Guðrún Þorleifsdóttir	Ráðgjöf í barnaverndarmálum, lögfræðilegar álitserðir
Halla B. Marteinsdóttir	Ritstjórn ársskýrslu, rannsóknir og upplýsingamál
Halldór G. Hauksson	Sviðsstjóri meðferðar– og fóstursviðs
Hildur Sveinsdóttir	Umsjón og ráðgjöf í fósturmálum, umsjón með Foster Pride
Heiða Björg Pálmadóttir	Ráðgjöf í barnaverndarmálum, lögfræðilegar álitserðir
Ingibjörg A. Snævarr	Skjalastjóri
Páll Ólafsson	Sviðsstjóri ráðgjafar– og fræðsluviðs
Ragna B. Sigursteinsdóttir	Símavarsla og móttaka
Steinn Bergmann	Umsjón með fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum, rannsóknir



Mynd 1-2 Skipurit Barnaverndarstofu

Í lok ársins 2013 störfuðu samtals tíu starfsmenn við MST fjölkerfameðferð í tveimur meðferðarteymum sem samanstanda af einum teymisstjóra og fjórum þerapistum hvort. Þeir eru:

Ingibjörg Markúsdóttir	Teymistjóri
Funi Sigurðsson	Teymistjóri
Guðrún Inga Guðmundsdóttir	Þerapisti
Helga Rúna Péturs	Þerapisti
Hjördís Auður Árnadóttir	Þerapisti
Hrefna Ástþórsdóttir	Þerapisti
Magnús F. Ólafsson	Þerapisti
Marta María Ástbjörnsdóttir	Þerapisti
Snjólaug Birgisdóttir	Þerapisti
Unnur Helga Ólafsdóttir	Þerapisti

Um mitt ár 2012 lét Jódís Bjarnadóttir af störfum sem MST þerapisti og tók Snjólaug Birgisdóttir við starfi Jódísar þann 1. ágúst 2012.

Þann 1. júlí 2013 varð PMTO–foreldrafærni hluti af starfssemi Barnaverndarstofu. Miðstöðin stendur að menntun PMTO meðferðaraðila hér á landi og tryggir áframhaldandi handleiðslu og stuðning fyrir fagfólk þeirra svæða landsins sem innleiða PMTO eftir að meðferðarmenntun er lokið. Starfsmenn PMTO eru þrír í 2,4 stöðugildum:

Anna María Frímansdóttir	Teymisstjóri
Edda Vikar Guðmundsdóttir	Teymisstjóri
Margrét Sigmarsdóttir	Forstöðumaður PMTO–Foreldrafærni

Í lok árs 2013 störfuðu hjá Barnahúsi fimm starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Þeir eru:

Ólöf Ásta Farestveit	Forstöðumaður og sérhæfður rannsakandi
Geirný Sigurðardóttir	Skjalastjóri
Margrét Kristín Magnúsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili
Þorbjörg Sveinsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili
Þóra S. Einarsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili

Á Stuðlum störfuðu við lok árs 2013 alls þrjátíu og fjórir starfsmenn í 27,8 stöðugildum. Á Stuðlum urðu nokkrar mannabreytingar á árinu 2012. Sólveig Ásgrímsdóttir forstöðumaður Stuðla lét af störfum og tók Þórarinn V. Hjaltason sálfræðingur við starfi hennar þann 1. apríl. Nýr sálfræðingur, Anna Kristín Newton, var ráðinn í tengslum við breytingar á meðferðarstarfi Stuðla þann 1. júní.

Á árinu 2010 var sett á stofn nýtt ríkisrekið meðferðarheimili og hlaut það nafnið Lækjarbakki. Það er staðsett á jörðinni Geldingarlæk á Rangárvöllum og forstöðumaður þess frá stofnun er Yngvi Karl Jónsson. Í lok árs 2013 störfuðu þar átján starfsmenn í 16,26 stöðugildum.

1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum almennar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna úrlausna barnaverndarmála. Auk þess veitir Barnaverndarstofa öðrum opinberum aðilum og almenningi ráðgjöf og upplýsingar á sviði barnaverndar. Starfsmenn ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu sinna öðrum fremur þessu verkefni. Aðrir starfsmenn koma einnig að ráðgjöfinni svo sem hvað varðar fósturráðstafanir og starf meðferðarheimila sem fjallað verður um í kafla 2 og 3. Einnig er nokkuð um ráðgjöf til starfsmanna barnaverndarnefnda varðandi skráningu tilkynninga og ársskýrslugerð. Þá sinnir Barnahús sérstaklega ráðgjöf er varðar meint kynferðisbrot gegn börnum. Leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir er í meirihluta tilvika komið á framfæri símleiðis. Ráðgjöf getur jafnframt verið veitt skriflega, með tölvupósti eða á fundum með starfsfólki. Ráðgjöf Barnaverndarstofu vegna starfa barnaverndarnefnda varðar m.a. eftirfarandi þætti:

Upphaf barnaverndarmáls.

Ráðgjöf felst í að veita aðstoð við að skilja og skilgreina hvenær mál telst barnaverndarmál og hvenær ekki. Vandkvæði geta verið við að greina á milli þess hvort um sé að ræða þjónustu við barn og fjölskyldu þess samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða afskipti á grundvelli barnaverndarlaga. Annað dæmi um verkefni í þessum flokki eru atriði tengd tilkynningarskyldu við barnaverndarnefndir en í barnaverndarlögum er að finna þrjár lagagreinar um þetta efni. Til álítaefnis um upphaf máls getur einnig talist réttur tilkynnanda til nafnleyndar svo sem við að skilja hvað í nafnleynd felst, hver á rétt á henni o.s.frv. Við upphaf máls er algengt að leitað sé skilnings á ýmsum verkþáttum sem snerta könnun barnaverndarnefndar, um heimildir, hvar leita megi upplýsinga og hvernig könnun skuli framkvæmd.

Stuðningur og úrræði.

Undir þennan lið falla fjölbreytileg verkefni er varða úrræði barnaverndarnefndar, áætlunargerð þá sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, hvernig árangursríkast sé að leita samstarfs við forsjármenn o.fl.

Málsmeðferð og þvingunarúrræði

Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræða ráðgjöf vegna túlkunar á VIII. kafla barnaverndarlaga, svo sem um hæfi, rannsóknarheimildir barnaverndarnefndar, réttindi barna við málsmeðferð, meðferð úrskurðarmála, neyðarráðstafanir og valdbeitingu.

Hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt öðrum lögum

Hér er um að ræða verkefni sem koma í hlut barnaverndarnefndar og kveðið er á um í öðrum lögum en barnaverndarlögum svo sem barnalögum og ættleiðingarlögum. Í þeim er kveðið á um að leita megi til barnaverndarnefnda um að meta aðstæður barna, hæfni væntanlegra forsjármanna o.fl. Ráðgjöf felur oftast en ekki í sér upplýsingar um það hvernig best sé að standa að slíku mati og hvað í því felst.


Börn í fósturi

Hér er um að ræða ráðgjöf um þær reglur sem í gildi eru um ráðstöfun barns í fóstur, svo sem um val á fósturforeldrum, staðsetningu fósturheimilis, gerð fóstursamninga, umgengni barns við sína nánustu o.fl. Þá leita verðandi fósturforeldrar gjarnan ráðgjafar um það hverjir geti gerst fósturforeldrar, þar á meðal hvernig þeir geti látið meta hæfni sína.

Annað

Til þessa flokks telst ráðgjöf sem er veitt vegna atriða eins og útvistar barna, samstarfs barnaverndarnefnda, leyfisveitinga vegna heimila fyrir börn af ýmsum toga, þ. á m. vegna sumardvalarheimila og sumarbúða.

Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda mála þar sem veitt var ráðgjöf til barnaverndarnefnda og ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum á árunum 2009–2013. Þar sést að ráðgjafarmál veitt barnaverndarnefndum hafa ekki verið fleiri en á árinu 2013, en ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum fjölgaði á árinu 2011, en fækkaði á árunum 2012 og 2013.



Mynd 1-3 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum og ráðgjöf veitt öðrum á árunum 2009–2013 (fjöldi mála)

Tafla 1-2 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum á árunum 2009–2013 (fjöldi mála)

	2009	2010	2011	2012	2013
<u>Allt landið</u>					
Upphaf máls	19	24	32	29	25
Stuðningsúrræði	14	31	64	42	77
Þvingun	8	14	28	9	9
Málsmeðferð	95	100	119	157	145
Börn í fóstri	16	29	35	36	38
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	26	26	14	11	10
Annað	6	20	17	38	36
Samtals	184	244	309	322	340
<u>Reykjavík</u>					
Upphaf máls	0	7	0	0	4
Stuðningsúrræði	0	6	11	4	8
Þvingun	0	1	2	0	0
Málsmeðferð	8	16	8	10	11
Börn í fóstri	1	2	6	1	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	0	0	0	2	2
Annað	0	3	1	1	3
Samtals	9	35	28	18	28
<u>Nágrenni Reykjavíkur¹</u>					
Upphaf máls	2	5	8	8	0
Stuðningsúrræði	2	9	15	6	18
Þvingun	1	1	21	4	1
Málsmeðferð	16	16	22	35	30
Börn í fóstri	0	9	8	5	4
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	3	5	7	2	1
Annað	0	3	1	6	7
Samtals	24	48	82	66	61
<u>Önnur sveitarfélög</u>					
Upphaf máls	17	12	24	21	21
Stuðningsúrræði	12	16	38	32	51
Þvingun	7	12	5	5	8
Málsmeðferð	71	68	89	112	104
Börn í fóstri	15	18	21	30	34
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	23	21	7	7	7
Annað	6	14	15	31	26
Samtals	151	161	199	238	251

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

Tafla 1-3 Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum, eftir tilefni, á árunum 2009–2013 (fjöldi mála)

	2009	2010	2011	2012	2013
<u>Öll mál</u>					
Einstök barnaverndarmál	168	139	237	214	194
Almennt um barnaverndarmál	24	68	70	52	61
Almennt um þjónustu við börn	8	14	31	10	26
Forsjár- og umgengnismál	59	53	58	46	33
Annað	68	39	64	58	56
Samtals	327	313	460	380	370
<u>Opinberir aðilar</u>					
Einstök barnaverndarmál	26	14	34	39	30
Almennt um barnaverndarmál	6	23	31	32	26
Almennt um þjónustu við börn	1	1	14	5	8
Forsjár- og umgengnismál	1	5	1	3	2
Annað	16	16	6	23	0
Samtals	50	59	86	102	66
<u>Foreldrar</u>					
Einstök barnaverndarmál	59	60	93	88	84
Almennt um barnaverndarmál	2	4	8	2	5
Almennt um þjónustu við börn	2	3	5	1	8
Forsjár- og umgengnismál	37	34	39	25	25
Annað	15	5	2	0	3
Samtals	115	106	147	116	125
<u>Aðrir</u>					
Einstök barnaverndarmál	83	65	110	87	80
Almennt um barnaverndarmál	16	41	31	18	30
Almennt um þjónustu við börn	5	10	12	4	10
Forsjár og umgengnismál	21	14	18	18	6
Annað	37	18	56	35	53
Samtals	162	148	227	162	179

Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

Yfirlit ráðgjafarmála annars vegar veitt barnaverndarnefndum og hins vegar öðrum opinberum aðilum og almenningi kemur fram í *tölflu 1–2 og 1–3*.

Í *tölflu 1–2* (ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum) kemur fram sundurliðun eftir eðli mála og stærð sveitarfélaga. Flest ráðgjafarmál varða málsmeðferð. Á árinu 2013 var þessi eini flokkur 42,6% allra ráðgjafarmála veitt barnaverndarnefndum eða 145 mál. Á árinu 2013 voru tæplega 74% ráðgjafarmálanna frá nefndum utan höfuðborgarsvæðisins. Fjölgun ráðgjafarmála til barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013 má m.a. skýra með aukningu í lögfræðilegri ráðgjöf til barnaverndarnefndanna. Tölulegar upplýsingar um ráðgjöf sem veitt er öðrum en barnaverndarnefndum koma fram í *tölflu 1–3* en samkvæmt reglugerð um Barnaverndarstofu skal hún veita almenningi og opinberum aðilum ráðgjöf og fræðslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Felst það einkum í leiðbeiningum varðandi þær skyldur sem hvíla á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum, svo sem tilkynningarskyldu og úrræði til verndar einstökum börnum þegar við á. Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum dróst saman á milli árunna 2011 og 2012 gagnstætt þeirri þróun sem var árin þar á undan, en fjölgaði lítillega á árinu 2013. Erindin voru alls 370 á árinu 2013. Algengast er að leitað sé ráðgjafar Barnaverndarstofu um vinnslu eða meðferð einstakra barnaverndarmála. Á árinu 2013 var það tilefni í rúmlega 52,4% allra erinda. Þá er nokkuð um að aðrir en opinberir aðilar og foreldrar leiti eftir upplýsingum og ráðgjöf varðandi málsmeðferð og úrræði. Þetta eru oftast ættingjar, forsjarlausir foreldrar og nágrennar barna. Árið 2013 voru um 8,9% erinda vegna forsjár- og umgengnisdeilna, þrátt fyrir að Barnaverndarstofa fjalli ekki sérstaklega um þá málaflokka. Á árinu 2013 komu 125 erindi frá foreldrum eða öðrum forsjármönnum barna eða 33,8%.

Nokkuð er um að almenningur sendi inn fyrirspurnir á heimasíðu Barnaverndarstofu. Fyrirspurnum fjölgaði verulega á árinu 2013 en þær voru þá 159 talsins. Á árinu 2012 bárust 18 fyrirspurnir á heimasíðu Barnaverndarstofu, sem var veruleg fækkun frá árinu á undan þegar þær voru 63.

1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu


Í eftirliti Barnaverndarstofu felst annars vegar meðferð kvartana vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis nefnda og hins vegar í eftirliti að eigin frumkvæði. Hver sem er getur komið kvörtun á framfæri við Barnaverndarstofu vegna vinnubragða barnaverndarnefnda og er lögð áhersla á að kvartanir berist skriflega. Þegar Barnaverndarstofu berst kvörtun þá er leitað eftir afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til kvörtunarefnis og upplýsinga aflað um vinnslu og meðferð máls. Barnaverndarstofa metur síðan hvort barnaverndarnefnd hafi fylgt settum lögum við meðferð málsins og sendir aðilum máls og viðkomandi barnaverndarnefnd niðurstöður sínar eftir því sem við á. Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 þarf að kæra stjórnvaldsákvæðanir barnaverndarnefnda til kærunefndar barnaverndarmála eða fara þarf með málin beint fyrir dóm. Barnaverndarstofa fjallar hins vegar um kvartanir vegna verklags og starfsaðferða barnaverndarnefnda.

Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit með störfum barnaverndarnefnda að eigin frumkvæði án þess að erindum þar að lútandi hafi verið beint til stofunnar. Sem dæmi má nefna að Barnaverndarstofa safnar saman ársskýrslum frá öllum barnaverndarnefndum og þær upplýsingar geta kallað á athugun á tilteknum atriðum. Barnaverndarstofa aflar einnig upplýsinga um almenna eða afmarkaða þætti í störfum barnaverndarnefnda eftir því sem tilefni er til. Þá sinnir stofan reglubundnu eftirliti með meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum hennar, en gerð er sérstök grein fyrir því starfi annars staðar í skýrslu þessari.

Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu getur verið margvíslegt. Atriði sem fram koma í ársskýrslum nefnda, umsóknum um meðferðardvöl fyrir börn, fóstursamningum o.fl. geta vakið spurningar sem nauðsynlegt reynist að fá svör við. Opinber umræða um málefni er varða börn eða ábendingar úr ýmsum áttum geta gefið stofunni tilefni til að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir rækja hlutverk sitt á einstökum sviðum. Barnaverndarstofa tekur mál fyrst og fremst til skoðunar að eigin frumkvæði þegar vísbendingar eru um að um geti verið að ræða mál sem varðar almenna framkvæmd á tilteknu sviði, annað hvort hjá ákveðinni nefnd eða hjá barnaverndarnefndum almennt. Einnig hefur Barnaverndarstofa stundum upplýsingar um eða umræða í samfélaginu bendir til þess að málið sé óvenjulegt eða sérstakt eða málið jafnvel fordæmisgefandi og þykir stofunni þá ástæða til þess að taka málið til sérstakrar skoðunar. Þannig getur eftirlit Barnaverndarstofu að eigin frumkvæði beinst að öllum þáttum barnaverndarmála og vinnuaðferðum við framkvæmd þeirra. Það getur ýmist beinst að tiltekinni barnaverndarnefnd eða að þeim öllum.

Tilefni geta einnig gefist til að Barnaverndarstofa sendi fyrirspurnir til opinberra stofnana er lúta að margvíslegum málefnum barna. Venjulega er um að ræða ábendingar um viðfangsefni sem vert er að gefa gaum, hvatningu til aðgerða eða beiðni um upplýsingar.

Á mynd 1–4 er yfirlit yfir kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu á árunum 2009–2013. Þar kemur fram að 42 kvartanir bárust á árinu 2013, en 30 kvartanir bárust á árinu 2012 sem er sami fjöldi og árið á undan.



Mynd 1-4 Kvartanir á árunum 2009–2013

Tölulegar upplýsingar um kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu á árunum 2009–2013 koma fram í töflu 1–4.

Á árinu 2013 bárust 15 mál vegna Barnaverndar Reykjavíkur, 7 mál vegna barnaverndarnefnda í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og 20 mál vegna barnaverndarnefnda í öðrum sveitarfélögum. Flest tilfelli á árunum 2009–2013 vörðudu kvartanir í sambandi við málsmeðferð (sjá skilgreiningu á eðli mála í ráðgjafarhluta).

Tafla 1-4 Kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu á árunum 2009–2013 (fjöldi mála)

	2009	2010	2011	2012	2013
<u>Landið allt</u>					
Upphaf máls	0	7	1	4	2
Stuðningsúrræði	6	8	1	3	5
Þvingun	0	0	0	0	2
Málsmeðferð	18	21	19	18	33
Börn í fóstri	6	9	9	2	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ²	1	2	0	3	0
Samtals	31	47	30	30	42
<u>Reykjavík</u>					
Upphaf máls	0	3	0	3	1
Stuðningsúrræði	3	2	1	0	3
Þvingun	0	0	0	0	1
Málsmeðferð	10	6	7	5	10
Börn í fóstri	1	3	3	0	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ²	1	0	0	1	0
Samtals	15	14	11	9	15
<u>Nágrenni Reykjavíkur¹</u>					
Upphaf máls	0	0	0	1	0
Stuðningsúrræði	2	1	0	3	1
Þvingun	0	0	0	0	0
Málsmeðferð	2	3	2	4	6
Börn í fóstri	1	3	2	0	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ²	0	0	0	1	0
Samtals	5	7	4	9	7
<u>Önnur sveitarfélög</u>					
Upphaf máls	0	4	1	0	1
Stuðningsúrræði	1	5	0	0	1
Þvingun	0	0	0	0	1
Málsmeðferð	6	12	10	9	17
Börn í fóstri	4	3	4	2	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ²	0	2	0	1	0
Samtals	11	26	15	12	20

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

²Þann 1. janúar 2013 tók breyting á barnaverndarlögum nr. 76/2003 gildi. Eftir þá breytingu veita barnaverndarnefndir ekki lengur umsagnir vegna umgengismála. Líklegt er að sú breyting hafi áhrif á þennan flokk – málum fækki sem falla hér undir.

1.4 Starfsleyfi heimila

Samkvæmt reglum nr. 401/1998 er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu. Í reglunum segir að fyrir hverju heimili skuli vera rekstraraðili sem beri ábyrgð á öllu því starfi sem þar fer fram og að leyfisveiting sé m.a. háð ýmsum skilyrðum. Umsóknir eru metnar á grundvelli upplýsinga um hagi umsækjanda, svo sem menntun og starfsreynslu, fjölda starfsfólks og menntun þess, starfstíma heimilis, aldur dvalarbarna, fjölda þeirra og dvalartíma í senn. Einnig skulu liggja fyrir sakavottorð umsækjanda og þess sem veitir heimilinu forstöðu sé hann annar, meðmæli til handa hinum sömu, mat slökkviliðsstjóra á húsnæði, leyfi byggingarnefndar og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk þess er leitað eftir umsögnum barnaverndarnefndar á þeim stað þar sem heimilinu er ætlað að starfa. Þeir aðilar sem ekki hafa haft leyfi áður fá leyfi til eins árs en geta síðan sótt um leyfi til 5 ára.

Í töflu 1–5 er að finna yfirlit yfir sumarbúðir barna sem höfðu leyfi árin 2009–2013. Rekstraraðilar eru annaðhvort félagasamtök eða einkaaðilar. Starfsemi sumarbúða miðast við aldurshópin 7 til 18 ára. Á árinu 2013 voru 15 sumarbúðir starfræktar með leyfi frá Barnaverndarstofu, eitt nýtt leyfi veitt og tvö leyfi endurnýjuð. Á árinu 2012 voru 13 sumarbúðir starfræktar með leyfi frá Barnaverndarstofu og á árinu 2012 voru tvö leyfi endurnýjuð.

Tafla 1-5 Sumarbúðir með starfsleyfi Barnaverndarstofu á árunum 2009–2013 (fjöldi barna)

Nafn heimilis	2009	2010	2011	2012	2013
Arnbjarnarlækur	12	12	12	12	12
Ástjörn í Kelduhverfi	67	67	67	67	67
CISV Alþjóðlegar sumarbúðir	–	48	36	24	48
Holt í Öndarfirði Friðarsetur	20	25	25	25	25
Holt í Öndarfirði– jógasumarbúðir	30	–	–	–	–
KFUM og K Kaldársel við Hafnarfjörð	38	40	40	40	40
KFUM og K við Hólavattn í Eyjafirði	24	24	28	28	28
Kirkjumíðstöð við Eiðavattn	40	40	40	40	40
Landsbjörg, Gufuskálar	28	28	28	28	28
Tónlistarsumarbúðir–Eiðum	15	20	20	–	20
Úlfjótsvatn	55	60	60	60	60
KFUM og K Vatnaskógur	95	98	98	98	98
KFUK Vindáshlíð í Kjós	64	90	90	90	90
Ævintýraland, Borgarfirði	90	90	90	90	90
Ölver í Leirársveit	42	45	45	45	45
Vinasetrið Reykjanesbæ	–	–	–	–	15

Í 84. grein barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skuli hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt til að:

- veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra.
- veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa.

Þegar úrræði á grundvelli þessarar greinar er komið á fót skal barnaverndarnefnd sækja um það til Barnaverndarstofu. Um getur verið að ræða leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd, eða leyfi til að vista barn hjá ákveðinni fjölskyldu í ákveðinn tíma. Í þeim tilvikum er oft um að ræða ættingja, svo sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns eða afa og ömmu.

Á árinu 2013 veitti Barnaverndarstofa barnaverndarnefndum fjögur leyfi og á árinu 2012 fimm leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd. Barnaverndarstofa veitti enn fremur á árinu 2013 níttú leyfi til barnaverndarnefnda um að vista barn hjá fjölskyldu í tiltekinn tíma, en sex leyfum var synjað eða þau dregin til baka. Á árinu 2012 veitti Barnaverndarstofa fimmtú og þrjú leyfi til barnaverndarnefnda um að vista barn hjá fjölskyldu í tiltekinn tíma, en tólf leyfum var synjað eða þau dregin til baka.

1.5 Umsagnir til Alþingis

Barnaverndarstofu berast árlega frumvörp og tillögur til þingsályktunar frá Alþingi þar sem óskað er umsagnar stofunnar.

Árið 2013 veitti Barnaverndarstofa umsagnir um eftirtalin frumvörp og tillögur til þingsályktunar:

- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum í fjölskyldu- og öðrum trúnaðarsamböndum).
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.).
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls).
- Frumvarp til laga um málefni útlendinga (heildarlög, EES-reglur).
- Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning
- Frumvarp til laga um barnaverndarlög (rekstur heimila fyrir börn)
- Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu- heilbrigðisáætlun til ársins 2020
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014
- Tillaga til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar
- Tillaga til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra

Árið 2012 veitti Barnaverndarstofa umsagnir um eftirtalin frumvörp og tillögur til þingsályktunar:

- Frumvarp til laga um barnalög (réttindi barns, forsjá, umgengni o.fl.).
- Frumvarp til almennra hegningarlaga (varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna).
- Frumvarp til laga um málefni innflytjenda.
- Frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun á tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn).
- Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
- Tillaga til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.
- Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun.

1.6 Ársskýrslur og sískráning barnaverndarnefnda

Ársskýrslur barnaverndarnefnda

Innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins er umfangsmikið verkefni Barnaverndarstofu samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð um Barnaverndarstofu. Söfnun slíkra gagna og úrvinnsla tölfraðilegra upplýsinga á grundvelli þeirra gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma og getur gefið tilefni til nánari skoðunar og viðbragða af hálfu Barnaverndarstofu.

Notast er við eyðublað sem hannað var af nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að skilgreina og samræma þau tölfraðilegu gögn sem þörf væri á að safna af þessu tilefni. Eyðublaðið var notað í fyrsta sinn árið 1995 en það hefur síðan verið endurskoðað reglulega í samræmi við ábendingar barnaverndarnefnda. Á eyðublaðinu er m.a. spurt um:

- Fjöldi og ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda.
- Fjöldi barnaverndarmála til umfjöllunar.
- Fjöldi barna og fjölskyldna sem var veitt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga.
- Fjöldi og tegund stuðningsúrræða.
- Fjöldi úrskurða barnaverndarnefnda.
- Fjöldi og tegund fósturráðstafana.

Barnaverndarnefndir landsins skila inn ársskýrslum um störf sín og birtir Barnaverndarstofa lykiltölur frá barnaverndarnefndum á heimasíðu stofunnar um leið og þær liggja fyrir.

Sískráning

Sískráning tilkynninga hófst í byrjun janúar árið 2005. Tilgangurinn með sískráningunni er m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín og þörf fyrir úrræði þegar ávallt er hægt að skoða nýjar tölur um umfang starfsins.

Barnaverndarstofa hefur í kjölfar sískráningarinnar birt skýrslur um störf allra nefnda reglulega á heimasíðu sinni www.bvs.is. Í þeim skýrslum hafa verið birtar ítarlegar upplýsingar um, fjölda tilkynninga, fjölda barna sem tilkynnt hefur verið um, fjölda barna þar sem ákveðið hefur verið að hefja könnun, tilkynnendur og ástæður tilkynninga. Jafnframt eru birtar upplýsingar um fjölda umsókna um meðferð á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu, fjölda beiðna um fóstur (bæði vegna fósturbarna og leyfa til að gerast fósturforeldrar), fjölda mála í Barnahúsi og neyðarvistun Stuðla. Núorðið birtir Barnaverndarstofa samanburðarskýrslur ársfjórðungslega þar sem fyrrgreindar upplýsingar koma fram. Með þessu móti hefur tekist að birta upplýsingar um stöðu málaflokksins á hverjum tíma.

1.7 Rannsóknir og þróunarstarf

Barnaverndarstofa ber að eiga frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Einnig skal stofan eiga samstarf við þá rannsóknaraðila sem sinna slíkum verkefnum innanlands. Hún skal hafa yfirsýn yfir þær rannsóknir á sviði barnaverndarmála sem unnið er að hér á landi og þau verkefni sem unnin eru erlendis og íslendingar taka þátt í. Barnaverndarstofa skal, eftir því sem unnt er, safna upplýsingum um erlendar rannsóknir á sviði barnaverndar.

1.7.1 Rannsóknir

Barnaverndarstofa vann að eftirfarandi rannsóknum á árinu 2013:

Niðurstöður kvartana sem bárust Barnaverndarstofu á árunum 2003–2008

Barnaverndarstofa gaf út skýrslu árið 2013 þar sem teknar voru saman niðurstöður þeirra mála sem stofan tók til skoðunar á grundvelli kvartana á árunum 2003–2008. Á umræddu tímabili bárust 102 kvartanir sem heyrðu efnislega undir valdsvið stofunnar. Gerði Barnaverndarstofa athugasemdir við tæp 60% þeirra eða í 62 málum. Algengustu athugasemdirnar vörðudu skort á að formreglum barnaverndarlaga væri fylgt s.s. að gerðar væru greinargerðir um niðurstöðu könnunar eða áætlanir um meðferð máls, að skráning upplýsinga og gagna var ekki í samræmi við kröfur laga og reglna, mál hefðu tafist um of hjá barnaverndarnefndum og að rannsókn mála hefði ekki verið fullnægjandi. Skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, bvs.is.

Rannsókn á tilkynningum og málsmeðferð um líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi gagnvart börnum á Íslandi sem tilkynnt var til barnaverndaryfirvalda árið 2012

Á árinu 2013 hóf Barnaverndarstofa rannsókn á tilkynningum er varða líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi gagnvart börnum. Markmið rannsóknarinnar er að athuga hvort nýjar verklagsreglur og úrræði hafi bætt málsmeðferð vegna slíkra tilkynninga. Skoðaðar verða allar tilkynningar ársins 2012 þar sem tilkynnt var um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og/eða heimilisofbeldi til barnaverndarnefnda. Um er að ræða 435 tilkynningar um líkamlegt ofbeldi og 438 um heimilisofbeldi á landinu öllu. Notuð verður blönduð rannsóknaraðferð þar sem farið verður yfir málsskjöl barnaverndarnefnda og fylltur út greiningarlykill til að afla meginlegra gagna. Þá verða tekin viðtöl við nokkra foreldra sem valdir verða eftir hentugleika. Niðurstöðurnar verða bornar saman við niðurstöður fyrri rannsóknar sem unnin var vegna tilkynninga til barnaverndarnefnda um líkamlegt ofbeldi árið 2006. Einnig verða skoðaðar heimildir um rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði hér á landi og erlendis. Stefnt er að því að rannsókninni ljúki í desember 2014.

Barnaverndarstofa vann að eftirfarandi rannsóknum á árinu 2012:

Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000–2007

Barnaverndarstofa gerði samning við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd um framkvæmd rannsóknar á afdrifum barna sem dvöldu á meðferðarheimilunum Hvítárþakka, Árbót, Bergi, Laugalandi og Geldingalæk á árunum 2000–2007. Um var að ræða meginlega rannsókn þar sem notast var við símakönnun sem lauk á árinu 2010 auk þess var unnið að skýrslugerð á árinu 2011. Ákveðið var að framkvæma sambærilega könnun meðal barna sem dvöldu á öðrum heimilum Barnaverndarstofu á sama tímabili og var gerður samningur við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd um framkvæmd hennar. Um var að ræða meðferðarheimilin Háholt, Torfastaði, Jökuldal og Götusmiðjuna auk meðferðarstöðvar ríkisins Stuðla. Rannsóknin var gefin út af Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd 2012 og ritstjóri var Elísabet Karlsdóttir.

Sú reynsla sem börn og foreldrar miðla af meðferðarheimilunum má almennt teljast jákvæð en 65% foreldra og 59% barna fannst meðferðin hjálpa þeim mjög vel eða vel að takast á við þann vanda sem barnið glímdi við. 90% barnanna sögðust hafa náð góðu sambandi við að minnsta kosti einn starfsmann meðan á dvölinni stóð. Þátttaka á vinnumarkaði og skólaganga í dag er heldur lakari en meðal jafnaldra en margir þátttakenda í könnuninni glímdu við alvarlegan náms- og skólavanda í grunnskóla sem var hluti þess hegðunarvanda sem leiddi til vistunar á stofnun. Aðeins tæpur fjórðungur eða 23% nutu eftirmeðferðar eða skipulagðrar eftirfylgdar í kjölfar vistunar á meðferðarheimili. Tæpur helmingur hefur leitað sér aðstoðar vegna áfengis- og vímuefnavanda eftir að meðferð lauk og rúmur helmingur vegna tilfinningalegra og geðrænna erfiðleika. Um 41% drengja og 18% stúlkna segjast hafa setið í gæsluvarðhaldi eða

fangelsi sem er mjög há tala og því líklegt að hér hafi svarendur einnig vísað í fleiri tegundir lögregluafskipta, svo sem handtökur. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is.

Niðurstöður viðhorfskannana á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu 2002–2010.

Sem liður í innra eftirliti Barnaverndarstofu eru reglulega lagðar viðhorfskannanir fyrir börn sem eru vistuð á meðferðarheimilum stofunnar. Barnaverndarstofa lét taka saman niðurstöður 611 viðhorfskannana sem 287 börn svöruðu á árunum 2002–2010. Börnin dvöldu á meðferðarheimilunum Árbót, Bergi, Geldingalæk, Götusmiðjunni, Háholti, Hvítárbakka, Laugalandi og Torfastöðum. Hér má því heyra raddir barnanna sjálfra á meðan þau voru vistuð, þ.e. hvernig þau mátu líðan sína, framfarir og ýmsa þætti er snéru að aðbúnaði þeirra og aðstoðinni sem þeim stóð til boða á viðkomandi heimili. Við lestur þessarar skýrslu þarf að gæta að því að meðferðarheimilin voru að ýmsu leyti ekki sambærileg og var ætlað að vinna með ólíkan vanda barna, sitthvort kynið, mismunandi aldur og mismunandi forsendur vistunar. Í viðhorfskönnunum var gefin einkunn frá 1 upp í 10 þar sem 1 er lægsta einkunn og 10 er hæsta einkunn. Almenn líðan barns virtist lakari hjá yngri börnum og þá sérstaklega stúlkum 14 ára og yngri. Skólinn fékk almennt góða einkunn og átti það einnig við um aðstoðina sem veitt var, matinn, tómstundir og ráðgjöf. Líðan barnanna í krakkahópnum virðist einnig almennt hafa verið góð en nokkur munur var á því hvernig börnin mátu sinn eigin árangur í meðferðinni. Rannsóknin var unnin af Bryndísi S. Guðmundsdóttur MA í kennslufræðum og Ragnari Karli Jóhannssyni MS í mannaússtjórnun. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is.

Könnun á styrktu fóstri

Barnaverndarstofa gerði könnun á stöðu barna í styrktu fóstri á árinu 2012. Hrönn Smáradóttir vann könnunina fyrir Barnaverndarstofu. Könnunin náði til 30 ráðstafana á 28 börnum sem voru í styrktu fóstri á árinu 2011 og fólst í því að skoða gögn og ræða við fósturfóreltra. Helstu niðurstöður úr könnuninni má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is.

Greining gagna í Barnahúsi á þróun og tengsl breytna er varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi

Í júní 2012 gerði Barnaverndarstofa samning við Unicef á Íslandi um greiningu gagna Barnahúss á þróun og tengsl breytna er varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að sjá þróun og tengsl tiltekinna breytna hjá börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misneytingu eða kynferðislegu ofbeldi og koma í Barnahús í lækni- og viðtal og/eða meðferð. Verkinu lauk á árinu 2012.

Ættingjafóstur undirbúningur/þjálfun, handleiðsla og eftirfylgni

Á árinu 2013 kom út skýrsla sem gerð var á vegum NOFCA (Nordic Foster Care Association). NOFCA samanstendur af samtökum fósturfóreltra, yfirvöldum og öðrum samtökum á Norðurlöndunum sem koma að málefnum fósturráðstafana á einn eða annan hátt. Verkefnið er styrkt af Nordplus Voksen. Skýrslan kynnir niðurstöður verkefnisins „Fosterhjem fra barnets slekt i de nordiske land – tilbud og behove for oplæring“. Verkefninu var ætlað að safna upplýsingum frá öllum Norðurlöndunum um hvernig staðið er að þjálfun, handleiðslu og eftirfylgni fyrir þá sem eru með börn ættingja í fóstri. Soffía Ellertsdóttir fósturfóreltri, Foster Pride leiðbeinandi og nemi í sálfræði við Háskóla Íslands vann íslenska hluta rannsóknarinnar. Barnaverndarstofa útvegaði nöfn fósturfóreltra sem tóku börn ættingja í fóstur hér á landi á tímabilinu 2006–2011. Fyrsti hluti skýrslunnar fjallar um lög, reglugerðir, þjálfun og handleiðslu fósturfóreltra sem eru til staðar á öllum Norðurlöndunum en 12–33 % allra fósturbarna á Norðurlöndunum búa hjá ættingjum. Í skýrslunni er að finna niðurstöður viðtala sem tekin voru árið 2012 við 58 fósturfóreltra sem voru með börn ættingja í fóstri á öllum Norðurlöndunum. Fram koma ábendingar um hvernig bæta má þjálfun, handleiðslu og stuðning til fósturfóreltra sem eru með börn ættingja í fóstri. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu [bvs.is](http://www.bvs.is).

Könnun meðal félagsráðgjafa og ráðgjafa Barnaverndar Reykjavíkur

Velferðarvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir því við Barnaverndarstofu á árinu 2011 að almennt og óháð úttekt á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur yrði gerð. Í úttektinni yrði lögð sérstök áhersla á að meta hvort aukin framlög til þjónustunnar og aðrar úrbætur sem gerðar höfðu verið árin á undan væru nægjanlegar til að koma til móts við þjónustuþarfir barna sem fá þjónustu hjá Barnavernd Reykjavíkur. Barnaverndarstofa leitaði til Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands og var skýrslan unnin af Steinunni Hrafnisdóttur og kom út í desember 2012.

Rannsóknir nema í samstarfi við Barnaverndarstofu 2012 og 2013, frekari upplýsingar um rannsóknirnar má finna á heimasíðu stofunnar [bvs.is](http://www.bvs.is).

Áhrif bakgrunnsbreyta á frásögn barna af kynferðisofbeldi. Hvað tefur frásögn barna af kynferðisofbeldi

Gunnhildur Gunnarsdóttir nemi í sálfræði skilaði á árinu 2013 lokaverkefni við Háskóla Íslands sem unnið var í samvinnu við Barnahús. Í rannsókninni voru skoðaðar einstaklingsbreytur sem skráðar eru í gagnagrunn Barnahúss hjá þeim börnum sem komu í viðtal í Barnahús á árunum 2006 til 2011 vegna gruns um að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi. Skoðaðar voru mögulegar áhrifabreytur á töf á frásögn barns af kynferðisofbeldi og kannað hvort munur væri á breytunum; aldri, kyni, þjóðerni, geð/þroskagreiningu, tengsl við geranda og alvarleikastig út frá því hversu lengi barn var að greina frá kynferðisofbeldi. Af öllum þeim börnum sem komu í Barnahús á þessu tímabili (n=1683) þá greindu

51% frá kynferðisofbeldi. Um 57,5% barna sem greina frá kynferðisofbeldi höfðu ekki greint frá ofbeldinu þegar ár var liðið frá broti. Flest börn sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi greindu fyrst frá því við einhvern innan fjölskyldu sinnar. Um 22% barna drógu framburð sinn um kynferðisofbeldi til baka. Því tengdara sem barn var geranda því lengri varð töfin á frásögn þess af kynferðisofbeldi. Börn sem höfðu verið á aldrinum 8–12 ára við fyrsta kynferðisbrot greindu síðar frá kynferðisofbeldinu en börn sem höfðu verið á aldrinum 13–19 ára við fyrsta brot. Alvarleikastig brots virtist ekki hafa áhrif á lengd tafar á frásögn af kynferðisofbeldi. Stúlkur, börn af íslenskum uppruna og börn með geð/þroskagreiningu voru almennt lengur að greina frá kynferðisofbeldi en drengir, börn af erlendum uppruna og börn án geð/þroskagreiningar. Mikilvægt er að reyna að bera kennsl á þá þætti sem geta haft áhrif á töf á frásögn barns af kynferðisofbeldi. Þegar barn greinir ekki strax frá því kynferðisofbeldi sem það var beitt á það á hættu að verða fyrir auknu ofbeldi og önnur börn eru einnig í hættu.

Læknisskoðanir í Barnahúsi vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn stúlkum 2001–2010

Margrét Edda Örnólfsdóttir nemi í læknisfræði skilaði á árinu 2012 lokaverkefni við Háskóla Íslands sem unnið var í samvinnu við Barnahús. Rannsóknin var afturskyggn og lýsandi fyrir árin 2001–2010 og tók til fjölda læknisskoðana í Barnahúsi og gagna á Landspítala. Upplýsingum var safnað úr læknafréttum og matsblöðum, þ.m.t. um aldur skoðaðra barna og kyn, biðtíma frá tilvísun að skoðun og skráðar niðurstöður skoðunar. Fjöldi læknisskoðana var 245 hjá 237 börnum (220 stúlkum og 17 drengjum). Skoðanir voru flestar eðlilegar (85%) en 12% stúlkna báru ummerki sem hugsanlega tengdust kynferðisofbeldi en þýðing 4% lýstra frábrigða var óljós/umdeild. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að samræmi skorti milli skráninga læknisskoðana í Barnahúsi og á Landspítala. Þörf sé á endurmati á aðferðum og verkferlum sem beitt er við læknisskoðanir vegna gruns um kynferðisofbeldi, bæði fyrir valkvæmar og bráðar skoðanir.

The examination of debriefings of alleged child sexual abuse in Iceland against children between the ages of 3½–11 years./Rannsókn á skýrslum vegna gruns um kynferðisofbeldi á Íslandi gagnvart börnum á aldrinum 3 1/2–11 ára.

Hulda Jónsdóttir Tölgyes nemi í sálfræði skilaði á árinu 2012 lokaverkefni við Háskóla Reykjavíkur sem unnið var í samvinnu við Barnahús. Markmið rannsóknarinnar var að athuga hugsanleg innbyrðis tengsl milli kyns barna annars vegar og aldurs þeirra hins vegar við þætti eins og fjölskyldustöðu, búsetu, hver tilkynnti um meint kynferðislegt ofbeldi, kyn meints geranda, samband barns við meintan geranda og alvarleikastig meints brots. Í rannsókninni var unnið með upplýsingar úr öllum skýrslutökum sem fóru fram í Barnahúsi á árunum 1998–2011. Niðurstöður rannsóknarinnar studdu við niðurstöður annarra rannsókna varðandi það að stúlkur væru í meirihluta sem meintir þolendur, flestar skýrslutökur væru vegna mála barna 6 ára og eldri og að fjölskyldumeðlimir væru oftast gerendur en vinir, félagar, aðrir ábyrgðaraðilar eða ókunnugir. Þar að auki sýndu niðurstöður að börn sem bjuggu með einstæðri móður eða móður og stjúpforeldri voru í miklum meirihluta.

1.7.2 Þróunarverkefni

Eftirfarandi þróunarverkefni voru unnin á árunum 2012 og 2013:

Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi

Á árunum 2012 og 2013 starfrækti Barnaverndarstofa tilraunaverkefni í samstarfi við barnaverndarnefndir og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu. Um var að ræða þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi sem fór af stað þann 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) kallaði út sérfræðing verkefnisins í þeim tilvikum sem lögregla fór í útkall vegna heimilisofbeldis og börn voru á staðnum. Markmið með slíku tilraunaverkefni er fyrst og fremst að leggja mat á líðan, hugsanir og óskir barnanna með það fyrir augum að veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning. Úrræðið náði til 296 barna og var í flestum tilfellum eða 216 komið til vegna aðkomu sérfræðings að málum þeirra í tengslum við útköll lögreglu á heimilið. Var 71 barni veitt meðferð í kjölfarið. Starfsfólk barnaverndarnefnda vísaði 80 börnum í meðferð hjá sérfræðingi og nýttu foreldrar 49 þeirra sér tilboð um meðferð fyrir börn sín. Skýrslu um verkefnið má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu bvs.is.

Gróska

Barnaverndarstofa gerði samning við Forsvar ehf á árinu 2010 um sérstakar viðbætur á Grósku, upplýsingakerfi í almennri og sértækri félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið fólst í því að gera breytingar á Grósku svo að kerfið geti mætt þörfum Barnaverndarstofu um skráningu upplýsinga hjá sveitarfélögum. Markmið Barnaverndarstofu með samningnum var að bjóða sveitarfélögum upp á aðgengilegt skráningarkerfi sem auðveldi skráningu og skil barnaverndarnefnda á tölulegum upplýsingum sem jafnframt stuðlar að áreiðanlegri skráningum. Á árinu 2012 var unnið að þróun kerfisins sem reyndist mun umfangsmeira en talið var í fyrstu þar sem í ljós kom að ekki var hægt að nýta Grósku heldur þurfti að búa til nýtt skráningarkerfi frá grunni. Samstarfinu lauk á árinu 2013 með gerð fyrstu útgáfu skráningarkerfisins sem var kynnt fulltrúum barnaverndarnefnda.

1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf

Eitt af verkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar er að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna og fjölskyldna þeirra, auk menntastofnana þar sem nám á sviði barnaverndar fer fram. Barnaverndarstofa birtir árlega ársskýrslu með tölulegum upplýsingum um barnavernd.

Heimasíða

Í desember 2012 opnaði Barnaverndarstofa nýja heimasíðu. Á heimasíðunni eru upplýsingar um hlutverk Barnaverndarstofu, starfsmenn stofunnar, lög og reglugerðir sem starfað er eftir, yfirlit yfir fræðslu- og ráðgjafarverkefni og fóstmál. Þar er einnig að finna lista yfir allar barnaverndarnefndir landsins með nöfnum nefndarmanna og félagsmálastjóra þar sem það á við. Upplýsingar um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla, og þau meðferðarheimili sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu, upplýsingar um starfsemi Barnahúss og fjölkerfameðferðina MST. Einnig er þar fréttasíða þar sem greint er frá málstofum sem haldnar eru á Barnaverndarstofu, námskeiðum, ráðstefnum og öðru sem telst frétt næmt. Þar er einnig að finna útgefið efni Barnaverndarstofu og tölulegar upplýsingar um barnavernd. Loks má nefna að almenningur getur beint fyrirspurnum til starfsmanna Barnaverndarstofu af heimasíðunni. Heimasíðu Barnaverndarstofu er ætlað að sinna upplýsinga- og fræðsluhlutverki gagnvart almenningi og starfsmönnum barnaverndarnefnda. Slóð heimasíðunnar er www.bvs.is.

Handbók barnaverndarnefnda

Barnaverndarstofa gefur út handbók fyrir barnaverndarnefndir sem ætluð er fagfólki og nefndarmönnum. Í handbókinni eru kynntar reglur og starfsaðferðir sem gilda um barnaverndarstarf, stofnanir barnaverndaryfirvalda, málsmeðferð, fósturráðstafanir og fleiri atriði. Handbókinni er ennfremur ætlað að leiðbeina um vinnslu barnaverndarmála. Hún er uppfærð reglulega, svo sem þegar breytingar verða á löggjöf eða skipulagi. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu Barnaverndarstofu bvs.is.

Bókasafn

Bækur, tímarit, myndbönd, hljóðsnældur og annað útgefið efni í eigu Barnaverndarstofu er tölvuskráð í sérstakt bókasafnsforrit og er bókasafnið einkum ætlað starfsmönnum og samstarfsmönnum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að kaupa vandað og fjölbreytt efni á sem flestum sviðum barnaverndarmála. Í bókasafninu eru nú skráðir rúmlega 1.900 titlar. Auk bóka hefur verið byggður upp safnkostur innlendra og erlendra tímarita á sviði barnaverndarmála. Stofunni berst fjöldi ársrita og ársskýrslna stofnana sem vinna að velferðarmálum. Barnaverndarstofa kaupir einnig reglulega sérúnið fjölmiðlaefni um barnavernd.

1.8.1 Málstofur

Á árinu 2013 var ákveðið að hætta mánaðarlegum málstofum um barnavernd sem höfðu verið í samstarfi við Barnavernd Reykjavíkur, félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og fleiri. Þess í stað var ákveðið að halda fræðslu- og umræðudag fyrir starfsfólk barnaverndarnefnda einu sinni að vori og hausti. Fyrsti fræðslu- og umræðudagurinn fyrir starfsfólk barnaverndarnefnda á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur, félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd var haldinn þann 19. apríl 2013 á Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift fundarins var Fjölménning og barnavernd – nýjar áskoranir.

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Barnaverndarstofu á árinu 2012:

- *Kynning á tveimur MA rannsóknum á félagslegri stöðu og viðhorfum ungs fólks sem fengu þjónustu barnaverndar Kópavogs*
Guðbjörg Gréta Steinsdóttir og Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir MA namar í félagsráðgjöf, 27. febrúar
- *Kynning á tveimur MA rannsóknum um beitingu úrræðanna tilsjón og stuðningsfjölskylda í barnaverndarstarfi*
Anna Ingibjörg Opp og Margrét Þórarinsdóttir MA namar í félagsráðgjöf, 26. mars
- *Tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis – staðan eftir sex mánaða reynslutíma*
Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi MA, 23. apríl
- *Vistheimili barna Laugarásvegi – tækifæri og áskoranir til framtíðar*
Sigrún Óskarsdóttir forstöðumaður, Harpa Guðný Hafberg BA í sálfræði og Guðrún Hafliðadóttir BA í sálfræði, 21. maí
- *Að læra af reynslunni – Úttekt á niðurstöðum kvartana til Barnaverndarstofu á árunum 2003–2008*
Heiða Björg Pálmadóttir lögfræðingur, 24. september

- *Könnun barnaverndarmáls. Áhrif ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins á löggjöf, reglur og málsmeðferð við könnun máls*
Guðrún Þorleifsdóttir lögfræðingur, 29. Október
- *Börnum rétt hjálparhönd – rannsókn á aðgerðum barnaverndar vegna neysluvanda foreldra. Kynning á rannsókn á vegum Velferðarráðuneytisins*
Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur og Kristný Steingrímsdóttir félagsráðgjafi, 12. nóvember
- *Hvernig nýtist PMT aðferðafræðin í barnaverndarstarfi*
Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur og Þuríður Sigurðardóttir félagsráðgjafi, 26. nóvember

1.8.2 Ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar

2013

Starfsdagur með félagsmálastjórum

Starfsdagur Barnaverndarstofu með félagsmálastjórum og yfirmönnum barnaverndarstarfs á vegum barnaverndarnefnda var haldinn þann 5. apríl 2013 í fundarsal Barnaverndarstofu og mættu alls 33 félagsmálastjórar og starfsmenn frá 24 barnaverndarnefndum. Á fundinum flutti forstjóri erindið „Barnavernd undanfarið og framundan“. Þá fjölluðu lögfræðingar Barnaverndarstofu um athugun Barnaverndarstofu á barnaverndarmálum samkvæmt 8. gr. bvl. og ráðstafanir á grundvelli 31. gr. bvl. Þá fjölluðu Halldór Hauksson sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu,

Rannveig Einarsdóttir félagsmálastjóri í Hafnarfirði, Helga Jóna Sveinsdóttir deildarstjóri fósturteymis Barnaverndar Reykjavíkur og Anna Eygló Karlsdóttir yfirmaður barnaverndar í Kópavogi um vistun barna og unglunga með fjölþættan vanda. Einnig voru kynntar niðurstöður fyrirspurna í kjölfar umræðna á starfsdegi árið á undan um flutning mála milli barnaverndarnefnda og um skýrslutökur barna 15 ára og eldri.

Málþing um árangur af stuðningsúrræðum fyrir börn, unglunga og foreldra þeirra

Málþing Ís-Forsa var haldið þann 14. maí í samstarfi við Barnaverndarstofu og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. Yfirskrift málþingsins var: Árangur af stuðningsúrræðum fyrir börn, unglunga og foreldra þeirra Margrét Sigmarsdóttir sagði frá árangri af innleiðingu PMT–FORELDRAFÆRNI hér á landi, Zulima Gabriela Sigurðardóttir ræddi um árangur af heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun í grunnskólum í Reykjanesbæ og Halldór Hauksson fjallaði um afdrif barna og árangur meðferðarstarfs á vegum Barnaverndarstofu.

Vinnustofa um stuðning við seinfæra foreldra

Barnaverndarstofa stóð fyrir vinnustofu með dr. Maurice Feldman prófessor í sálfræði, dagana 24 og 28 maí í fundarsal Barnaverndarstofu í samstarfi við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. Vinnustofunni var ætlað að þjálfa þátttakendur í að nota efni og gátlista sem dr. Feldman hefur þróað. Vinnustofan var eftirfylgd við námskeið sem haldið var dagana 30–31 maí 2012 í samstarfi við rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd. Leiðbeinandi námskeiðsins var dr. Feldman en hann hefur þróað stuðningsaðferðir, gátlista og styrkleikamiðaðar matsaðferðir fyrir fagfólk á þessu sviði. Hanna Björg Sigurjónsdóttir lektor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands skipulagði námskeiðið og leiðbeindi ásamt dr. Feldman.

Hvernig á að bregðast við óviðeigandi kynhegðun barna og unglunga?

David Prescott, klínískur félagsráðgjafi (LICSW), hélt fyrirlestur á fræðslufundi Barnaverndarstofu fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda og samstarfsaðila Barnaverndarstofu föstudaginn 30. ágúst. Prescott hefur áratuga reynslu í meðferð unglunga og fjölskyldna, sérstaklega þeirra unglunga sem sýna óviðeigandi kynhegðun og beita aðra kynferðislegu ofbeldi. Hann starfar sem forstöðumaður fag- og gæðaþróunar hjá Becket Family of Services í New England í Bandaríkjunum. Í fyrirlestrinum fjallaði Prescott um hversu meðferðarþörf unglunga er frábrugðin þörfum fullorðinna. Mikilvægt sé að meta og greina vanda hvers barns og veita meðferð þar sem stutt er við barnið í nærumhverfi með þátttöku foreldra og fjölskyldu. Prescott vísaði í niðurstöður rannsókna og aðferðir áhugahvetjandi samtals (motivational interviewing) um að verkefni meðferðaraðilans sé að leiðbeina og vekja áhuga og von barnsins til að breyta hegðun sinni til framtíðar. Þess má geta að frá árinu 2009 hefur á vegum Barnaverndarstofu verið starfrækt sérhæft meðferðarteymi sálfræðinga sem veita börnum og unglungum sem sýna óviðeigandi kynhegðun meðferð af þeirri tegund sem Prescott fjallar um.

Námsstefna um snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur

Í Norræna húsinu þann 8. október var haldin námsstefna á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (Nordens velferðscenter) í samvinnu við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF), Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Barnaverndarstofu, Velferðarráðuneytið og Ís-Forsa. Fjallað var um norrænar niðurstöður og var námsstefnan ætluð fyrir fagfólk á vettvangi, rannsakendur, stjórnendur og aðila innan velferðarþjónustu.

Niðurstöður verkefnisins Snemmtæk íhlutun fyrir fjölskyldur hafa verið gefnar út á öllum norðurlandamálum, þ.m.t. íslensku og þær má nálgast á slóðinni <http://www.nordicwelfare.org/Publications/Inspirationshefter/Nordens-Barn-Tidiga-insatser-for-familjer/>.

Kynning á ESTER matsverkfæri fyrir starfsfólk barnaverndar

Á námsstefnunni um snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur flutti Henrik Andershed erindið "Evidence-based risk and protective factors and how they can be used in practice". Hann er annar af höfundum ESTER matsverkfærisins sem er notað víða á norðurlöndunum. ESTER er skammstöfun fyrir "Evidensbaserad STrukturerad bEdömning av Risk och skyddsfaktorer" eða á íslensku „Gagnreynt, Staðlað Mat á Áhættu- og Verndandi þáttum". Þann 9. október kynnti Henrik Andershed fyrir starfsfólki Barnaverndarstofu og starfsfólki í barnavernd hvernig ESTER matsverkfærið nýtist í barnavernd í fundarsal Barnaverndarstofu.

2012

Samstarf við Þroskaþjálfafélag Íslands um ráðstefnu

Ráðstefnan „Er barnalýðræði á Íslandi?“ var haldin af Þroskaþjálfafélagi Íslands í samvinnu við Barnaverndarstofu og fleiri aðila þann 26. janúar á Grand Hótel Reykjavík. Þar var m.a. fjallað um réttindi barna út frá ýmsum sjónarhornum og tveir fulltrúar Barnaverndarstofu héldu erindi á ráðstefnunni.

Starfsdagur með félagsmálastjórum 2012

Hinn árvissi starfsdagur Barnaverndarstofu með félagsmálastjórum og yfirmönnum barnaverndarstarfs á vegum barnaverndarnefnda var haldinn föstudaginn 23. mars 2012. Fundurinn var haldinn í í húsnæði Golfklúbbsins Odds við Urriðavöll og mættu alls 36 félagsmálastjórar og starfsmenn frá 24 barnaverndarnefndum. Á fundinum var m.a. farið yfir framkvæmd breytinga á barnaverndarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2013, fjallað var um framkvæmdaáætlun ríkisins í barnaverndarmálum og farið var yfir breytingar í meðferðarstarfi á vegum Barnaverndarstofu. Einnig var rætt um tækifæri og áskoranir í daglegu starfi barnaverndarinnar og nýtt úrræði hjá Barnavernd Kópavogs, Áttanstuðningur við foreldrafærni var kynnt. Fjallað var um málefni fatlaðra barna sem þurfa fóstur eða sérhæfð vistunarúrræði og um flutning mála á milli umdæma barnaverndarnefnda.

Námsstefna um mikilvægi heilbrigðra frumtengsla

Dagana 2. og 3. maí var haldin námsstefna undir yfirskriftinni „Foreldrar í vanda – börn í vanda. Heilbrigð frumtengsl – forsenda lífshæfni.“ Að henni stóðu auk Barnaverndarstofu, Þerapeía og Miðstöð foreldra og barna. Námsstefnan var haldin í fyrirlestarsal Þjóðminjasafnsins og sóttu hana um 60 þátttakendur. Geir Gunnlaugsson landlæknir setti námsstefnuna en fyrirlesarar voru þær Dr. Kari Killén félagsráðgjafi (prófessor emeritus, yfirm. rannsóknarstarfs NOVA (Norwegian Institute of Social Research) í Osló) og Dr. May Olofsson læknir (yfirlæknir Fjölskylduþjónustu (Familieambulatorium) Hvidovre sjúkrahússins og Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn). Báðar eru þær þekktar á alþjóðavettvangi fyrir framlag sitt og rannsóknir.

Kari Killén fjallaði m.a. um mikilvægi traustra frumtengsla og um afleiðingar af tilfinningalegri vanrækslu og annarri slæmri meðferð ungbarna. Ennfremur undirstrikaði hún mikilvægi réttar greiningar svo snemma er verða má; fjallaði um leiðir og úrræði til úrbóta, margháttada forvarnavinnu og meðferð í því skyni að rjúfa hina óheillavænlegu keðjuverkun. Hún er höfundur margra fræðiritra og bóka um þessi efni. May Olofsson fjallaði um hættuna á skaðlegum áhrifum neyslu verðandi mæðra á fóstrið, einkum á þroska heilans og miðtaugakerfisins. Ennfremur um meðferð fráhrarfseinkenna barna strax eftir fæðingu og aðrar nauðsynlegar forvarnir og meðferð mæðra og barna til að lágmarka líkur á varanlegum afleiðingum – sem fyrst á meðgönguskeiði. May Olofsson hefur unnið náið með danska Velferðarráðuneytinu, sem fyrir nokkrum árum veitti henni fjárstyrk til að móta og byggja upp sérhæfða þjónustu í þessu skyni. Eftir hana liggja bækur og fjöldi fræðigreina um þessi málefni.

Ráðstefna um skóla og barnavernd

Þann 29. maí stóð Barnaverndarstofa að ráðstefnu um skóla og barnavernd í samstarfi við Skólastjórafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök félagsmálastjóra, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Barnavernd Reykjavíkur. Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel Reykjavík og voru 130 þátttakendur á staðnum en einnig voru um 70 þátttakendur á 10 stöðum víðsvegar um landið sem fylgdust með útsendingu í gegnum streymi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti styrk til að tryggja útsendinguna. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra setti ráðstefnuna og fjallaði hún um mikilvægi þessa málefns en ráðstefnan er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu tók við að loknu erindi ráðherra og ræddi um réttindi barna og skyldur samfélagsins gagnvart þeim. Kynnti hann aðalfyrirlesara dagsins þá Bo Vinnerljung prófessor í félagsráðgjöf og sérfræðing hjá sænska velferðarráðinu (National Board of Health and Welfare, Stockholm) og Tore Andreassen sálfræðing við Barnaverndarstofu Noregs (Barne-, ungdoms-, og familiedirektoratet).

Bo Vinnerljung fjallaði um rannsóknir á námsárangri fósturbarna og mikilvægi þess að beita sérstökum úrræðum í skólakerfinu til að bæta náms- og þroskahorfur þeirra. Benti hann á að slakur námsárangur er stærsta forspárgildi þess að börnum vegni illa síðar á lífsleiðinni. Halldór Hauksson fór yfir stöðu barna í fóstri og meðferð á vegum

Barnaverndarstofu, Helga Jóna Sveinsdóttir og Arna Kristjánsdóttir fóru yfir meðferð fósturmála hjá Barnavernd Reykjavíkur og tækifæri og áskoranir í samstarfi barnaverndar og skóla. Ingileif Ástvaldsdóttir ræddi tækifæri og áskoranir sem skólar standa frammi fyrir þegar tekið er á móti fósturbörnum og ábyrgð allra aðila til að taka frumkvæði að samstarfi til að tryggja velferð barnanna.

Tore Andreassen ræddi skólagöngu barna á meðferðarstofnunum og færði rök fyrir kostum þess að börn í meðferð sækja almenna skóla en það kallar á nána samvinnu meðferðaraðila og skólafólks. Anni Haugen lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands fjallaði um samstarf barnaverndar og skóla þar sem hún vitnaði í nýlegar rannsóknir sem gefa til kynna væntingar ungmenna til samstarfs þessara kerfa varðandi málefni þeirra og ákall starfsmanna skóla til aukins samstarfs við barnaverndaryfirvöld. Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi hjá Fljótsdalshéraði fjallaði um skólagöngu fósturbarna og mikilvægi þess að vandað sé til undirbúnings af hálfu sveitarfélaga. Guðni Olgeirsson sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu ræddi samstarf um mótun menntastefnu og fór yfir mikilvægar reglugerðir sem unnið hefur verið að í kjölfar lagasetninga árið 2008 um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nálgastrá má upptöku af ráðstefnunni á heimasíðu Barnaverndarstofu bvs.is.

Stuðningur við seinfæra foreldra

Dagana 30. og 31. maí stóð Barnaverndarstofa fyrir námskeiði í fundarsal BHM að Borgartúni 6 í samstarfi við fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. Námskeiðið var ætlað fagfólki sem starfar í barnavernd og félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga og ríkis og miðaði að því að styrkja það í starfi með seinfærum foreldrum og börnum þeirra. Markmiðið var að kenna leiðir til að efla foreldra í hlutverki sínu, fyrirbyggja vanrækslu barna, stuðla að heilbrigði og öryggi barna og mæta líkamlegum og tilfinningalegum þörfum þeirra. Sérstök áhersla var lögð á styrkleikamiðað mat, íhlutun og gátlista sem eru notaðir til að kanna færni foreldra, meta árangur, sjá hvar eru framfarir og hvaða þætti þarf að styrkja. Um er að ræða gagnreyndar aðferðir en rannsóknir hafa sýnt að beiting þeirra stuðlar að velferð og öryggi barna seinfærra foreldra, dregur úr forsjársviptingum og styrkir fagfólk í starfi sínu. Námskeiðið var byggt upp með fyrirlestrum, umræðum og verkefnum. Leiðbeinandi var dr. Maurice Feldman prófessor í sálfræði en hann hefur þróað stuðningsaðferðir, gátlista og styrkleikamiðaðar matsaðferðir fyrir fagfólk á þessu sviði og er leiðandi fræðimaður á alþjóðavettvangi. Hanna Björg Sigurjónsdóttir lektor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands skipulagði námskeiðið og leiðbeindi ásamt dr. Feldman.

Námsdagur um mikilvægi tilfinningatengsla foreldra og ungbarna

Þann 31. ágúst kom Barnaverndarstofa að námsdegi í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna, Þerapeiu, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Embætti landlæknis. í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Markhópurinn var fagfólk sem starfar í barnavernd, félags- og heilbrigðisþjónustu, auk kennara og nema á félags- og heilbrigðisvísindasviði háskóla. Námsdagurinn fór fram á ensku og var yfirskrift dagsins "Understanding why some mothers find it hard to love their babies". Fyrirlesari var Amanda Jones PhD klínískur sálfræðingur og sérfræðingur í fjölskyldumeðferð. Hún er heiðurs prófessor við Warwick Medical School og yfirmaður Parent-Infant Mental Health Services North East London NHS Foundation Trust. Amanda gerði doktorsrannsókn sína við Tavistock/UCL og kennir við sálfræðideild UCL og UEL.

Norræna barnaverndarráðstefnan

Dagana 12.–14. september var norræna barnaverndarráðstefnan haldin í Stokkhólmi í Svíþjóð. Þema ráðstefnunnar var „Gott líf fyrir öll börn – barnaverndin er styðjandi afl“ ("Goda livsvillkor för alla barn – barnavården som kompenserande kraft") þar sem sjónum var beint að þeim þáttum sem eru mikilvægir í uppeldi barna og hvernig barnaverndin getur stuðlað að því að bæta aðstæður þeirra. Norrænu barnaverndarráðstefnunnar eru haldnar á þriggja ára fresti og skiptast Norðurlöndin á um að hýsa þær. Barnaverndarstofa tók þátt í skipulagningu ráðstefnunnar sem var afar vel sótt. Á ráðstefnunni voru fjórir íslenskir fyrirlesarar með málstofur, þar af þrír starfsmenn Barnaverndarstofu auk þess sem sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðslusviðs tók þátt í samtali á aðalsviði ráðstefnunnar „samtal frá scenen“.

Námskeið fyrir barnaverndarstarfsmenn

Í nóvember hélt Barnaverndarstofa tvö námskeið fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda. Fyrra námskeiðið var haldið þann 2. nóvember og fjallaði um málsmeðferð þar sem farið var yfir þætti sem snúa að skráningu upplýsinga, aðild og rétti til upplýsinga, meðferð tilkynninga, könnun máls, beitingu úrræða, fyrirlögn fyrir barnaverndarnefnd og bókun nefnda. Síðara námskeiðið var haldið þann 30. nóvember og fjallaði um ráðstafanir barna utan heimilis þar sem farið var yfir ferli fósturs og vistana hvað viðvíkur undirbúningi barns, samstarf við fjölskyldu, umgengni og samninga um fóstur og vistun. Farið var yfir eyðublöð Barnaverndarstofu sem snúa að ráðstöfunum utan heimilis s.s. beiðnir um fósturheimili, umsóknir um meðferðarheimili og leyfi samkvæmt. 84. gr. bvl. og einnig tilkynningum samkvæmt. 44. gr. reglug. nr. 652/2004 og tilkynningum vegna fósturs. Starfsfólk Barnaverndarstofu sá um fræðsluna og alls sóttu um 25 manns hvort námskeið sem haldin voru á Barnaverndarstofu.

1.8.3 Fræðsla: erindi innanlands og erlendis

Á árunum 2012–2013 fór fram fræðsla á vegum Barnaverndarstofu/Barnahúss um barnaverndarstarf á Íslandi.

Fræðsla fór fram í Háskóla Íslands fyrir nema í félagsráðgjöf, lögfræði, uppeldis- og menntunarfræði og á sérkennslubraut. Einnig í Háskólanum í Reykjavík fyrir nema í afbrotafræði og lögfræði.

Þá var einnig fræðsla fyrir eftirtalda aðila: nemendur í Lögregluskólanum, stuðningsfulltrúanema hjá Framvegis miðstöð um símenntun í Reykjavík, Félag fagfólks í frítímaþjónustu, starfsmenn 1717, starfsmenn hjá Stígamótum og í Kvennaathvarfi, ráðgjafa hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga, fræðsla fyrir barnalækna og fræðsla fyrir starfsfólk Sjónarhóls – ráðgjafamiðstöðvar.

Starfsmenn Barnahúss voru með fræðslu fyrir starfsmenn á vistheimilinu að Hraunbergi, nema í kynjafræði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, nema í réttarsálfræði og í lýðheilsufræði við Háskólann í Reykjavík og fræðslu fyrir sérkennara.

Teymisstjórar MST ásamt sviðstjóra meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu halda reglulega samráðsfundi með starfsmönnum barnaverndarnefnda, skóla, lögreglu og BUGL. Einnig voru teymisstjórar og þerapistar MST með kynningu á úrræðinu fyrir ýmsa aðila. Þar má nefna starfsfólk Hraunbergs, skólapijónustu Árborgar og sálfræðinema í Háskólanum í Reykjavík.

Á innlendum vettvangi voru eftirtalin erindi haldin á vegum Barnaverndarstofu/Barnahúss á árinu 2013:

- Sérfræðingur í Barnahúsi flutti þann 6. mars erindið „Hvað skal gera þegar barn segir frá kynferðislegu ofbeldi“ á morgunfundi Sálfræðingafélags Íslands.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti þann 22. mars erindið „Drengir sem þolendur kynferðisbrota“ á málþingi í Háskólanum í Reykjavík á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík.
- Forstjóri stofunnar ávarpaði ráðstefnuna Forvarnir eru besta leiðin, sem haldin var á vegum Blátt áfram og Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í samstarfi við Jafnréttisstofu dagana 23. og 24. apríl. Ráðstefnan var haldin í Háskóla Íslands og fjallaði um forvarnir gegn kynferðisofbeldi.
- Sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu flutti erindið „Afdrif barna og árangur meðferðarstarfs á vegum Barnaverndarstofu“ á málþingi Ís-Forsa sem haldið var í samstarfi við Barnaverndarstofu og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd þriðjudaginn 14. maí í Háskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins var: Árangur af stuðningsúrræðum fyrir börn, unglunga og foreldra þeirra.
- Forstjóri stofunnar ávarpaði ráðstefnu Blátt áfram sem haldin var þann 19. maí í Háskólanum í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar var að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum.
- Forstjóri stofunnar flutti erindi á málþingi velferðarráðuneytisins um aðgerðaráætlanir sveitarfélaga í kynbundnu ofbeldi, sem haldið var í Reykjavík 9. september. Erindið bar heitið „Barnvænleg íhlutun í heimilisofbeldi“, en þar var m.a. fjallað um reynsluna af tilraunaverkefni Barnaverndarstofu
- Forstjóri stofunnar sat í pallborði á námsstefnu um snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í Norræna húsinu þann 8. október. Námsstefnan var á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (Nordens velferdscenter) í samvinnu við Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd (RBF), Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Barnaverndarstofu, Velferðarráðuneytið og Ís-Forsa.
- Forstöðumaður PMTO, flutti þann 8. október erindið „Early support from the health center, kindergarten and school in Hafnarfjörður, based on PMTO“ á námsstefnu um snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í Norræna húsinu. Námsstefnan var á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (Nordens velferdscenter) í samvinnu við Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd (RBF), Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Barnaverndarstofu, Velferðarráðuneytið og Ís-Forsa.
- Forstöðumaður PMTO, flutti þann 26. október erindið „Mat á árangri PMTO til að meðhöndla hegðunarraskanir barna“ á afmælisráðstefnu ADHD samtakanna, Lífsins ganga með ADHD sem haldin var á Grand Hótel Reykjavík.

- Forstöðumaður PMTO, flutti þann 27. nóvember erindið „PMT–Oregon aðferðin til að styrkja íslenska foreldra“ á morgunverðarfundum, Byrgjum brunninn – uppeldi sem forvörn, hjá Náum áttum, forvarnar- og fræðsluhópi um velferð barna og unglinga sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík.
- Sérfræðingur í Barnahúsi flutti þann 29. nóvember erindið „Að spyrja minna en vita meira“ á málstofu í Háskólanum í Reykjavík. Málstofan bar yfirskriftina „hinn launhelgi glæpur“.
- Sérfræðingar í Barnahúsi fluttu á árinu erindið „Tilkynningaskylda og einkenni barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi“ á vegum Vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sem haldið var þann 1. október á Sauðárkróki, þann 2. október á Akureyri, þann 9. október á Reyðarfirði, þann 10. október á Höfn í Hornafirði, þann 16. október á Akranesi og á Ísafirði þann 21. október í Hafnarfirði, þann 22. október á Hvolsvelli og þann 23. október í Reykjavík.

Á innlendum vettvangi voru eftirtalin erindi haldin á vegum Barnaverndarstofu/Barnahúss á árinu 2012:

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið „Kynferðisbrot gegn börnum og samfélagsvitundin“ á Prettándaakademíunni í Skálholti þann 3. janúar.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu flutti þann 13. janúar erindið „Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum“ á ráðstefnu BUGL sem haldin var í Laugardalshöllinni.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið „Framkvæmd Lanzarote–sáttmála og annarra tilmæla Evrópuráðsins á Íslandi“ á ráðstefnu innanríkisráðuneytisins, lagadeildar HÍ og rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr um meðferð kynferðisbrotamála, sem haldin var í Háskóla Íslands þann 20. janúar.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti þann 20. janúar erindið „Skýrslutaka af börnum“ á málstofu á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota á vegum innanríkisráðuneytisins, lagadeildar HÍ og rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr sem haldin var í Háskóla Íslands.
- Sviðstjóri ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu flutti þann 27. janúar erindið „Samvinna kerfa í þágu barna“ á ráðstefnu Þroskaþjálfafélags Íslands „Er barnalýðræði á Íslandi“ sem haldin var á Grand Hótel Reykjavík. Á sömu ráðstefnu hélt uppeldisfræðingur Barnaverndarstofu erindið „Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda“.
- Sérfræðingur í Barnahúsi flutti þann 7. febrúar erindið „Barnahús“ á fræðadögum HR/HÍ sem haldnir voru í Háskóla Íslands.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið: „Barnaverndarstofnanir: breytingar í augnsýn?“, á starfsdegi félagsmálastjóra/framkvæmdastjóra barnaverndarnefnda 23. mars.
- Sviðstjóri ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu flutti erindið: „Framkvæmdaáætlun ríkisins í barnaverndarmálum“ á starfsdegi félagsmálastjóra/framkvæmdastjóra barnaverndarnefnda 23. mars.
- Sviðstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu flutti erindið: „Breytingar í meðferðarstarfi á vegum Barnaverndarstofu“ á starfsdegi félagsmálastjóra/framkvæmdastjóra barnaverndarnefnda 23. mars.
- Forstöðumaður og sérfræðingur í Barnahúsi fluttu þann 31. maí erindið „Comprehensive services of the Barnahús“ á Hótel Hilton fyrir eftirlitsnefnd Lanzarote samningsins.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu flutti þann 28. september erindið „Barnavernd – skipulag, málsmeðferð og helstu úrræði“ á Starfsdegi leik- og grunnskóla Vesturbæjar.
- Sérfræðingur í Barnahúsi flutti þann 16. október erindið „Áhrif kláms á börn og unglinga“ á ráðstefnu um klám út frá lagalegu og samfélagslegu sjónarmiði. Ráðstefnan var haldin í Háskóla Íslands og að henni stóðu innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið: „Tilraunaverkefni gegn heimilisofbeldi“ á ráðstefnu um Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu sem haldin var af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Stofnun stjórnsýslufræða, Nýsköpunarmiðstöð, Rannís og fleiri aðilum, þann 30. október.

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi á ráðstefnu Árvekniverkefnisins á Suðurnesjum sem bar heitið: „Þegar glugginn opnast – barnvænleg íhlutun í heimilisofbeldi“, en ráðstefnan var haldin í Reykjanesbæ 1. nóvember.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu flutti þann 8. nóvember erindið „Hlutverk barnaverndar í forsjár og umgengismálum“ á ráðstefnu sem bar yfirskriftina: Hvað er nýtt – hvað er framundan?, um breytingar á barnalögum, undirbúning að gildistöku og framkvæmd laganna. Ráðstefnan var haldin á Hótel Sögu af Innanríkisráðuneytinu, Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF).
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu flutti þann 14. nóvember erindið „Börn í erfiðum aðstæðum – stuðningur barnaverndar“ á málstofu Náum áttum hópsins sem haldin var á Grand Hóтели Reykjavík.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu flutti þann 13. desember erindið „Talaðu við mig! kennsluefni um samtöl við börn“ á fræðslufundi Félags fagfólks í frítímapjónustu.
- Sérfræðingar í Barnahúsi fluttu á árinu erindið „Tilkynningaskylda og einkenni barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi“ á Vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sem haldin var þann 31. maí á Ísafirði, þann 2. október í Borgarnesi, þann 4. október á Akureyri, þann 8. október á Hvolsvelli og þann 10. október á Egilsstöðum.

Starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss tóku þátt í fjölmiðlaumfjöllun á árunum 2012 og 2013 í ljósvakamiðlum sem og dagblöðum í tengslum við fréttáflutning af ýmsum þáttum er varða barnavernd svo og umræðuþáttum um málefni barna. Enda þótt Barnaverndarstofa geti ekki tjáð sig um einstaklingsmál er það stefna stofunnar að koma á framfæri almennum upplýsingum og fræðslu þegar tækifæri bjóðast í fjölmiðlaumræðu.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu/ Barnahúss eftirfarandi erindi á árinu 2013:

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi í boði þingmannasamtaka Evrópuráðsins gegn kynferðisofbeldi á fundi sem haldinn var í Bundestag, (neðri deild þýska þingsins) í Berlín þann 14. mars. Erindið fjallaði um „National Strategies in the fight against child sexual abuse“.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi í boði litháenska félagsmálaráðuneytisins og Félagsmálasjóðs EES á ráðstefnu til undirbúnings stofnunar Barnahúss í Litháen í Vilnius þann 9. maí en erindið bar heitið: „The Case for Child – friendly and Multiagency Response to Child Sexual Abuse“.
- Forstjóri Barnaverndarstofu og forstöðumaður Barnahúss fluttu erindi um fræðilegar forsendur og starfsemi Barnahúss í boði Almennaráðsins í Færeyjum á ráðstefnu í Þórshöfn þann 4. júní „Barnahús – Kunningardagur“ til undirbúnings stofnunar barnahúss í Færeyjum. Fyrirlestur forstjóra bar heitið: „Barnahúsið í Íslandi – endamál og avbjóðingar“ og forstöðumannsins „Virðsemið í íslenska Barnahúsinum“.
- Forstjóri Barnaverndarstofu hélt erindið „The CAC/Barnahús Response to Child Sexual Abuse and the Council of Europe Standard Setting“ í málstofu á evrópuráðstefnu ISPCAN í Dublin sem var haldin dagana 15–18 september. ISPCAN eru alþjóðleg samtök gegn illri meðferð á börnum og var yfirskrift ráðstefnunnar „Protecting Children in a Changing World“. Erindið var hluti af framlagi Evrópuráðsins til ráðstefnunnar.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi í boði Unicef á barnaverndarráðstefnu samtakanna fyrir Balkanlöndin sem haldin var í Tirana, Albaníu, 12.–13. nóvember „Strengthening Child Protection Systems to Protecting Children from Violence“.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti þann 20. nóvember erindið „Comprehensive services of Barnahús“ fyrir nema í sálfræði og starfsfólk í Texas Tech háskólanum í Lubbock Texas. Forstöðumanni Barnahúss var boðið til Texas í tengslum við rannsókn nema við Texas Tech háskólann á Barnahúsi. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi í boði barnaverndarsamtakanna „National Support Center“ í Litháen þann 27. nóvember á ráðstefnunni „Childhood without abuse: challenges and possibilities“.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu/ Barnahúss eftirfarandi erindi á árinu 2012:

- Sérfræðingur í Barnahúsi flutti erindið „Child–friendly and multidisciplinary approach to child sexual abuse“ á alþjóðlegri ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Children at risk in the context of child welfare“ og var haldin í Vilnius 2.–4. maí.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið „The case for multidisciplinary and child–friendly response to child sexual abuse“, á ráðstefnu Evrópuráðsins „One in five: combating child sexual exploitation at regional and local level“, sem haldin var í Strassborg 9. febrúar.
- Teymisstjóri MST og MST þerapisti héldu kynningar á stöðu MST á Íslandi og á starfi þerapista á Íslandi á Evrópuráðstefnu MST sem haldin var í Osló dagana 21. og 22. maí.
- Sviðstjóri ráðgjafar–og fræðsluviðs og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu fluttu erindið: „Ungdomar som placerades på behandlingshem på Island under åren 2000–2007– social situation och inställning till behandlingen år 2012“, á norrænu barnaverndarráðstefnunni 2012 sem haldin var í Stokkhólmi dagana 12.–14. september. Á sömu ráðstefnu flutti félagsráðgjafi/sérfræðingur tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu um heimilisofbeldi erindið „Children that have experienced and witnessed domestic violence“. Á ráðstefnunni tók sviðstjóri ráðgjafar– og fræðsluviðs þátt í samtali á aðalsviði ráðstefnunnar „samtal från scenen“ þar sem þátttakendur veltu fyrir sér spurningunni „Framtidsfrågor i Norden för den sociala barnavården. Gemensamma utmaningar och hur kan vi stödja varandra i Norden?“.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi á ráðstefnu Balkan–ríkjanna um barnavernd (The BECAN International Conference) að beiðni ráðstefnuhaldara: „Child–friendly justice: a model for multidisciplinary response to child’s disclosure of sexual abuse“. Þingið var haldið í Aþenu 12. til 14. september.
- Á ráðstefnu samstarfs Eystrasaltsríkjanna „Childen at risk“ í tilefni loka verkefnisins um gerð námsefnis vegna eftirlits með barnaverndarstofnunum „AUD–TRAIN“ (Systematic Audit of Child Residential Care) flutti forstjóri stofunnar erindið: „Children’s rights at the centre of auditing in alternative care: international conventions put into practice“. Ennfremur flutti sérfræðingur í Barnahúsi erindið „Interviewing children and young people: Practical guidance on how to include the voice of the child and the young person in the auditing“. Ráðstefnan var haldin í Tallin dagana 10.–14. desember.

1.9 Samstarfsverkefni

1.9.1 Innland samstarfsverkefni á árunum 2012 og 2013

Barnaverndarstofa á jafnan samstarf við innlenda aðila sem vinna að barnavernd. Á árunum 2012 og 2013 fólst innlent samstarf í eftirfarandi verkefnum:

- Fulltrúi Barnaverndarstofu tók þátt í vinnuhópi á vegum Landlæknisembættisins sem hóf störf á árinu 2013 varðandi samstarf barnaverndar, félagsþjónustu, heilsugæslu og tannlækna.
- Á árinu 2013 var skipaður samráðsvettvangur um mansal á grundvelli nýrrar áætlunar um aðgerðir gegn mansali á tímabilinu 2013–2016 sem samþykkt var af ríkisstjórninni. Í áætluninni er lögð áhersla á fræðslu, áhættugreiningu, verklag, þjónustu, samráð og mat á árangri auk þess sem 25 aðgerðir eru skilgreindar. Einn fulltrúi Barnaverndarstofu situr í samráðshópnum.
- Á árinu 2013 var ákveðið að binda endi á þjónustusamning Barnaverndarstofu við Landspítala sem verið hafði frá árinu 2001. Barnaverndarstofa gekk þess í stað frá tvenns konar þjónustusamningum. Annars vegar við Steingerði Sigurbjörnsdóttur barna– og unglingageðlækni um þjónustu við börn á Stuðlum og meðferðarheimilum. Hins vegar við SÁÁ um heimsóknir hjúkrunarfræðings vegna eftirlits með lyfjagjöfum og útkallsþjónustu lækna vegna barna á lokaðri deild Stuðla sem sýna frávik í meðvitundarástandi, ruglástand, stjórnlausu hegðun eða önnur slík einkenni sem talið er að rekja megi til vímuefnaneyslu eða lyfjamisnotkunar. Áætlað er að fagteymi aðila haldi áfram enda mikilvægt að eiga reglulegt samráð í málaflöknum óháð þjónustusamningum.
- „Náum áttum“ er opinn samstarfshópur um fræðslu og forvarnir en að hópnum standa auk Barnaverndarstofu: Landlæknir, Lýðheilsustöð, Félag fagfólks í frítímabjónustu (FFF), FRÆ – Fræðsla og forvarnir, Reykjavíkurborg, Vímulaus æska/Foreldrahús, IOGT á Íslandi, Heimili og skóli, Þjóðkirkjan, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Barnaheill og Umboðsmaður barna. Á árinu 2013 voru haldnir fimm opnir fræðslufundir á vegum „Náum áttum“– hópsins. Á fundunum var fjallað um vímuefnaleit í framhaldsskólum og á skólaskemmtunum, forvarnargildi

íþróttá- og tómstundastarfs, kynferði og sjálfsmynd unga fólksins og brotna sjálfsmynd barna og unglínga, áhrifaþætti úr fjölmiðlum og hvernig styrkja má jákvæða sjálfsmynd og á síðasta fundinum var yfirskriftin „Byrgjum brunninn – uppeldi sem forvörn“. Á árinu 2012 voru haldnir sjö opnir fræðslufundir á vegum „Náum áttum“-hópsins, en á fundinum var fjallað um ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi, velferð barna þremur árum eftir hrun, sumarhátíðir, tölvunotkun unglínga, óbein áhrif áfengisneyslu og stuðning við börn í erfiðum aðstæðum.

- Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og Neyðarlínan 112 hafa átt samstarf um móttöku tilkynninga fyrir barnaverndarnefndir frá árinu 2004. Markmið samstarfsins er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins í gegnum Neyðarlínuna 112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Frá árinu 2005 hafa Neyðarlínunni borist rúmlega 4.000 tilkynningar sem hafa verið flokkaðar sem barnaverndartilkynningar. Samstarf barnaverndarnefnda og Neyðarlínu hefur gengið vel en hér var um nýmæli að ræða sem ekki fannst fordæmi fyrir í Evrópu. Barnaverndarstofa er þátttakandi í undirbúningi og framkvæmd 112 dagsins sem haldinn er árlega þann 11. febrúar. Markmið dagsins er að kynna neyðarnúmerið og þá margvíslegu aðstoð sem almenningur hefur aðgang að í gegnum það. Þann 11. febrúar 2013 var sjónum beint að getu almennings til þess að bregðast við á vettvangi alvarlegra slysa og veikinda, að fólk hringi í 112 og veiti fyrstu aðstoð áður en sérhæfð aðstoð berst. Einnig er vakin athygli almennings á að 112 er ekki bara neyðarnúmerið hér heima heldur einnig í öðrum löndum Evrópu. Í tilefni dagsins var boðið til móttöku í anddyri Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Á árinu 2012 var lögð áhersla á að hvetja fólk til að hika ekki heldur hringja í 112 ef það telur sig þurfa á aðstoð að halda – til öryggis. Eftir var til dagskrár í Smáralind og hjá viðbragðsaðilum um allt land.
- Á árunum 2012 og 2013 var í gildi sem fyrr samstarfssamningur Barnaverndarstofu og Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands um Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Setrið sem stofnað var 12. maí 2006 er starfrækt af Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og heyrir undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Markmið Rannsóknarsetursins er að efla fjölskyldu- og barnavernd á grundvelli vísindalegra rannsókna og vera vettvangur rannsókna á sviði fjölskyldu- og barnaverndar. Með því að efla og auka rannsóknir á félags- og tilfinningalegum aðstæðum barna og fjölskyldna skapast grundvöllur fyrir því að öll stefnumörkun stjórnvalda og annarra í málefnum barna verði markvissari og þjóni hagsmunum þeirra betur. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að efla rannsóknir á aðstæðum barna í víðum skilningi og sér sóknarfæri í samstarfi við Rannsóknarsetrið.
- Barnaverndarstofa hefur átt fulltrúa í tveimur hópum Velferðarvaktarinnar sem starfar á vegum velferðarráðuneytisins. Annars vegar í barnahóp og hins vegar í félagsvísahóp.
- Forstjóri Barnaverndarstofu var einn þriggja fulltrúa í fagráði sem fjallaði um ásakanir vegna ofbeldisbrota og kynferðisbrota sem innanríkisráðherra ákvað að koma á fót í maí 2011. Fagráðinu var ætlað að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar í málum sem þessum og að leiðbeina um leiðir til úrbóta. Á árinu 2012 og fram á mitt ár 2013 vann fagráðið að gerð starfsreglna um hlutverk ráðsins ásamt því að eiga samræður við trúfélög, félagsamtök og einstaklinga sem leitað hafa til ráðsins. Þá samdi fagráðið fyrirmynd að samstarfssáttmála innanríkisráðuneytis við trúfélög og eftir atvikum félög eða samtök sem vinna með börnum og ungmennum í því skyni að standa vörð um réttindi og velferð þolenda kynferðisbrota, annars ofbeldis eða illrar meðferðar. Sáttmálanum, sem m.a. tekur jafnframt til aðgerða á sviði forvarna, er þannig ætlað að tryggja að trúfélög og aðrir þeir sem kunna að staðfesta hann komi á tiltekinni skipan mála er snertir viðbrögð og meðferð mála sem kunna að koma upp innan þeirra vébanda.
- Í maí 2011 skipaði innanríkisráðherra forstjóra Barnaverndarstofu í starfshóp til að móta stefnu í ættleiðingamálum með það að markmiði að tryggja réttindi barna og að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi við ættleiðingar. Var hópnum m.a. ætlað að taka afstöðu til einstakra ábendinga um úrbætur sem gætu leitt til breytinga á gildandi lögum um ættleiðingar. Á vegum starfshópsins var m.a. unnið að gerð frumvarps til nýrra ættleiðingarlaga og að undirbúningi ráðstefnu um ættleiðingamál. Í ágúst 2012 var starfshópnum gerð grein fyrir því að vegna breyttrar forgangsröðunar í innanríkisráðuneytinu yrði frumvarp ekki lagt fram á Alþingi 2012–2013. Var því gert hlé á störfum hópsins í samráði við ráðuneytið og áformað að taka upp þráðinn síðar.
- Starfshópur sem skipaður var af menntamálaráðherra í ágúst 2011 til að semja reglugerð um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum lauk störfum vorið 2012. Var Guðjón Bjarnason sálfræðingur skipaður fulltrúi Barnaverndarstofu í nefndinni.
- Á árinu 2012 var í gildi samningur við samtökin Drekaflóð sem hefur að markmiði að efla sjálfshjálparstarf fyrir ungt fólk sem sætt hefur líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi. Jafnframt lagði Drekaflóð til húsnæði vegna hópmeðferðar fyrir börn sem orðið hafa vitni að eða sætt ofbeldi og vegna tilraunaverkefnis um þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi.

- Samstarfssamningur við Félag fósturforeldra sem kveður á um að stofan leggi til fé í því skyni að efla upplýsingamiðlun og fræðslu fyrir fósturforeldra og aðra þá aðila sem vinna að fósturmálum var í gildi á tímabilinu. Einnig gerir hann félaginu kleift að taka þátt í norrænu samstarfi hliðstæðra félaga, NOFCA.
- Samstarfssamningur við Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglinga (FÍUM) um að m.a. efla upplýsingamiðlun og fræðslu fyrir starfsfólk meðferðarheimila ásamt því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi var í gildi á tímabilinu.
- Fulltrúar Barnaverndarstofu tóku þátt á árinu 2012 í fundaröð Unicef á Íslandi um forvarnir í barnavernd og hvað gera mætti til að efla þær. Unnar voru úr niðurstöðum fundanna þær tillögur sem lagðar voru fram í skýrslu Unicef „Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir“ sem gefin var út í mars 2013.
- Starfsmenn Barnaverndarstofu tóku þátt í nokkrum samráðsfundum á árinu 2012 í svokölluðu „Öryggisráði“ þar sem sátu fulltrúar SÁÁ, Landspítala, Barnaverndarstofu, Stuðla, Fjölsmiðjunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Fangelsismálastofnunar og ýmissa samtaka á sviði forvarna og vímuefna meðferðar.
- Barnaverndarstofa vann á árinu 2012 að endurskoðun á verklagsreglum fyrir heilbrigðisstarfsfólk í samstarfi við fulltrúa frá Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Barnavernd Reykjavíkur. Endurskoðaðar verklagsreglur voru birtar á heimasíðu Barnaverndarstofu í lok árs 2012.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu tók þátt í vinnuhópi á árinu 2012 á vegum kvenna- og barnasviðs Landspítala um mótun verklagsreglna varðandi þjónustu spítalans við verðandi mæður með neysluvanda og samstarf við barnavernd.
- Í júní 2012 gerði Barnaverndarstofa samkomulag við Fjölsmiðjuna um að unglingar sem lokið hafa grunnskóla og eru í meðferð á Stuðlum eða á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu geti sótt þjónustu til Fjölsmiðjunnar með sama hætti og aðrir unglingar sem njóta þjónustu frá Fjölsmiðjunni. Barnaverndarstofa styrkti Fjölsmiðjuna til þess að fjölga starfsfólki.
- Á árinu 2012 óskaði Velferðarráðuneytið eftir tilnefningum í tvo starfshópa vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sem taka áttu gildi þann 1. janúar 2013. Breytingarnar fólu í sér flutning stofnana og heimila sbr. 84. gr. laganna frá sveitarfélögum til ríkisins. Forstjóri Barnaverndarstofu sat í starfshóp um rekstur stofnana á vegum Reykjavíkurborgar, og tveir fulltrúar Barnaverndarstofu sátu í starfshóp um fagleg verkefni við að flytja heimili fyrir börn frá Reykjavíkurborg til ríkisins. Alþingi ákvað í desember 2013 að fella þetta ákvæði úr barnaverndarlögum.
- Á árinu 2012 var skipuð nefnd af Velferðarráðuneytinu til að vinna að því verkefni að samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn sem eiga við alvarlegar þroska- og geðraskanir að etja. Einn fulltrúi Barnaverndarstofu sat í nefndinni. Nefndin skilaði skýrslu á árinu 2013 en helstu niðurstöður nefndarinnar voru að fella þjónustu við hlutaðeigandi börn undir þjónustukerfi fatlaðra. Tillögur nefndarinnar lúta að búsetu, samhæfðri þjónustu, snemmtækri íhlutun, fjármálum og stofnun ráðgefandi teymis. Skýrslu nefndarinnar má sjá á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is.
- Samstarf er við Fangelsismálastofnun ríkisins vegna framkvæmdar á samningi um afplánun fanga yngri en 18 ára en stefnt er að því að þeir verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum. Samstarfssamningur var gerður í október 1998 og endurnýjaður í nóvember 1999. Samstarfið byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga (sjá nánar í kafla 3).

Eftirfarandi samstarfsverkefni voru einnig við innlenda aðila á árunum 2012 og 2013, en nánar er fjallað um þau í kafla 3 um meðferð.

- Meðferð í nærumhverfi á grunni PMTO í Eyjafirði.
- Meðferð í nærumhverfi á grunni ART-þjálfunar á Suðurlandi.

1.9.2 Erlend samstarfsverkefni á árunum 2012 og 2013

Barnaverndarstofa á jafnan samstarf við erlenda aðila sem vinna að barnavernd. Á árunum 2012 og 2013 fólst erlent samstarf í eftirfarandi verkefnum:

- Á árinu 2013 óskaði Háskólinn í Edinborg eftir því við forstjóra Barnaverndarstofu að gegna hlutverki óháðs matsmanns vegna framkvæmdar SPIRTO – rannsóknarinnar. SPIRTO (Self – Produced Images – Risk Taking Online) er alþjóðleg rannsókn fjármögnuð af Evrópusambandinu sem unnin er í samstarfi Háskólans í Edinborg, Háskólans í Lundi og stofnunarinnar Innocence in Danger í Þýskalandi um áhættuhegðun barna og ungs fólks í tengslum við miðlun myndefnis af kynferðislegum toga með margmiðlunartækni (sjá <http://www.spirto.health.ed.ac.uk/>).
- Á árinu 2013 tóku forstjóri Barnaverndarstofu og forstöðukona Barnahúss á Íslandi þátt í undirbúningi við, að koma Barnahúsi á fót í Færeyjum að íslenski fyrirmynd. Tekið var á móti færeyskum fagaðilum á Íslandi jafnframt því sem forstjórinn og forstöðumaður Barnahúss fóru til Færeyja og héldu erindi á ráðstefnu um efnið.
- Á árinu 2013 var samstarfi við Ministry of Labour and Social Security í Litháen um stofnun Barnahúss í Vilnius haldið áfram, en formleg beiðni frá ráðuneytinu barst Barnaverndarstofu árið 2012. Forstjóri stofunnar fór m.a. til Vilnius í tvígang til að halda erindi og veita ráðgjöf vegna undirbúningsvinnu. Verkefnið er að hluta fjármagnað úr félagsmálasjóði EES ríkjanna.
- Norræna velferðarmiðstöðin (Nordens velferdscenter) fór af stað með verkefni á árinu 2013 varðandi börn sem ráðstafað er í fóstur. Skipaður var vinnuhópur með fulltrúum hvers lands, auk tveggja verkefnisstjóra og er fulltrúi Barnaverndarstofu þar á meðal.
- Forstjóri Barnaverndarstofu var skipaður fulltrúi Íslands í Lanzarote nefnd Evrópuráðsins, en hún gegnir m.a. því hlutverki að hafa eftirlit með samningi ráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum (svonefnds Lanzarote samnings). Alþingi samþykkti samninginn haustið 2012 og tók fullgildingin gildi 1. janúar 2013. Forstjóri Barnaverndarstofu var kjörinn varaformaður á fundi nefndarinnar í mars 2013 en hann tók þátt í starfi sérfræðinganevndarinnar sem samdi samninginn árið 2009. Nefndin kemur saman tvisvar til þrisvar á ári.
- Á árunum 2012 og 2013 var haldið áfram samstarfinu „Children at Risk“ á vettvangi Eystrasaltsráðsins með virkum hætti eins og verið hefur frá árinu 2002 þegar það hófst með formlegum hætti. Að jafnaði hafa verið haldnir 2 stjórnarfundir á ári og hefur forstjóri stofunnar tekið þátt frá upphafi. Á árinu 2013 lauk nokkrum mikilvægum verkefnum. Má þar einkum nefna „AudTrain“ verkefnið sem fólst í þróun aðferða til kerfisbundins eftirlits með barnaverndarstofnunum og grundvallað er á réttindum barnsins. Afurð verkefnisins er m.a. námsefni til að þjálfva eftirlitsaðila og hefur það verið þýtt á nokkur tungumál. Haldin hafa verið þjálfunarnámskeið í nokkrum aðildarríkjunum. Í byrjun árs kom út síðasta skýrslan af þremur í Robert verkefninu (Risktaking online behaviour empowerment through research and training) sem fjallar um áhættuhegðun barna á veraldarvefnum og afleiðingar hennar. Skýrslan hefur að geyma greiningu á viðtölum við fólk sem hefur brotið á börnum með þessum hætti. Á tímabilinu hefur enn fremur haldið áfram starf sem miðar að vernd barna sem grunur leikur á að séu eða hafi verið seld mansali. Á vegum samstarfsins er haldið úti öflugri vefsíðu í því skyni að miðla upplýsingum um barnaverndarmál í aðildarríkjunum og á alþjóðlegum vettvangi (sjá www.childcentre.info). Á árinu lét Lars Löf sem verið hefur framkvæmdastjóri samstarfsins frá 2002 af störfum. Var forstjóra stofunnar falið að taka þátt í ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra og var Turid Heiberg frá Noregi ráðin til starfans. Hún hóf störf á miðju ári 2013 en áður var hún svæðisstjóri Unicef í Austur – Asíu.
- Á árinu 2012 og 2013 sinnti forstjóri Barnaverndarstofu áfram ráðgjafarstörfum á vettvangi Evrópuráðsins. Var honum m.a. falið að semja skýrslu sem hefði að geyma tillögur um framkvæmd Lanzarote samningsins á héraðs- og sveitarstjórnarstigi til undirbúnings ályktunar Sveitarstjórnarþings (Congress of Regional and Local Authorities) Evrópuráðsins í þessum efnun. Ályktunin var samþykkt í október 2012 (The Congress/Resolution 350).
- Forstöðumaður Barnahúss og forstjóri Barnaverndarstofu hafa tekið þátt í samstarfi sem hefur það að markmiði að deila reynslu af starfsemi barnahúsa á Norðurlöndum, samhæfa söfnun tölulegra upplýsinga, miðla þekkingu og styrkja samstarf. Samstarf þetta má rekja til málþings sem efnt var til í tilefni af 10 ára afmæli Barnahúss á Íslandi árið 2008 en þá var ákveðið að koma á fót tengslaneti barnahúsanna á Norðurlöndum. Fundir hafa verið haldnir í tengslum við norrænar ráðstefnur í barnavernd bæði árin 2012 og 2013.

- Lanzarote nefnd Evrópuráðsins óskaði eftir því að Barnaverndarstofa tæki á móti nefndinni og efndi til kynningar á fyrirkomulagi málsmeðferðar við rannsókn á kynferðisbrotum gegn börnum og stuðningi við þolendur með málþingi og heimsókn í Barnahús. Alls komu 15 nefndarmenn og dvöldu hér dagana 31. maí og 1. júní 2012. Forstjóri Barnaverndarstofu, starfsfólk Barnahúss, læknar og fulltrúar lögreglu, ákærvalds og réttargæslumanna, fræddu nefndarmenn um málaflokkinn. Til fróðleiks má geta þess að Evrópuráðið óskaði umsagnar nefndarmanna um heimsóknina þar sem fram komu afar jákvæð viðhorf um gildi heimsóknarinnar og fyrirkomulag þessara mála hérlendis. Þá er rétt að geta þess að á næsta fundi Lanzarote nefndarinnar eftir heimsóknina var þeirri ábendingu beint til aðildarríkja Evrópuráðsins að það fyrirkomulag sem felst í starfsemi Barnahúss sé til fyrirmyndar með hliðsjón af markmiðum Lanzarote samningsins.
- Dagana 12.–14. september 2012 var norræna barnaverndarráðstefnan haldin í Stokkhólmi í Svíþjóð. Þema ráðstefnunnar var „Gott líf fyrir öll börn – barnaverndin er styðjandi afl“ ("Goda livsvillkor för alla barn – barnavården som kompenserande kraft") þar sem sjónum var beint að þeim þáttum sem eru mikilvægir í uppeldi barna og hvernig barnaverndin getur stuðlað að því að bæta aðstæður þeirra. Norrænu barnaverndarráðstefnurnar eru haldnar á þriggja ára fresti og skiptast Norðurlöndin á um að hýsa þær. Barnaverndarstofa tók þátt í skipulagningu ráðstefnunnar sem var afar vel sótt. Á ráðstefnunni voru fjórir íslenskir fyrirlesarar með málstofur, þar af þrír starfsmenn Barnaverndarstofu auk þess sem sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðsluviðs tók þátt í samtali á aðalsviði ráðstefnunnar „samtal frá scenen“.

1.9.3 Heimsóknir erlendra og innlendra aðila

Ýmsir góðir gestir heimsóttu Barnaverndarstofu og Barnahús á árunum 2012 og 2013.

2013

Heimsóknir á Barnaverndarstofu: Umboðsmaður barna í Eistlandi, fulltrúar frá The Charity and Support Fund "G Children's World", fulltrúar frá félagasamtökum í Litháen sem unnu að því að setja upp miðstöð fyrir börn og ungmenni sem tilheyra viðkvæmum hópum samfélagsins, nemar í félagsráðgjöf og nemar í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.

Heimsóknir í Barnahús: Frá Færeyjum komu fulltrúar frá Félagsmálaráðuneytinu og sveitarstjórnarmenn, Brian Gran bandarískur prófessor og sérfræðingur í málefnum og réttindum barna, aðilar frá Sandefjord í Noregi þar sem verið var að opna nýtt Barnahús, dómarráðgjafi frá Kína, Christine Vinum sálfræðingur í BH í Kaupmannahöfn, starfsmenn í Dómsmálaráðuneytinu í Eistlandi (Office of the Chancellor of Justice), fulltrúar frá Regionalt ressurscenter om vold, traumatisk stress og selvmordsforebygging í Noregi, dómarráðgjafi frá héraðsdómsstólum í Litháen, aðilar frá umboðsmanni barna í Lettlandi, aðilar frá Evrópuráðinu þar á meðal forseti Evrópuráðsins, forstöðumaður skrifstofunnar, ráðgjafi forsetans og aðaltúlkur Evrópuráðsins, aðalritari skrifstofu forseta Alþingis, starfsfólk frá barnaspítalanum og Félagsmálaráðuneytinu í Tallin í Eistlandi, fulltrúi frá ríkissaksóknara ODPP (Office of the Director of Public Prosecutions) í Ástralíu, starfsfólk neyðarmóttöku og nemar frá þeim, Vistheimili barna í Reykjavík, nemar í mastersnámi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, yfirmenn frá lögreglunni og starfsmenn Unicef á Íslandi.

2012

Heimsóknir á Barnaverndarstofu: Aðilar frá skóla, félagsþjónustu og heilsugæslu í Lemvig í Danmörku, leiðbeinendur á Pride námskeiðum frá norðurlöndunum, aðilar frá Umboðsmanni barna í Svíþjóð, aðilar frá Vilnius í Litháen, bæjarstjóri, félagsmálastjóri og fleiri fulltrúar sveitarfélagsins Saku í Eistlandi, félagsráðgjafarnemar, þroskaþjálfarnemar og nemendur í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands og starfskonur Kvennaathvarfsins.

Heimsóknir í Barnahús: aðilar frá eftirlitsnefnd Lanzarote samningsins, aðilar vegna málstofu Umboðsmanns barna og umboðsmenn barna á norðurlöndunum, forstöðumaður Barnahúss í Grænlandi, aðilar frá Office of the commission for Judicial Services frá Taílandi, aðili frá Child Helpline International frá Hollandi, aðili frá Social arbetare í Fredriksberg í Danmörku, aðilar frá Society og headmasters of child and youth institution í Grænlandi, kennarar frá Nuuk, lögreglumenn og ríkissaksóknarar frá Eistlandi, aðilar frá Follo District court Noregi, aðilar frá Fylkesmannen í Vestfold Noregi og mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins. Af innlendum aðilum má nefna nema frá Háskóla Íslands úr hjúkrunarfræði, uppeldis- og menntunarfræði og tómstunda- og félagsmálafræði, sálfræðinema frá Háskólanum í Reykjavík og starfskonur Kvennaathvarfsins.

1.9.4 Fundir Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum

Á árinu 2013 fundaði Barnaverndarstofa með öllum 27 barnaverndarnefndum landsins á tímabilinu mars til desember. Fundina sóttu forstjóri, lögfræðingur, sviðstjóri og félagsráðgjafi ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu og var fundað með hverri og einni barnaverndarnefnd í heimahéraði. Auk nefndarmanna voru á fundunum félagsmálastjórar og aðrir starfsmenn nefndanna eftir atvikum. Fékk starfsfólk Barnaverndarstofu með þessum fundum tækifæri til að ræða um dagleg störf þessara aðila. Átti það jafnt við um umfang og alvarleika mála, úrræði sveitarfélaganna og ytri aðstæður, s.s. vinnuaðstöðu, vegalengdir og samgöngur.

Á fundunum var sjónum beint að eftirfarandi þáttum:

- a) Stöðu sveitarfélagsins m.t.t. málafjölda, starfsmannafjölda, starfsaðstæðna o.s.frv., ásamt reynslu þeirra af þeim viðbrögðum sem gripið hefur verið til eftir efnahagshrunið 2008.
- b) Upplifun starfsfólks af breytingum í vinnslu barnaverndarmála eins og meira álagi, aukinni þyngd barnaverndarmála og einnig viðbrögðum barnaverndarnefnda við þessum breytingum.
- c) Hvernig úrræði Barnaverndarstofu nýtast nefndinni og hvernig stofan getur eflt stuðning sinn við barnaverndarstarf.

Slíkir fundir voru einnig árið 2009 í kjölfar ábendingar sem félags- og tryggingamálaráðherra bárust um hættu á vaxandi álagi á barnaverndarnefndir og barnaverndarstarfsmenn í kjölfar efnahagsvanda þjóðarinnar. Í ljósi þess að fundirnir þóttu árangursríkir var ákveðið að fundir sem þessir yrðu fastur liður í starfi Barnaverndarstofu þar sem fundað yrði með hverri og einni barnaverndarnefnd á hverju kjörtímabili.


2 Fóstur

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni til Barnaverndarstofur um mögulegt fósturheimili, þ.e. hæfa fósturforeldra sem þykja koma til greina vegna viðkomandi barns og eru jafnframt í aðstöðu þá stundina til að taka á móti barni í fóstur. Það er síðan barnaverndarnefnd sem tekur ákvörðun um hvaða fósturheimili verður fyrir valinu. Barnaverndarstofa heldur skrá yfir hæfa fósturforeldra sem hafa leyfi stofunnar og hafa flestir lokið sérstöku þjálfunarnámskeiði á vegum Barnaverndarstofu (Foster Pride). Sumir fósturforeldrar hafa einnig lokið framhaldsnámskeiði í PMT (Parent Management Training). Barnaverndarnefnd þarf þar að auki samþykki stofunnar á umsókn um styrkt fóstur og fóstursamningi til að kostnaðarhlutdeild ríkisins verði virk. Sjá nánar kafla 2.5 og 2.8.

Ráðstöfun barns í fóstur fer fram að frumkvæði barnaverndarnefndar og ráðstöfunin getur verið tímabundin eða varanleg. Um *varanlegt fóstur* er að ræða þegar barni er komið í fóstur sem varir þar til það nær sjálfræðisaldri. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Markmið *tímabundins fósturs* er að búa barni tryggar uppeldisaðstæður þann tíma sem fóstri er ætlað að vara og skapa aðstæður til að veita barninu og foreldrum þess þegar það á við, nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna. Tímabundið fóstur skal vara í afmarkaðan tíma og samanlagt ekki lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns. *Styrkt fóstur* á við þegar barn á við verulega hegðunarerfiðleika að etja, uppfyllt eru skilyrði fyrir vistun á meðferðarstofnun en fóstur þykir betur þjóna hagsmunum og umönnunarþörf barns. Gert er ráð fyrir að annað fósturforeldri sé heima og sinni viðkomandi barni og greiðir ríkið hluta af fósturlaunum. Markmið með styrktu fóstri er að barn njóti sérstakrar umönnunar og þjálfunar á fósturheimili og að barnaverndarnefnd veiti barni, fósturheimili og foreldrum þess þegar það á við nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

2.1 Fjöldi beiðna og ráðstafana í fóstur


Eins og fram kemur í myndum 2-1 og 2-2 er nokkur munur á fjölda beiðna barnaverndarnefnda og fjölda barna sem nefndirnar ráðstafa í fóstur. Ástæðan liggur aðallega í því að barnaverndarnefnd dregur beiðni til baka eða ráðstafar barni með öðrum hætti. Í einstaka tilvikum hafnar Barnaverndarstofa beiðni um styrkt fóstur ef barnaverndarnefnd rökstyður ekki ástæður umsóknar nægilega vel í samræmi við ákvæði 4. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga og reglugerð um fóstur, m.a. með áætlun um meðferð máls, áætlun um stuðning við barn og fósturforeldra og fóstursamningi við fósturforeldra.



Mynd 2-1 Fjöldi beiðna um fósturheimili á árunum 2009–2013

Á mynd 2–1 kemur fram að beiðnir barnaverndarnefnda til Barnaverndarstofu um fósturheimili (þ.e. fósturforeldra sem eru með leyfi frá Barnaverndarstofu) fjölgaði úr 108 árið 2012 í 141 árið 2013. Á mynd 2–2 má sjá að samtals 86 börnum var ráðstafað í fóstur (varanlegt 15, tímabundið 62, styrkt fóstur 9) árið 2013 sem er örlítill fækkun miðað við árið 2012.


Á mynd 2–2 má sjá að ráðstafanir í tímabundið fóstur jukust stigvaxandi úr 58 í 86 árin 2009–2011 en drógust saman árið 2012 og 2013. Ráðstafanir í styrkt fóstur jukust úr 12 árið 2010 í 20 árið 2011 en drógust svo aftur saman í 12 árið 2012 og í 9 árið 2013. Ráðstöfunum barna í varanlegt fóstur fór fækkandi á árunum 2009 og 2010 en jukust svo aftur stigvaxandi fram til ársins 2013. Breytingar á tímabundnu fóstur í varanleg fóstur voru meira en helmingi algengari á árinu 2012 en þær voru að meðaltali fjögur ár á undan, en þeim fækkaði aftur á árinu 2013.



Mynd 2-2 Ráðstafanir barna á fósturheimili á árunum 2009–2013

2.2 Fjöldi barna í fóstur

Í töflu 2–1 er yfirlit yfir fjölda barna í mismunandi tegundum fósturs, fjölda beiðna um fósturheimili og ráðstafana. Á mynd 2–3 kemur fram að á milli 323 og 340 börn dvöldu hjá fósturforeldrum árlega á tímabilinu 2009–2013. Heildarfjöldi barna í fóstur er nokkuð svipaður milli ára, en helsta breytingin á árunum 2012–2013 er sú að börnum í varanlegu fóstur heldur áfram að fjölga, en börnum í tímabundnu fóstur fækkar. Börn í styrktu fóstur voru 20 á árinu 2009, en þeim fjölgaði í 30 árið 2011 og hefur síðan fækkað í 24 börn árið 2013. Í 3. Mgr. Barnaverndarlaga kemur fram að barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau hafa náð 18 ára aldri, allt til 20 ára aldurs.




Mynd 2-3 Fjöldi barna í fóstur á árunum 2009–2013

2.3 Aldurs- og kynjahlutfall barna sem ráðstafað var í fóstur


Á mynd 2.4 er fjallað um 537 ráðstafanir barna í fóstur (varanlegt, tímabundið eða styrkt) á tímabilinu 2009–2013 (að meðaltali 107 ráðstafanir á hverju ári). Athugið að í einhverjum tilvikum getur verið um sama barn að ræða sem eitt árið er í tímabundnu fóstur og er síðan ráðstafað aftur síðar í tímabundið fóstur eða styrkt fóstur, oftast á öðru fósturheimili. Af þessum sökum er raunverulegur fjöldi barna lægri en nemur 537 börnum. Fjöldi þeirra barna sem eru í tímabundnu fóstur sem síðan er breytt í varanlegt er hins vegar birtur á myndinni og er þar um að ræða áframhaldandi dvöl barns á sama fósturheimili. Aldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs, t.d. eru 18 ára þau börn sem verða 18 ára á því ári sem fjallað er um.

Á mynd 2–4 kemur fram að algengast er að barnaverndarnefndir ráðstafi 15 ára börnum í tímabundið fóstur, 16 ára börnum í varanlegt fóstur og 15 ára börnum í styrkt fóstur. Á mynd 2–5 má sjá að kynjahlutfall barna í varanlegu fóstur og tímabundnu fóstur er nokkuð jafnt, en í styrktu fóstur er hlutfall drengja hins vegar um þriðjung herra en hlutfall stúlkna. Hlutfall drengja þar sem tímabundnu fóstur er breytt í varanlegt fóstur er 56,8%. Loks má sjá hlutfall barna sem ráðstafað er í hvert úrræði á tímabilinu: 49 eða 9,1% barnanna var ráðstafað í varanlegt fóstur, 345 eða 64,2% í tímabundið fóstur, 62 eða 11,5% í styrkt fóstur og 15,1% þar sem tímabundnu fóstur var breytt í varanlegt fóstur, sjá nánar *töflu 2–1*. Í *töflu 2–2* má sjá nánari upplýsingar um aldur barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur á árunum 2009–2013.



Mynd 2-4 Aldurshlutfall barna (N=537) sem ráðstafað var í fóstur á árunum 2009–2013


Kynjahlutfall barna (N=537) sem ráðstafað var í fóstur og hlutfall ráðstafana í mismunandi tegundum fósturs 2009 –2013



Mynd 2-5 Kynjahlutfall barna (N=537) sem ráðstafað var í fóstur og hlutfall ráðstafana í mismunandi tegundum fósturs á árunum 2009–2013

2.4 Fjöldi barna sem sveitarfélög ráðstafa í fóstur

Á mynd 2–6 má sjá yfirlit yfir fjölda barna og þau sveitarfélög sem ráðstöfuðu börnum í fóstur á tímabilinu 2009–2013. Sveitarfélög í svokölluðu „Nágrenni Reykjavíkur“ eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Svokölluð „Landsbyggð“ vísar þar með í öll önnur sveitarfélög landsins utan Reykjavíkur og svokallaðs „nágrennis Reykjavíkur.“ Athygli vekur m.a. mikil fjölgun ráðstafa í tímabundið fóstur frá sveitarfélögum á landsbyggðinni á árinu 2011 sem einnig ráðstafa börnum í mjög auknum mæli í styrkt fóstur árin 2011 og 2012.



Mynd 2-6 Fjöldi barna sem sveitarfélög ráðstafa í fóstur á árunum 2009–2013

Tafla 2-1 Fósturmál – yfirlit fyrir árin 2009–2013

		2009				2010				2011				2012				2013			
		VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST
Fjöldi barna í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstur		182	123	20	325	170	132	21	323	165	140	30	335	181	132	27	340	194	109	24	327
	Stúlkur	87	58	9	154	78	54	10	142	74	64	11	149	86	68	5	159	95	58	5	158
	Drengir	95	65	11	171	92	78	11	181	91	76	19	186	95	64	22	181	99	51	19	169
Beiðnir frá barnaverndar- nefndum um fósturheimili	Reykjavík	4	39	10	53	4	41	10	55	8	38	15	61	7	35	7	49	8	34	7	49
	Nágrenni Reykjavíkur	0	25	3	28	1	23	2	26	2	24	5	31	2	23	1	26	5	28	5	38
	Landsbyggð	2	22	5	29	2	26	4	32	5	36	11	52	3	22	8	33	9	36	9	54
	Alls	6	86	18	110	7	90	16	113	15	98	31	144	12	80	16	108	22	98	21	141
	Stúlkur	3	37	8	48	4	40	6	50	5	45	7	57	10	42	4	56	14	48	4	66
	Drengir	3	49	10	62	3	50	10	63	10	53	24	87	2	38	12	52	8	50	17	75
Ráðstöfun barna í fóstur eftir sveitarfélögum	Reykjavík	3	29	5	37	1	31	10	42	5	33	8	46	9	26	6	41	5	22	2	29
	Nágrenni Reykjavíkur	0	14	2	16	1	20	1	22	1	16	3	20	3	19	0	22	2	18	3	23
	Landsbyggð	2	15	2	19	1	22	1	24	6	37	9	52	2	21	6	29	8	22	4	34
	Alls	5	58	9	72	3	73	12	88	12	86	20	118	14	66	12	92	15	62	9	86
	Stúlkur	3	27	5	35	1	30	5	36	4	38	6	48	9	36	2	47	10	32	2	44
	Drengir	2	31	4	37	2	43	7	52	8	48	14	70	5	30	10	45	5	30	7	42
Börn sem fóru úr varanlegu fóstur	Barn náði sjálfræðisaldri	19	–	–	–	22	–	–	–	17	–	–	–	16	–	–	–	18	–	–	–
	Fósturrof	9	–	–	–	3	–	–	–	7	–	–	–	4	–	–	–	5	–	–	–
	Ættleiðing	2	–	–	–	2	–	–	–	0	–	–	–	0	–	–	–	1	–	–	–
	Alls	30	–	–	–	27	–	–	–	24	–	–	–	20	–	–	–	24	–	–	–
	Stúlkur	16	–	–	–	12	–	–	–	10	–	–	–	9	–	–	–	10	–	–	–
	Drengir	14	–	–	–	15	–	–	–	14	–	–	–	11	–	–	–	14	–	–	–
Tímabundið fóstur breyttist í varanlegt	Alls	11	–	–	–	15	–	–	–	10	–	–	–	26	–	–	–	19	–	–	–
	Stúlkur	4	–	–	–	7	–	–	–	4	–	–	–	11	–	–	–	9	–	–	–
	Drengir	7	–	–	–	8	–	–	–	6	–	–	–	15	–	–	–	10	–	–	–

VF: Varanlegt fóstur. TF: Tímabundið fóstur. SF: Styrkt fóstur. ST: Samtals. Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

2.5 Tvískipt hlutverk barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, heldur skrá yfir þá sem hafa tilskilin leyfi og veitir barnaverndarnefndum liðsinni við að finna börnum hæfa fósturforeldra. Áður en leyfi er veitt leitast Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi um hæfi þess eða þeirra einstaklinga sem sækja um að taka barn í fóstur, sbr. 66. gr. laga nr. 80/2002. Einnig fer fram vettvangsathugun Barnaverndarstofu á heimili umsækjenda og ítarlegt viðtal. Ef niðurstaða barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu er jákvæð er umsækjendum boðið að sækja Foster–Pride námskeið sem haldið er tvisvar á ári á Barnaverndarstofu. Samkvæmt 9. grein reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 ber umsækjanda að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt og er markmið með námskeiðinu að leggja frekara mat á hæfni umsækjenda og veita þeim nauðsynlega hjálfun og undirbúning undir hlutverk sitt. Á grundvelli þessa metur Barnaverndarstofa hvort umsækjandi teljist hægur sem fósturforeldri ásamt því að umsækjandi metur vilja sinn og möguleika til að taka að sér hlutverk fósturforeldris. Flestir umsækjendur eru metnir hægir en þó eru alltaf einhverjir sem eru ekki taldir hægir sem fósturforeldrar eða draga umsókn sína til baka í matsferlinu.


Til viðbótar við hina upphaflegu leyfisveitingu þurfa starfandi fósturforeldrar að sækja um endurnýjað leyfi til Barnaverndarstofu ef þeir taka að sér nýtt fósturbarn. Það eru ávallt barnaverndarnefndirnar sem ráðstafa barni á fósturheimili að fenginni ábendingu Barnaverndarstofu um hæfa fósturforeldra. Barnaverndarstofa veitir starfandi fósturforeldrum fræðslu og almennan stuðning á meðan barnaverndarnefndir bera ábyrgð á eftirliti og viðeigandi stuðningi við barn og fósturheimili, sem og við foreldra barns þegar það á við. Barnaverndarstofa veitir margvíslega ráðgjöf til barnaverndarnefnda um fósturmál, svo sem varðandi umsagnir, gerð umsókna, frágang fóstursamninga og viðeigandi stuðning við barn og fósturheimili. Nánar er fjallað um hlutverk Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda í reglugerð um fóstur nr. 804/2004.

2.6 Gæðastaðlar

Í september 2007 hófst vinna við að þróa íslenska gæðastaðla um vistun barna utan heimilis. Staðlar eru skilgreiningar á gæðakröfum eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fósturs utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda. Við þróun staðlanna var höfð hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum og gæðastöðlum, fyrst og fremst „Quality4Children Standards“ og tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum sem ráðherranefndin samþykkti 16. mars 2005. Vinnu við staðlana lauk í ágúst 2008 og voru þeir þá sendir til allra barnaverndarnefnda, stofnana barnaverndaryfirvalda og annarra aðila sem talið var að gætu haft gagn af. Í kjölfar þróunar hinna íslensku staðla var eftirlit með vistunarferlinu endurskoðað og er nú stuðst við staðlana við framkvæmd eftirlitsins. Í ágúst 2011 lauk endurskoðun á stöðlunum og þeir gefnir út að nýju.

2.7 Umsóknir um að gerast fósturforeldrar


Á mynd 2–7 má sjá fjölda umsókna um að gerast fósturforeldrar árin 2009–2013. Umsóknir voru 69 á árinu 2013 sem er fjölgun frá árinu á undan, en svipaður fjöldi og árið 2011. Athugið að talningin tekur ekki til umsókna frá fósturforeldrum um endurnýjað leyfi.



Mynd 2-7 Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar á árunum 2009–2013

Á mynd 2–8 má sjá að á tímabilinu 2009–2013 voru flestar umsóknir um að gerast fósturforeldrar frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur. Athugið að talningin tekur ekki til umsókna frá fósturforeldrum um endurnýjað leyfi.

Fjöldi umsókna á árunum 2009 –2013 um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu



Mynd 2-8 Fjöldi umsókna á árunum 2009–2013 um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu

2.8 Námskeið fyrir fósturforeldra

Foster Pride-námskeið hafa verið haldin á Barnaverndarstofu frá vorinu 2004 en námskeiðið er upprunnið í Bandaríkjunum. Á árinu 2013 voru haldin tvö Foster Pride-námskeið í Reykjavík eins og undanfarin ár. Á fyrra námskeiðinu á árinu 2013 voru 17 þátttakendur og á því síðara 19 þátttakendur. Á fyrra námskeiðinu á árinu 2012 voru 20 þátttakendur og á því síðara 7 þátttakendur. Hluti fósturforeldra sem sóttu námskeiðin höfðu fengið leyfi áður sem fósturforeldrar. Frekari upplýsingar um Foster Pride-námskeiðið eru á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is.

PMTO (*Parent Management Training Oregon Model*) foreldrafærninámskeið fyrir fósturforeldra með 12 ára og eldri börn í styrktu fóstri var haldið í fyrsta sinn á árinu 2011. Á árinu 2012 var haldið annað námskeið fyrir fósturforeldra barna á ýmsum aldri. Þátttakendur voru 16 árið 2011 og 15 árið 2012, víðs vegar af landinu.

Í samráði við sálfræðinga á fræðslusviði Hafnarfjarðar, sem hafa innleitt aðferðina hér á landi og menntað PMTO meðferðaraðila um árabil, var PMTO aðlagð að þörfum fósturbarna. Gerðar voru breytingar á tímafjölda og framsetningu námskeiðsins svo fósturforeldrar gætu nýtt sér þjálfunina með tilliti til fjarlægðar frá námskeiðsstað en án þess að breytingarnar á námskeiðinu dragi úr virkni þjálfunar, möguleikum á heimavinnu, yfirfærslu og aðlögun að þörfum hvers og eins. Einnig var hugað sérstaklega að þörfum unglingsáranna en hin hefðbundna PMTO þjálfun er fyrir foreldra barna að 12 ára aldri. Um var að ræða fimm námskeiðsdaga á þriggja vikna fresti og heimavinnu á milli. Í þeim vikum sem liðu milli námskeiðsdaganna hringdu þjálfarar í þátttakendur og fóru yfir hvernig gekk með heimavinnu og fjölluðu um hindranir og leiðir. Markmið með PMTO er, ekki ósvipað og í MST meðferðinni, þó framkvæmdin sé ólík, að kenna foreldrum barna sem sýna hegðunarerfiðleika, styðjandi uppeldisaðferðir sem felast í eftirfarandi þáttum:


- Að kenna börnum nýja hegðun með kerfisbundinni hvatningu þar sem athygli foreldra og barna er beint að því sem gengur vel.
- Að setja mörk til að foreldrar geti stöðvað erfiða hegðun barna sinna með einföldum og skilvirkum aðferðum.
- Markvissu eftirliti foreldra með því hvar barnið er á hverjum tíma, með hverjum, hvernig farið er á milli staða, hvað barnið er að gera og hver ber ábyrgð.
- Lausnaleit þar sem foreldrar eru þjálfaðir í aðferðum til að leysa ágreining og komast að samkomulagi um reglur og skipulag innan og utan heimilis.
- Jákvæðri samveru og afskiptum sem felast í ýmsum leiðum foreldra til að sýna börnum sínum ást og umhyggju.

3 Vistun og meðferð

Á árinu 2013 voru rekin þrjú meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu auk Stuðla. Stuðlar og meðferðarheimilið Lækjarbakki að Geldingalæk á Rangárvöllum eru ríkisrekin og lúta faglegu og fjárhagslegu eftirliti Barnaverndarstofu. Meðferðarheimilin að Laugalandi í Eyjafirði og Háholti í Skagafirði eru rekin á grundvelli þjónustusamnings við forstöðumenn þessara heimila og lúta einnig faglegu og fjárhagslegu eftirliti Barnaverndarstofu. Frá október 2008 hefur Barnaverndarstofa starfrækt fjölkerfameðferðina MST (*Multisystemic Therapy*) sem fram fer á heimili og í nærumhverfi barns og fjölskyldu. MST er fyrir börn á aldrinum 12–18 ára sem búa á suðvesturhorni landsins. Á árinu 2013 hafði Barnaverndarstofa yfir að ráða 15 rýmum á meðferðarheimilum, 6 rýmum á meðferðardeild Stuðla, 5 neyðarrýmum á lokaðri deild Stuðla og um 30 rýmum í fjölkerfameðferð (MST). Rýmum fækkaði á meðferðardeild Stuðla á árinu 2013 úr 8 í 6 vegna dvínandi eftirspurnar og aukinnar umönnunarþyngdar sem varð í kjölfar innleiðingar MST. Talið er að með færri plássum sé hægt að veita betri meðferð á deildinni og draga úr hættu á smitáhrifum. Aukin áhersla er á áframhaldandi meðferð af hálfu Stuðla eftir að vistun lýkur á meðferðardeild en jafnframt möguleikum á lengri vistunartíma þegar þess er talin þörf. Rýmum fækkaði í Háholti á árinu 2013 úr fimm í þrjú. Nánari upplýsingar um meðferðarúrræðin má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, bvs.is.


3.1 Fjöldi umsókna um meðferð

Á mynd 3.1 kemur fram heildarfjöldi umsókna um meðferð á Stuðlum, í MST og á meðferðarheimilum árin 2009–2013. Flestar voru umsóknirnar árin 2009 eða 223. Hlutfall drengja hefur öll árin verið herra en stúlkna. Þess ber að geta að umsóknir geta borist fyrir sama einstakling á milli ára og einnig umsóknir um mismunandi úrræði fyrir hann, því er fjöldi einstaklinga sem sótt er um meðferð fyrir færri en fjöldi umsókna.



Mynd 3-1 Fjöldi umsókna um meðferð og kynjahlutfall á árunum 2009–2013

Eins og fram kemur á mynd 3–2 hefur umsóknum um meðferðarheimili fækkað á tímabilinu 2009–2013 úr 99 árið 2009 í 21 árið 2013. Umsóknir um Stuðla voru á bilinu 43 til 70 á árunum 2009–2012 en fækkaði í 34 árið 2013. Umsóknir um MST hafa aukist jafnt og þétt frá innleiðingu í október 2008 fram til ársins 2011 þegar þær voru 82 talsins, en á árinu 2012 fækkaði þeim í 77, en fjölgaði á ný í 82 umsóknir á árinu 2013. (Fjöldi barna í MST meðferð jókst hins vegar á árinu 2012, sbr. mynd 3–7). Ekki verður hér fjallað um aldursdreifingu barna við umsókn heldur er það gert í upplýsingum um innskriftir í köflum 3.10 og 3.11.



Mynd 3-2 Fjöldi umsókna um meðferð á árunum 2009–2013

3.2 Niðurstöður umsókna um meðferð

Einungis barnaverndarnefndir geta á grundvelli barnaverndarlaga sótt um MST, Stuðla eða meðferðarheimili til Barnaverndarstofu en markópur þessara úrræða eru börn á aldrinum 12–18 ára. Forsjáradilar þurfa að samþykkja umsókn sem og barnið hafi það náð 15 ára aldri og meðferðin felur í sér vistun utan heimilis. Ef samþykki forelda eða barns fæst ekki getur barnaverndarnefnd úrskurðað um vistun utan heimilis. Ekki þarf lögum samkvæmt að afla samþykkis barns fyrir MST meðferð þar sem hún felur ekki í sér vistun barns utan heimilis. Auk þess geta barnaverndarnefndir, án umsókna til Barnaverndarstofu, neyðarvistað börn á lokaðri deild Stuðla í allt að 14 daga, vegna óupplýstra afbrota, stjórnleysis sökum vímuefnaneyslu eða meðan barnaverndarnefnd undirbýr önnur úrræði á grundvelli barnaverndarlaga.


Tilfni þess að sótt er um meðferð á vegum Barnaverndarstofu eru oftast fjölpætt, þar á meðal hegðunarferðleikar, afbrot og afskipti lögreglu, ofbeldishegðun, heimilisvandi, útigangur, náms- og skólaferðleikar, áfengis- eða önnur vímuefnaneysla. Við mat umsókna um meðferð gildir almennt að önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafi ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Hér gilda reglur um að ráðstöfunin þjóni fyrst og fremst hagsmunum barns en að leitast skuli við að beita ekki sterkari inngripum en þörf krefur og að meðalhófs sé gætt.

Við mat á umsókn um MST meðferð, sem fram fer á heimili og í nærumhverfi barns, er fyrst og fremst horft til þess að barn glími við alvarlegan hegðunarvanda, að óbreyttu gæti komið til vistunar utan heimilis og að vandinn komi fram á fleiri sviðum en innan fjölskyldunnar; þ.e. einnig í skólavanda, afbrotum, ofbeldishegðun eða vímuefnaneyslu. Áður en kemur til ráðstöfunar barns á meðferðarheimili er þess jafnan krafist að barn hafi áður hlotið greiningu og meðferð á Stuðlum þar sem reynt er að auka líkur á að barn geti búið heima, jafnvel með MST meðferð í framhaldi ef við á.

Barnaverndarstofa tekur ákvörðun um hvort umsókn um meðferð (og styrkt fóstur) skuli samþykkt. Þegar umsóknum er synjað af Barnaverndarstofu er það aðallega vegna þess að vægari úrræði hafa ekki verið reynd og meðalhófs þykir ekki gætt og/eða að úrræðið þykir ekki þjóna hagsmunum barnsins. Slík niðurstaða getur orðið eftir samráð starfsmanna Barnaverndarstofu og viðkomandi barnaverndarnefndar sem sækja þá oftast um viðeigandi úrræði með nýrri umsókn. Einnig eru dæmi um að umsókn sé synjað af Barnaverndarstofu vegna þess að barnaverndarnefnd skilar ekki inn nauðsynlegum gögnum með umsókninni sem uppfyllir þá ekki lagaskilyrði. Hluti umsókna er dreginn til baka af barnaverndarnefnd eftir að í ljós kemur að annars konar úrræði hentar þörfum barns og fjölskyldu betur, jafnvel eftir að umsókn hefur hlotið samþykki Barnaverndarstofu.

Á mynd 3–3 kemur fram að hlutfall samþykktra umsókna er mjög svipað á tímabilinu 2009–2013 eða að meðaltali 81%, ef frá er talið árið 2010 þegar hlutfall samþykktra umsókna fer niður í 71%. Þetta má skoða nánar í töflu 3–1 í næsta kafla 3–3. Þar kemur fram að árið 2013 var hlutfall samþykktra umsókna 81,7% í MST, 82,4% á Stuðla og 81% á meðferðarheimili. Árin 2011, 2012 og 2013 má sjá að hlutfall samþykktra umsókna um meðferðarheimili og MST hækkar. Svo virðist sem sá hópur barna sé að afmarkast skýrar, sem talið er að geti nýtt sér MST eða hafi gott af vistun og geti nýtt sér meðferð á Stuðlum og meðferðarheimilum, með tilliti til áhættu og alvarleika vandans.

Niðurstöður 897 umsókna um meðferð á árunum 2009 –2013



Mynd 3-3 Niðurstöður 897 umsókna um meðferð á árunum 2009–2013

3.3 Nánari upplýsingar um niðurstöður umsókna um meðferð


Tafla 3-1 Fjöldi umsókna og niðurstöður eftir úrræðum og árum

	2009		2010		2011		2012		2013		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Umsóknir samtals	223	100,0	218	100,0	174	100,0	145	100,0	137	100,0	897	100,0
Stúlkur	95	42,3	82	37,6	62	35,6	66	45,5	53	38,7	358	39,9
Drengir	128	57,7	136	62,4	112	64,4	79	54,5	84	61,3	539	60,1
Umsóknum synjað	10	4,5	27	12,4	12	6,9	12	8,3	6	4,4	67	7,5
Umsóknir dregnar til baka	32	14,3	36	16,5	24	13,8	16	11,0	19	13,9	127	14,2
Samþykktar umsóknir	181	81,2	155	71,1	138	79,3	117	80,7	112	81,8	703	78,4
MST	57	100,0	77	100,0	82	100,0	77	100,0	82	100,0	375	100,0
Stúlkur	21	36,8	31	40,3	28	34,2	35	45,5	33	40,2	148	39,5
Drengir	36	63,2	46	59,7	54	65,8	42	54,5	49	59,8	227	60,5
Umsóknum synjað	2	3,5	11	14,3	2	2,4	4	5,2	3	3,7	22	5,9
Umsóknir dregnar til baka	12	21,1	12	15,6	4	4,9	11	14,3	12	14,6	51	13,6
Samþykktar umsóknir	43	75,4	54	70,0	76	92,7	62	80,5	67	81,7	302	80,5
Stuðlar	67	100,0	70	100,0	52	100,0	43	100,0	34	100,0	266	100,0
Stúlkur	27	40,3	21	30,0	15	28,8	21	48,0	13	38,2	97	36,5
Drengir	40	59,7	49	70,0	37	71,2	22	51,2	21	61,8	169	63,5
Umsóknum synjað	2	3,0	7	10,0	7	13,5	5	11,6	3	8,8	24	9,0
Umsóknir dregnar til baka	8	11,9	15	21,4	11	21,2	2	4,7	3	8,8	39	14,7
Samþykktar umsóknir	57	85,1	48	68,6	34	65,4	36	83,7	28	82,4	203	76,3
Meðferðarheimili	99	100,0	71	100,0	40	100,0	25	100,0	21	100,0	256	100,0
Stúlkur	47	47,5	30	40,8	19	47,5	10	40,0	7	33,3	113	44,1
Drengir	52	52,5	41	59,2	21	52,5	15	60,0	14	66,7	143	55,9
Umsóknum synjað	6	6,1	9	12,7	3	7,5	3	12,0	0	0,0	21	8,2
Umsóknir dregnar til baka	12	12,1	9	12,7	9	22,5	3	12,0	4	19,0	37	14,5
Samþykktar umsóknir	81	81,8	53	74,6	28	70,0	19	76,0	17	81,0	198	77,3

3.4 Fjöldi umsókna um meðferð eftir búsetu

Á mynd 3–4 koma fram upplýsingar um fjölda umsókna eftir úrræðum og sveitarfélögum. Þjónustusvæði MST utan Reykjavíkur nær yfir 60–90 mínútna akstursfjarlægð, eða um það bil að Borgarnesi, allt Reykjanes og út fyrir Selfoss að meðtöldum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög í svokölluðu „nágrenni Reykjavíkur“ eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Svokölluð „landsbyggð“ vísar þar með í öll önnur sveitarfélög landsins utan Reykjavíkur og svokallaðs „nágrennis Reykjavíkur.“

Fjöldi umsókna um meðferð milli ára eftir úrræðum og sveitarfélögum á árunum 2009 –2013




¹Þjónustusvæði MST nær yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

²Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Mynd 3-4 Fjöldi umsókna um meðferð milli ára eftir úrræðum og sveitarfélögum á árunum 2009–2013

3.5 Samanburður á fjölda umsókna um meðferð og vegna fósturs á árunum 2009– 2013

Á mynd 3–5 er samanburður umsókna um meðferð og styrkt fóstur, sem og fjölda umsókna um ábendingu um fósturheimili vegna tímabundins fósturs. Sjá má að eftirspurn er mjög breytileg eftir árum en hafa skal í huga til samanburðar umfjöllun í kafla 3.2 um niðurstöður umsókna um meðferð. Til glöggvunar má geta þess að ef allar umsóknir í hin mismunandi meðferðarúrræði, styrkt- og tímabundið fóstur eru taldar saman eftir árum, óháð búsetu, eru þær árið 2009=327, 2010=324, 2011=303, 2012=241 og 2013=256.



¹Þjónustusvæði MST nær yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.


²Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Mynd 3-5 Samanburður á fjölda umsókna um meðferð og vegna fósturs á árunum 2009–2013

3.6 Hlutfall umsókna um meðferð eftir úrræðum og fjölskyldugerð

Á mynd 3–6 kemur m.a. fram að algengast er að börn sem sótt er um meðferð fyrir í öll neðangreind úrræði á tímabilinu 2009–2013, búi hjá einstæðri móður, eða samanlagt 38,6%. Lítil munur er á þessu hlutfalli milli úrræða en það er hæst í MST eða 43%. Hlutfall umsókna fyrir börn sem búa hjá kynforeldrum annars vegar eða móður og stjúpa hinsvegar er nánast jafnt eða í kringum 21%. Lítil munur er á þessu hlutfalli milli einstaka úrræða, en fyrir börn sem búa hjá kynforeldrum er hæsta hlutfall umsókna 22% um MST en lægsta hlutfall 17% um meðferðarheimili. Þau börn sem búa við aðra fjölskyldugerð en hér er talin upp eru flokkuð undir annað, en þar gæti verið um að ræða börn sem búa t.d. hjá ættingjum. (Ekki hefur verið safnað upplýsingum um fjölskylduaðstæður barna sem ráðstafað er í fóstur).

Annars staðar í skýrslunni er fjallað um heimilisaðstæður barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af. Þar kemur fram að hlutfall barna sem bjó hjá kynforeldrum er herra en hlutfall þeirra sem sótt er um meðferð fyrir, eða um 35% árin 2009–2013 (sjá töflu 5–6).



Mynd 3-6 Fjölskyldugerð samkvæmt umsóknum um meðferð á árunum 2009–2013

Með erlendum uppruna barna er átt við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna. Fram kemur í töflu 3–2 hlutfall barna af erlendum uppruna sem sótt var um meðferð fyrir og þar sem óskað var eftir ábendingu um fósturheimili á árunum 2009–2013. Á árinu 2013 var 16,9% barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga börn af erlendum uppruna. Hlutfall barna af erlendum uppruna þar sem sótt var um meðferð fyrir á árinu 2013 var 2,2% og 7,1% þar sem barnaverndarnefndir óskuðu eftir ábendingu um fósturheimili. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru börn af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið var erlent) 16,6% barna á Íslandi við lok árs 2013.


Tafla 3-2 Hlutfall barna af erlendum uppruna á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
	%	%	%	%	%
Hlutfall barna af erlendum uppruna þar sem sótt var um meðferð	6,7	6,9	8,0	6,9	2,2
Hlutfall barna af erlendum uppruna þar sem óskað var eftir fósturforeldrum	12,7	15,9	7,6	8,3	7,1
Barn af erlendum uppruna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga	8,4	12,8	13,3	12,9	16,9
Hlutfall barna af erlendum uppruna á Íslandi	15,0	15,5	16,0	16,6	16,6

3.7 Fjöldi barna í meðferð og á lokaðri deild

Á mynd 3–7 má sjá að svipaður fjöldi barna var í meðferð á árinu 2009 og 2013. „Heildarfjöldi“ telur komur á árinu og einstaklinga í meðferð frá fyrra ári, samtals í öllum meðferðarúrræðum. „Fjöldi einstaklinga“ telur hvern einstakling einu sinni þó hann hafi farið í fleiri en eitt meðferðarúrræði eða oftár en einu sinni í sama úrræðið á árinu. Þannig má sjá að árið 2013 voru 169 börn í meðferð, en þegar stjórnað er fyrir tvítalningu einstaklinga á milli úrræða er fjöldi einstaklinga í þessum úrræðum 144 (sjá nánar í töflu 3–3).

Börnum á Stuðlum og á meðferðarheimilum hefur fækkað umtalsvert en börnum í MST fjölgað. Börnum á meðferðarheimilum fækkaði úr 96 árið 2009 í 33 árið 2013. Á sama tíma fjölgaði börnum í MST úr 53 árið 2009 í 103 árið 2013. MST fer fram á heimili fjölskyldunnar og barnið því ekki vistað utan heimilis. Barnaverndarstofa leggur áherslu á að MST, Stuðlar og meðferðarheimilin vinni saman sem eitt þjónustukerfi eins og tíðkast í svokallaðri stigskiptri þjónustu. Þannig er missterkum inngripum beitt á mismunandi tímabilum, allt eftir þörfum hverju sinni þannig að þjónustan verði markvissari og eftir atvikum samfelldari. Möguleikar á inngripum hafa orðið fjölbreyttari undanfarin ár eins og sjá má af því að árið 2013 voru samtals 65 börn í meðferð á Stuðlum og meðferðarheimilum og 103 börn í MST.




¹„Fjöldi einstaklinga“ telur hvern einstakling einu sinni þó hann hafi farið í fleiri en eitt meðferðarúrræði eða oftár en einu sinni í sama úrræðið á árinu.

²„Heildarfjöldi“ telur komur á árinu og einstaklinga í meðferð frá fyrra ári, samtals í öllum meðferðarúrræðum.

Mynd 3-7 Fjöldi barna í meðferð á árunum 2009–2013

Á mynd 3–8 má sjá að komur á lokaða deild Stuðla eru rúmlega helmingi fleiri en fjöldi einstaklinga, þar sem hluti barnanna er vistaður oftár en einu sinni. Á árinu 2013 voru komur svipaður fjöldi og árið á undan og jafn margir einstaklingar voru vistaðir og árið á undan. Á árinu 2012 eru komur nokkuð færri en árin á undan og einstaklingum fækkar. Barnaverndarnefndir kvörtuðu undan því við Barnaverndarstofu frá árinu 2009 að lokað deild væri stundum full og því ekki hægt að vista börn. Dregið hefur úr þessum vanda eins og sjá má í færri komum síðastliðin tvö ár. Samarið 2014 hófust framkvæmdir við breytingar á húsnæði Stuðla sem miða að bættum aðstæðum og möguleika á að aðskilja börn á lokaðri deild eftir kyni og jafnvel aldri.



Mynd 3-8 Komur á lokaða deild Stuðla (neyðarvistun) á árunum 2009–2013

3.8 Nánari upplýsingar um fjölda barna í meðferð

Í töflu 3–3 má sjá yfirlit yfir fjölda barna á meðferðarheimilum, á meðferðardeild Stuðla og í MST á tímabilinu 2009–2013. Í dálki 1 er fjöldi innskrifta (komur) á hverju ári auk þeirra einstaklinga sem voru enn í meðferð en höfðu innskrifast árið á undan. Í dálki 2 er fjöldi innskrifta (komur) á hverju ári og í dálki 3 tölur um fjölda einstaklinga sem innskrifast þar sem hver einstaklingur er talinn einu sinni þó hann kundi að hafa innskrifast (komið) tvisvar í sama úrræði á árinu. Athugið að einstaklingur er talinn í öllum þeim meðferðarúrræðum sem hann sótti innan sama ársins, sbr. „heildarfjöldi“ (var t.d. í MST, á Stuðlum og/eða meðferðarheimili á sama árinu). „Fjöldi einstaklinga“ tilgreinir hvern einstakling einungis einu sinni þó hann hafi farið í fleiri en eitt meðferðarúrræði eða oftari en einu sinni í sama úrræði á árinu.

Þannig má sjá að árið 2013 voru 169 börn í meðferð, en þegar stjórnað er fyrir tvítalningu einstaklinga á milli úrræða er hreinn fjöldi einstaklinga í þessum úrræðum 144. Einstaklingar geta hins vegar verið tvítaldir milli ára. Fram til ársins 2012 var fjöldi barna á Stuðlum svipaður á milli ára, eða 48–52 börn, en á árinu 2012 varð nokkur fækkun miðað við árin á undan eða 35 börn og á árinu 2013 fækkaði þeim í 32. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar var tekin sú ákvörðun að loka meðferðardeildinni vegna sumarleyfa starfsfólks frá 1. júlí til 1. ágúst bæði árin, 2012 og 2013. Með þessu móti mátti draga úr þörf fyrir sumarafleysingar og halda jafnari gæðum á meðferðinni allt árið, enda hafði eftirspurn farið dvínandi. Hins vegar er ástæða fækkunar barna sú að meðferðarplássum á Stuðlum var fækkað úr 8 í 6 frá og með febrúar 2013 (sjá nánar í inngangi að kafla 3). Ekki kemur fram í töflunni, að á tímabilinu 2009–2012 hafa fimm börn fengið þjónustu meðferðardeildar án sólarhringsvistunar. Öll árin eru drengir fleiri en stúlkur í meðferð á Stuðlum, hlutfall drengja eykst umtalsvert á árunum 2010 og 2011, er jafnara á árinu 2012, en eykst á ný á árinu 2013. Í MST hafa drengir verið mun fleiri en stúlkur öll árin, en munurinn minnkar á árinu 2013. Öll árin eru drengir fleiri en stúlkur á meðferðarheimilunum en hafa þarf í huga að meðferðartími á Laugalandi, þar sem einungis eru vistaðar stúlkur, er lengri en í Háholti og á Lækjarbakka (sbr. tafla 3–8).

Tafla 3-3 Fjöldi barna í meðferð á árunum 2009–2013

	1 Heildarfjöldi í meðferð (innskriftir/komur og frá fyrra ári)					2 Innskriftir (komur)					3 Innskrifaðir einstaklingar				
	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi einstaklinga	149	153	145	133	144	124	121	114	96	109	124	121	114	96	109
Stúlkur	63	58	45	52	60	58	45	79	39	41	58	45	79	39	41
Drengir	86	95	100	81	84	66	76	35	57	68	66	76	35	57	68
Samtals í öllum úrræðum	201	192	176	166	169	161	151	138	113	126	152	148	136	109	125
Stúlkur	87	71	58	67	71	71	55	45	46	50	69	54	47	46	50
Drengir	114	121	118	99	98	90	96	93	67	76	83	94	89	63	75
MST¹	53	68	87	97	103	40	52	68	63	74	39	51	68	63	74
Stúlkur	18	25	27	34	44	15	17	22	23	31	15	16	22	23	31
Drengir	35	43	60	63	59	25	35	46	40	43	24	35	46	40	43
Stuðlar meðferð	52	48	49	35	32	45	43	45	30	29	42	42	44	28	29
Stúlkur	24	14	12	17	12	21	14	12	14	10	20	14	12	14	10
Drengir	28	34	37	18	20	24	29	33	16	19	22	28	32	14	19
Háholt	13	16	13	9	9	9	13	8	6	7	9	12	8	4	6
Stúlkur	6	4	2	1	1	5	2	0	1	1	5	2	0	1	1
Drengir	7	12	11	8	8	4	11	8	5	6	4	10	8	3	5
Laugaland²	12	12	15	12	11	9	7	10	6	6	9	7	9	6	6
Stúlkur	12	12	15	12	11	9	7	10	6	6	9	7	9	6	6
Laug.sérúrræði³	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Lækjarbakki⁴	–	9	12	13	13	–	9	7	8	9	–	9	7	8	9
Stúlkur	–	2	2	3	3	–	2	1	2	2	–	2	1	2	2
Drengir	–	7	10	10	10	–	7	6	6	7	–	7	6	6	7
Árbót⁵	15	5	–	–	–	9	2	–	–	–	9	2	–	–	–
Stúlkur	6	0	–	–	–	3	0	–	–	–	3	0	–	–	–
Drengir	9	5	–	–	–	6	5	–	–	–	6	5	–	–	–
Götusmiðjan⁶	55	33	–	–	–	49	25	–	–	–	44	25	–	–	–
Stúlkur	20	13	–	–	–	18	13	–	–	–	17	13	–	–	–
Drengir	35	20	–	–	–	31	12	–	–	–	27	12	–	–	–
Sérúrræði⁷	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1	–	–	–	–	1

¹MST meðferð byrjaði í október 2008.

²Á Laugalandi eru eingöngu vistaðar stúlkur.

³Sérúrræði var sett á fót á Laugalandi 2008 og var starfrækt fram á mitt ár 2010.

⁴Meðferðarheimilið Lækjarbakki tók til starfa þann 27. ágúst 2010.

⁵Árbót hætti starfsemi 1. júlí 2010.

⁶Brúarholt/Götusmiðjan. Hætti starfsemi í júní 2010.

⁷Sérúrræði var sett á fót haustið 2013.

3.9 Nánari upplýsingar um fjölda barna og innskriftir á lokaða deild

Í töflu 3–4 má sjá tölur um fjölda barna á lokaðri deild. Ekki er reiknaður fjöldi í dálki 1 með samanlögðum komum á árinu og börnum frá fyrra ári eins og í töflu 3–3 um börn í meðferð þar sem vistanir á lokaðri deild vara jafnan aðeins í nokkra daga. Í dálki 2 eru tölur um allar komur á árinu en í dálki 3 tölur um fjölda einstaklinga á bak við komufjöldann.

Tafla 3-4 Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla á árunum 2009–2013

	1 Heildarfjöldi (innskriftir/komur og frá fyrra ári)					2 Innskriftir (komur)					3 Innskrifaðir einstaklingar				
	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013
Lokað deild	–	–	–	–	–	263	253	234	209	206	114	102	98	82	82
Stúlkur	–	–	–	–	–	148	99	88	76	77	57	40	38	32	30
Drengir	–	–	–	–	–	115	154	146	133	129	57	62	60	50	52

Hafa þarf í huga að ákveðinn hópur barna kemur aðeins í eitt skipti á lokaða deild, meðan aðrir koma endurtekið á ákveðnum tímabilum. Ekki hefur verið skoðað hvernig þessu háttar varðandi börn sem voru vistuð á árinu 2012 og 2013 en í *töflu 3–5* kemur fram hversu algengt er að sama barn sé neyðarvistað oftar en einu sinni á tímabilinu 2007–2011. Ekki eru marktækar breytingar milli ára. Á þessu fimm ára tímabili hafa samanlagt um 40% barnanna verið vistuð einu sinni en um 34% þrisvar til tíu sinnum. Dæmi eru um að barn hafi samanlagt verið vistað allt að 24 sinnum á neyðarvistun á umræddu fimm ára tímabili. Í *töflu 3–6* kemur fram að þegar börn eru vistuð endurtekið á neyðarvistun geta samanlagðir vistunardagar að sama skapi orðið margir. Fram kemur að um 58% barna eru samanlagt vistuð 1–14 daga en dæmi eru um að samanlagðir vistunardagar barns geti verið á bilinu 5–10 og jafnvel 11–22 vikur. Þess ber að geta að árið 2007 voru rúm 59% barnanna vistuð 1–14 daga en árið 2011 hafði hlutfall þeirra minnkað í 50%, sem þýðir að samanlögðum vistunardögum barna á neyðarvistun er að fjölga. Í útreikningi í töflum 3–5 og 3–6 eru teknar með vistanir barns á 12 mánaða tímabil fyrir fyrstu vistun á því ári eða tímabili sem um ræðir, svo meta megi hvort um endurteknar vistanir er að ræða.

Tafla 3-5 Fjöldi vistana á árunum 2007–2011 að viðbættu 12 mánaða tímabili fyrir fyrstu vistun barns 2007

N=359	1 vistun	2 vistanir	3–10 vistanir	Fleiri en 10 vistanir
Fjöldi barna	144	70	122	23
Hlutfall %	40,1%	19,5%	34,0%	6,4%


Tafla 3-6 Vistunardagar barna á árunum 2007–2011 að viðbættu 12 mánaða tímabili fyrir fyrstu vistun barns 2007

N=359	1–7 dagar	8–14 dagar	2–3 vikur	3–4 vikur	5–10 vikur	11–22 vikur
Fjöldi barna	124	83	49	19	63	21
Hlutfall %	34,5%	23,1%	13,6%	5,3%	17,5%	5,8%

3.10 Aldurs- og kynjaskipting

Aldur barns er miðaður við fæðingarár, t.d. eru 18 ára þau börn sem verða 18 ára á því ári sem fjallað er um. Á mynd 3–9 kemur fram að á árunum 2009–2013 var algengast að börn sem innskrifuðust í MST meðferð væru 14, 15 eða 16 ára. Börn á Stuðlum voru oftast 15 og 16 ára en börn á meðferðarheimilum oftast 17 ára. Á lokaðri deild Stuðla er algengast að börn séu 15 og 16 ára. Hafa þarf í huga að algengara er að sömu börnin innskrifist oftar en einu sinni á árinu á lokaða deild Stuðla en í önnur úrræði og því er mismunur á komum og fjölda einstaklinga mun meiri þar en í öðrum úrræðum (sjá nánar töflu 3–4). MST er ætlað fyrir börn frá 12 ára aldri. Þrátt fyrir það vísa barnaverndarnefndir sjaldan 12 og 13 ára börnum í MST sem sjá má á því að aðeins 2% mála í MST eru 12 ára og um 10% 13 ára börn. Almennu eru 12 og 13 ára börn ekki vistuð á meðferðarheimilum þar sem vægari úrræði eru jafnan reynd áður og reynt að koma í veg fyrir blöndun svo ungra barna við eldri börn í vanda. Engu að síður má sjá að eitt 12 ára barn og þrjú 13 ára börn voru vistuð á meðferðarheimili á tímabilinu en í þeim tilvikum var það mat viðkomandi barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu að ekkert hentugra úrræði stæði til boða á þeim tíma, eftir að öll tiltæk vægari úrræði höfðu verið reynd, og að sérstakar aðstæður á meðferðarheimilunum leyfðu ráðstöfun svo ungra barna sem í tveimur tilvikum stóð stutt yfir. Í *töflu 3–7 í kafla 3–11* eru frekari upplýsingar um aldur barna við innskrift.


Aldursskipting: Innskrifuð börn á árunum 2009–2013



Mynd 3-9 Aldursskipting: Innskrifuð börn á árunum 2009–2013

Á mynd 3–10 kemur fram að á tímabilinu 2009–2013 eru drengir í MST tæplega helmingi fleiri en stúlkur. Drengir eru um helmingi fleiri en stúlkur á meðferðardeild Stuðla. Á lokaðri deild Stuðla hafa drengir verið innskrifaðir oftari en stúlkur öll árin (nema árið 2009 þegar stúlkur voru innskrifaðar oftari en drengir, sjá nánar töflu 3–7). Hafa þarf í huga að algengara er að sömu börnin komi oftari en einu sinni á árinu á lokaða deild Stuðla en í önnur úrræði og því er mismunur á fjölda innskrifta og fjölda einstaklinga mun meiri þar en í öðrum úrræðum (sjá nánar töflu 3–4). Jafnari hlutföll drengja og stúlkna eru á meðferðarheimilum þar sem hlutfall drengja er 55,8%. Hins vegar kemur fram í kafla 3–12 um lengd meðferðar, þar sem miðað er við útskrifuð börn á sama tímabili, að stúlkur dvöldu að meðaltali lengur á meðferðarheimilum en drengir.

Kynjahlutfall innskrifta á árunum 2009–2013



Mynd 3-10 Kynjahlutfall innskrifta á árunum 2009–2013

3.11 Nánari upplýsingar um aldurs- og kynjahlutföll

Tafla 3-7 Innskriftir eftir kyni og aldri¹ á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Innskriftir/komur										
MST	40	100,0	52	100,0	68	100,0	63	100,0	74	100,0
Stúlkur	15	37,5	17	32,7	22	32,4	23	36,5	31	41,9
Drengir	25	62,5	35	67,3	46	67,6	40	63,5	43	58,1
18 ára	0	0,0	0	0,0	2	2,9	6	9,5	3	4,1
17 ára	6	15,0	6	11,5	5	7,4	10	15,9	9	12,2
16 ára	14	35,0	13	25,0	20	29,4	10	15,9	18	24,3
15 ára	4	10,0	16	30,8	19	27,9	19	30,2	21	28,4
14 ára	7	17,5	12	23,1	17	25,0	13	20,6	12	16,2
13 ára	6	15,0	3	5,8	5	7,4	5	7,9	10	13,5
12 ára	3	7,5	2	3,9	0	0,0	0	0,0	1	1,4
Stuðlar meðferð	45	100,0	43	100,0	45	100,0	30	100,0	29	100,0
Stúlkur	21	46,7	14	32,6	12	26,7	14	43,3	10	34,5
Drengir	24	53,3	29	67,4	33	73,3	16	56,7	19	65,5
18 ára	1	2,2	2	4,7	1	2,2	4	13,3	2	6,9
17 ára	2	4,4	13	30,2	6	13,3	6	20,0	7	24,1
16 ára	16	35,6	4	9,3	19	42,2	10	33,3	9	31,0
15 ára	14	31,1	12	27,9	12	26,7	8	26,7	5	17,2
14 ára	10	22,2	11	25,6	6	13,3	2	6,7	4	13,8
13 ára	2	4,4	1	2,3	1	2,2	0	0,0	2	6,9
12 ára	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Lokuð deild Stuðla	263	100,0	253	100,0	234	100,0	209	100,0	206	100,0
Stúlkur	148	56,3	99	39,1	88	37,6	76	36,4	77	37,4
Drengir	115	43,7	154	60,9	146	62,4	133	63,6	129	62,6
18 ára	16	6,1	11	4,3	25	10,7	20	9,6	27	13,1
17 ára	51	19,4	67	26,5	23	9,8	76	36,4	50	24,3
16 ára	67	25,5	41	16,2	81	34,6	50	23,9	64	31,1
15 ára	71	27,0	77	30,4	64	27,4	48	23,0	28	13,6
14 ára	47	17,9	41	16,2	37	15,8	7	3,3	11	5,3
13 ára	7	2,7	13	5,1	1	0,4	3	1,4	26	12,6
12 ára	4	1,5	3	1,2	0	0,0	5	2,4	0	0,0
11 ára	0	0,0	0	0,0	3	1,3	0	0,0	0	0,0
Meðferðarheimili	76	100,0	56	100,0	25	100,0	20	100,0	22	100,0
Stúlkur	35	46,1	24	42,9	11	44,0	9	45,0	9	40,9
Drengir	41	53,9	32	57,1	14	56,0	11	55,0	13	59,1
18 ára	14	18,4	12	21,4	4	16,0	0	0,0	4	18,2
17 ára	31	40,8	21	37,5	2	8,0	8	40,0	7	31,8
16 ára	18	23,7	6	10,7	5	20,0	8	40,0	6	27,3
15 ára	8	10,5	12	21,4	12	48,0	4	20,0	4	18,2
14 ára	4	5,3	3	5,4	2	8,0	0	0,0	0	0,0
13 ára	0	0,0	2	3,6	0	0,0	0	0,0	1	4,5
12 ára	1	1,3	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0

¹ Aldur barns er miðaður við fæðingarár, t.d. eru 18 ára þau börn sem verða 18 ára á því ári sem fjallað er um.

3.12 Lengd vistunar/meðferðar

Í *töflu 3–8*, sem fjallar um útskrifuð börn, kemur fram að lengd MST meðferðar hefur að meðaltali þokast upp á við fyrir bæði kyn, eða frá 117 dögum árið 2009 í 140 daga árið 2012, en meðallengd meðferðar styttist lítillega á árinu 2013. Almennt viðmið er að MST taki á bilinu 3–5 mánuði. Lengd MST meðferðar hefur að meðaltali verið svipuð milli kynja á tímabilinu 2009–2013. MST meðferðin byrjaði í október 2008 og voru drengir heldur fleiri daga að meðaltali í meðferð fram til ársins 2012, en árin 2012 og 2013 voru stúlkur heldur fleiri daga í meðferð. Lengd vistana á Stuðlum er að meðaltali nánast sú sama fyrir bæði kyn og breytist lítið á tímabilinu nema meðallengd dvalar hjá stúlkum eykst á árunum 2012 og 2013. Athugið að tímalengd eftirmeðferðar á Stuðlum er ekki reiknuð með í þessum tölum. Lengd vistana á meðferðarheimilum hefur verið breytileg á tímabilinu 2009–2013, sjá nánar sundurliðun í næsta kafla 3.12.1.

3.12.1 Nánari upplýsingar um lengd vistunar/meðferðar

Í *töflu 3–8* kemur fram að lengd vistana á meðferðarheimilum hefur verið mjög breytileg á tímabilinu 2009–2013. Þetta má að einhverju leyti rekja til breytinga á meðferðarkerfinu og umönnunarþyngd en gera þarf fyrirvara á samanburði vegna þess hversu fáir einstaklingar eru að baki tölunum. Þannig má m.a. sjá að stuttar vistanir ákveðinna einstaklinga á Árbót/Bergi og á Laugalandi á árinu 2009 hafa áhrif til lækkunar meðaltalsins. Meðallengd meðferðar styttist á öllum meðferðarheimilunum á árinu 2013. Stystur að meðaltali er meðferðartíminn í Háholti eða 87 dagar árið 2013, en lengstur á Laugalandi eða 265 dagar, en þar eru eingöngu vistaðar stúlkur í meðferð. Raunverulegur meðferðartími tiltekins barns getur verið nokkru lengri en tölur um meðallengd dvalar gefa til kynna þar sem barnið getur innskrifast í fleiri en eitt úrræði, yfir lengra eða skemmra tímabil. Dvalartími í meðferð hjá Götusmiðjunni var ekki sambærilegur við önnur heimili og er hann birtur til upplýsingar í töflunni, en er ekki reiknaður inn í meðallengd dvalar á meðferðarheimilum.

Tafla 3-8 Meðferðartími á árunum 2009–2013

	Meðallengd vistunar/meðferðar í dögum					Lengsta vistun/meðferð í dögum					Stysta vistun/meðferð í dögum				
	'09	'10	'11	'12	'13	'09	'10	'11	'12	'13	'09	'10	'11	'12	'13
MST	117	123	131	140	130	167	125	287	267	226	36	20	30	49	36
Stúlkur	101	120	115	142	133	153	124	192	200	226	55	20	30	75	43
Drengir	106	126	138	139	127	167	126	287	267	189	36	29	42	49	36
Stuðlar															
meðferðardeild	47	53	47	55	59	66	67	81	85	123	6	7	7	14	11
Stúlkur	44	49	47	57	67	57	67	57	85	123	6	7	31	21	47
Drengir	51	55	47	53	53	66	87	81	81	98	14	13	7	14	11
Lokuð deild															
Stuðla	5,9	6,0	6,4	5,9	6,0	18	38	15	26	18	1	1	1	1	1
Stúlkur	5,9	6,3	6,1	5,4	5,6	17	38	15	26	15	1	1	1	1	1
Drengir	5,8	5,7	6,6	6,1	6,1	18	15	15	21	18	1	1	1	1	1
(tíðasta gildi)	(3)	(2)	(4)	(4)	(3)	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Háholt	148	129	158	159	87	222	270	260	206	273	34	43	63	54	23
Stúlkur	155	173	222	182	23	222	270	260	182	23	110	76	184	182	23
Drengir	144	119	141	155	97	222	212	243	206	273	34	43	63	54	33
Laugaland ¹	207	255	240	307	265	375	380	414	420	402	9	168	52	160	143
Stúlkur	207	255	240	307	265	375	380	414	420	402	9	168	52	160	143
Lækjarbakki	–	82	210	226	165	–	107	310	331	370	–	34	93	64	51
Stúlkur	–	91	243	122	130	–	91	243	180	130	–	91	243	64	130
Drengir	–	79	204	256	169	–	107	310	331	370	–	34	93	133	51
Árbót	166	181	–	–	–	378	351	–	–	–	7	65	–	–	–
Stúlkur	164	181	–	–	–	378	351	–	–	–	20	65	–	–	–
Drengir	168	0	–	–	–	340	0	–	–	–	7	0	–	–	–
Götusmiðjan ²	(68)	(54)	–	–	–	259	230	–	–	–	1	1	–	–	–

¹Á Laugalandi eru eingöngu stúlkur í meðferð

²Götusmiðjan hætti starfsemi í júní 2010. Dvalartími í meðferð hjá Götusmiðjunni er ekki sambærilegur við önnur heimili og er hann birtur til upplýsingar en er ekki reiknaður inn í meðallengd dvalar á meðferðarheimilum.

3.13 Fjöldi rýma, nýtingarhlutfall og fjöldi stöðugilda

Í töflu 3–9 má sjá yfirlit yfir fjölda rýma á meðferðarheimilum, nýtingarhlutfall og fjölda stöðugilda á meðferðarheimilunum, Stuðlum og í MST. Taflan sýnir að á tímabilinu 2009–2013 hefur rýmum fækkað úr 30 í 15 á meðferðarheimilunum að frátöldum Stuðlum. Á sama tímabili hefur rýmum í MST fjölgað úr 16 í u.þ.b. 30. Meðferðarrýmum á Stuðlum var fækkað úr 8 í 6 fyrripart árs 2013 (sjá nánar í inngangi að kafla 3). Meðferðarteymi er grunneining í MST og samanstendur af allt að 4 þerapistum og einum teymisstjóra sem gegnir veigamiklu hlutverki í að tryggja meðferðarfylgni, handleiðslu og starfsþróun þerapista og annast samskipti við barnaverndarnefndir. Fjöldi stöðugilda í MST var 5 í upphafi, en fjölgaði í allt að 8 á árinu 2010 og aftur í allt að 10 stöðugildi á árinu 2011. Hver þerapisti sinnir að jafnaði 4 fjölskyldum í senn í 3–5 mánuði. Ætla má að tvö teymi með 8 þerapistum geti sinnt um 80–100 fjölskyldum á ári, á þjónustusvæði sem getur náð yfir 60–90 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Tafla 3-9 Fjöldi rýma, nýtingarhlutfall og fjöldi stöðugilda á árunum 2009–2013

Heimili	Fjöldi rýma					Nýtingarhlutfall %					Fjöldi stöðugilda				
	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013
Árbót ¹	6	6	–	–	–	70,6	49,4	–	–	–	10	10	–	–	–
Laugaland ²	6	6	6	6	6	71,6	90,8	98,0	98,4	83,2	6	10	10	10	10
Laugaland sérúrræði ³	1	1	–	–	–	100,0	100,0	–	–	–	6	6	–	–	–
Háholt ⁴	4	5	5	5	3	96,8	92,6	83,2	70,7	46,7	10	10,5	11,5	11,5	8
Götusmiðjan ⁵	13	13	–	–	–	65,7	60,2	–	–	–	15	15	–	–	–
Lækjarbakki ⁶	–	6	6	6	6	–	80,2	84,4	80,1	78,9	–	17,0	14,95	15,5	16,26
Alls/meðaltal	30	37	17⁸	17⁸	15⁸	73,1	76,0	88,9	83,8	73,6	47	68,5	36,45	37,0	34,26
Stuðlar meðferðardeild	8	8	8	8	6	80,5	76,6	72,0	58,4	75,5	23,9	25,0	25,0	27,2	27,8
Stuðlar lokuð deild (neyðarv.)	5	5	5	5	5	85,1	84,0	83,3	67,1	75,9					
MST⁷	16	22	30	30	29	90	100	90	82	93	5	7,4	9,5	9,5	9,3

¹ Meðferðarheimilið Árbót hætti starfsemi 1. júlí 2010, því er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við það.

² Rýmum á Laugalandi fækkaði tímabundið á árinu 2010 vegna aukinnar umönnunarþyngdar.

³ Sérúrræði var opnað fyrir eitt fatlað barn á Laugalandi 15. júlí 2008 og starfrækt til 16. júlí 2010.

⁴ Rýmum í Háholti fækkaði tímabundið á árinu 2011 og 2012 vegna aukinnar umönnunarþyngdar og er því raunfjöldi vistunardaga hærri sem því nemur. Þann 1. júlí 2010 var fjölgað um eitt pláss og stöðugildi fóru úr 10 í 10,5. Á árinu 2013 fækkaði rýmum í Háholti úr 5 í 3 og stöðugildi fóru úr 11,5 í 8.

⁵ Götusmiðjan hætti starfsemi í júní 2010 og miðast hámarksfjöldi vistunardaga við það.

⁶ Meðferðarheimilið Lækjarbakki tók til starfa þann 27. ágúst 2010, því er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við það. Rýmum á Lækjarbakka fækkaði tímabundið á árinu 2013 vegna aukinnar umönnunarþyngdar og er því raunfjöldi vistunardaga hærri sem því nemur.

⁷ Nýtingarhlutfall í MST er reiknað með sama hætti og á meðferðarheimilum, þ.e. út frá raunfjölda vistunardaga (hversu mörg rými eru nýtt) og fjölda rýma sem eru fyrir hendi á hverju ári. Fjöldi rýma í MST er reiknaður út frá raunverulegum fjölda þerapista á hverju ári, og að hvert heilt stöðugildi þerapista sinni 4 málum í senn alla daga ársins. Athugið að frá febrúar 2010 eru tvö stöðugildi teymisstjóra en fram að því eitt stöðugildi. Þannig voru stöðugildi árið 2013 samtals 9,3 – þar af 7,3 þerapistar og 2 teymisstjórar.

⁸ Samkvæmt samningum við meðferðarheimilin er gert ráð fyrir allt að þremur rýmum til viðbótar ef aðstæður kalla á, hér er því átt við lágmarksfjölda rýma.

3.14 Stigskipt þjónusta

Þegar MST meðferðin var innleidd árið 2008 þótti fyrirsjáanlegt að markhópur Stuðla og meðferðarheimila myndi breytast og dragast saman. Það hefur orðið raunin enda eru nú einungis þeir sem glíma við alvarlegasta vandann vistaðir á meðferðarstofnun eins og alþjóðlegar rannsóknir á sviðinu mæla með. Með MST meðferðinni hefur tekist að draga úr líkum á því að vista þurfi barn utan heimilis vegna hegðunarvanda og í þeim tilvikum sem vistun reynist síðan nauðsynleg hefur tekist að seinka henni. Af þessum sökum hefur umönnunarþyngd barna á Stuðlum og meðferðarheimilum aukist til muna, þar sem fleiri börn með alvarlegan vanda dvelja þar á hverjum tíma. Barnaverndarstofa hefur lagt áherslu á að Stuðlar, meðferðarheimilin og MST vinni saman sem eitt þjónustukerfi eins og tíðkast í svokallaðri samfelldri umönnun og stigskiptri þjónustu. Á þann hátt er missterkum inngrípum beitt á mismunandi tímabilum, allt eftir þörfum hverju sinni þar sem ávallt skal beita eins vægum inngrípum og unnt er. Þannig getur tekist að koma í veg fyrir vistun utan heimilis með MST meðferð eða að fjölskylda hefur lokið MST meðferð en vandinn vex og þörf er á tímabundinni vistun barns utan heimilis. Á hinn bóginn er hægt að halda stuðningi áfram á heimavelli með MST meðferð eftir útskrift af Stuðlum eða meðferðarheimili þegar það er talið eiga við.

3.15 Meðferð vegna alvarlegs vímuefnavanda og í stað afplánunar í fangelsi

Barnaverndarstofa lagði til við Velferðarráðuneytið í júlí 2011 að sett yrði á laggirnar ný stofnun á höfuðborgarsvæðinu fyrir eldri unglinga sem glíma við alvarlegan vímuefnavanda, og/eða sæta gæsluvarðhaldi eða afplána óskilorðsbundna fangelsisdóma. Staðsetning slíkrar stofnunar þarf að taka mið af þeim veruleika að meðferðin verður að fela í sér mikla aðlögun að heimaumhverfi svo takast megi á við helstu áhættuþætti. Það sem einkennir oft þennan markhóp er að eiga að baki margar meðferðir á stofnunum Barnaverndarstofu. Einnig geta

þeir átt að baki innlagnir hjá SÁÁ án þess að geta nýtt sér fyllilega þá meðferð, hafa gengið út eða verið vísað þaðan vegna hegðunar. Í dag er það svo að erfitt getur reynst að þjónusta þennan hóp með fullnægjandi hætti og barnaverndarnefndir hafa ítrekað óskað eftir úrbótum. Tillögurnar fólu í sér að með þessari nýju stofnun gæti Ísland fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem unnt væri að dæma unglinga fyrir brot sem þeir fremja fyrir 18 ára aldur til meðferðar í stað fangelsis. Velferðarráðuneytið tók vel í þessar tillögur en ekki hefur verið veitt fé til verkefnisins. Barnasáttmálinn var lögfestur á fyrri hluta árs 2013. Hér ber að geta þess að um árabíl hafa unglingar getað valið um hvort þeir afplána dóm í meðferð eða í fangelsi og hafa þá verið á sérstökum skilyrðum á almennum meðferðarheimilum en þurft að fara í fangelsi við ákveðin reglubrot. Í gildi er samningur milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu sem miðar að því að gefa föngum undir 18 ára aldri kost á því að sækja meðferð á meðferðarheimili Barnaverndarstofu í stað afplánunar eða gæsluvarðhalds í fangelsi. Þessi ráðstöfun byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga. Enginn einstaklingur var vistaður á meðferðarheimili á grundvelli þessa samnings á árunum 2010–2012, en tveir á árinu 2013.

3.16 Reglur og gæðastaðlar

Árið 1999 tóku gildi *Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu*. Árið 2001 tóku gildi *Reglur Barnaverndarstofu um samstarf meðferðarheimila og barnaverndarnefnda* sem fjalla m.a. um umsóknarferli og skilyrði umsókna, umgengni barna við nákomna, gerð vistunarsamnings, kostnaðarþætti, útskriftarferli og vistun barna á lokaðri deild í neyðar- og brádatilvikum. Árið 2007 hófst vinna við að þróa íslenska gæðastaðla, *Staðlar fyrir vistun barna eða fóstur á vegum barnaverndaryfirvalda*. Voru staðlarnir gefnir út árið 2008 og skilgreina þeir hvernig staðið skuli að verkþáttum við vistun barns eða ráðstöfun þess í fóstur og hvað beri að varast. Þeir eru nokkurs konar leiðarvísir fyrir barnaverndarnefndir um vistun barna allt frá undirbúningi til framkvæmdar og eftirfylgdar. Við þróun staðlanna var höfð hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum, fyrst og fremst „Quality4Children Standards“ og tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum sem ráðherranefndin samþykkti 16. mars 2005. Vinnu við íslensku staðlana lauk í ágúst 2008 og voru þeir þá sendir til allra barnaverndarnefnda, stofnana barnaverndaryfirvalda og annarra aðila sem talið var að gætu haft gagn af. Í kjölfarið var eftirlit með vistunarferlinu endurskoðað og er nú stuðst við staðlana við framkvæmd eftirlits á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu og hafa þeir einnig verið notaðir við eftirlit með vistheimilum. Í ágúst 2011 lauk endurskoðun á stöðlunum og þeir gefnir út að nýju.

3.17 Ytra og innra eftirlit

Ofangreindar reglur og gæðastaðlar, ásamt þjónustusamningum og öðrum gögnum, liggja til grundvallar ráðgjöf og eftirliti Barnaverndarstofu. Í meginatriðum lýtur eftirlit með meðferðarheimilum og Stöðlum að eftirfarandi þáttum:

- Að meta hvort starfsemi heimilanna uppfylli settar kröfur
- Að stuðla að almennum umbótum í meðferðarstarfi og benda á það sem betur má fara
- Að ganga úr skugga um að þjónustu- og vistunarsamningar séu uppfylltir
- Að ganga úr skugga um að gæðastaðlar séu uppfylltir

Annars vegar er um að ræða svonefnt *innra eftirlit*, sem starfsfólk Barnaverndarstofu framkvæmir. Hins vegar er um að ræða *ytra eftirlit*, sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur, eftirlitsmaður, hefur haft með höndum frá árinu 2004 en þessi hluti eftirlitsins fluttist yfir til Velferðarráðuneytisins árið 2012.

Ytra eftirlit. Samkvæmt 89 gr. barnaverndarlaga hefur ráðuneytið eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

Innra eftirlit. Barnaverndarstofa sinnir ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningum við meðferðarheimili. Meginmarkmið ráðgjafar Barnaverndarstofu er að stuðla að faglegum umbótum í meðferðarstarfi, efla gæði meðferðar og tryggja velferð barna. Í ráðgjöfinni felst svokallað innra eftirlit og hluti hennar felst í því að starfsmaður Barnaverndarstofu fer í þrjár heimsóknir á ári á hvert meðferðarheimilanna auk þess að vera í reglubundnu sambandi við heimilin um síma eða tölvupóst. Þannig er starfsemi heimilanna skoðuð, gengi

barna metið, rætt við meðferðaraðila um innra starf, skóla- og starfsmannamál, inn- og útskriftir barna o.s.frv. Einnig er rætt við börnin og lögð fyrir þau viðhorfskönnun þar sem þeim gefst m.a. kostur á að tjá sig um eigin líðan, meta framfarir og segja hvað þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Eftir hverja heimsókn er gerð skýrsla um niðurstöður. Á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is, má finna samantekt á viðhorfskönnunum sem lagðar voru fyrir börn á meðferðarheimilum á árunum 2002 til 2010. Um var að ræða 611 viðhorfskannanir, lagðar fyrir 287 börn.

3.18 Verklagsreglur, þvingun og farvegur kvartana

Barnaverndarstofa uppfærir reglulega handbók fyrir starfsfólk meðferðarheimilanna. Efni handbókarinnar hefur að hluta orðið til á undanförunum árum í góðu samstarfi Barnaverndarstofu við starfsfólk meðferðarheimila, Stuðla, barnaverndarnefnda, barna- og unglingsgeðdeildar LSH og Landlæknisembættisins og eru öllum þakkir færðar fyrir framlagið. Efnið hefur síðan verið kynnt meðferðarheimilunum smám saman. Í ágúst 2008 hafði allt efni handbókarinnar verið endurskoðað, því safnað saman og það kynnt fyrir öllu starfsfólki meðferðarheimilanna. Handbókin er ætluð til leiðbeiningar fyrir starfsfólk meðferðarheimila sem rekin eru undir yfirstjórn Barnaverndarstofu samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Handbókinni er í fyrsta lagi ætlað að vera leiðbeinandi um fagleg vinnubrögð á meðferðarheimilunum. Í öðru lagi er henni ætlað að auðvelda aðgengi starfsfólks að skriflegum gögnum og eyðublöðum er varða daglegt starf þeirra. Í þriðja lagi er henni ætlað að efla öryggi starfsfólks sem um leið eflir öryggi þeirra barna sem eru vistuð til meðferðar á heimilunum. Í fjórða lagi má nota hana til að þjálfa nýliða í starfi. Forstöðumönnum er ætlað að viðhalda þekkingu á handbókinni og hafa veg og vanda að því að unnið sé samkvæmt henni. Gert er ráð fyrir breytingum á efni hennar og viðbótum með reglulegum hætti.

Í handbókinni eru meðal annars *reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu*, sem og efni sem varðar skipulag barnaverndarkerfisins. Þar eru ýmsar leiðbeiningar um einstaka verkþætti, leiðbeiningar um forvarnir, um æskilega og viðurkennda starfshætti er varða t.d. viðbrögð við vímuefnaneyslu, ofbeldi, stroki, sjálfsvígshögðun og ásökunum um kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Í viðauka er svo að finna eyðublöð, barnaverndarlögin, verklagsreglur, tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum frá árinu 2005 og staðla um vistun eða fóstur barna utan heimilis frá 2008 sem vísað er til í texta handbókarinnar.

Í viðauka er einnig listi yfir allar barnaverndarnefndir á Íslandi og minnislisti yfir þau gögn sem meðferðarheimilum er ætlað að skila af sér. Öll þessi gögn má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is sem og handbókina í heild sinni. Hér að framan var fjallað um gæðastaðla um vistun barna utan heimilis og eftirlit með vistunarferlinu og eru þeir ávallt hafðir til hliðsjónar við mat á gæðum í meðferðarstarfinu.

Á heimasíðu Barnaverndarstofu má finna reglur um meðferð kvartana barna á Stuðlum og á meðferðarheimilum ásamt kvörtunareyðublaði. Hvert barn sem vistað er á meðferðarheimili fær afhenta möppu þar sem er að finna þessar reglur, kvörtunareyðublaðið, reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar, upplýsingar um viðkomandi meðferðarheimili og þá barnaverndarnefnd sem fer með mál þess. Verklagsreglur um beitingu þvingunar gilda í aðstæðum þar sem starfsfólk þarf að stöðva hegðun barns sem beitir aðra ofbeldi, stefnir sér eða öðrum í hættu, truflar meðferð eða ógnar öryggi annarra barna. Í slíkum tilvikum fyllir starfsfólk út eyðublað þar sem kemur fram lýsing á atvikinu og er barni boðið að skrifa undir. Eyðublaðið skal senda Barnaverndarstofu sem fer yfir það og gerir athugasemdir ef talið er að ekki hafi verið farið eftir reglum um réttindi barnsins. Skrifri barnið ekki undir er því boðið að senda Barnaverndarstofu skriflega kvörtun. Í töflu 3–10 má sjá yfirlit yfir fjölda þvingunaratvika á meðferðarheimilunum og Stuðlum, en á árinu 2013 voru 23 atvik sem voru vegna átta barna.

Tafla 3-10 Þvingunaratvik á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi atvika	37	77	47	28	23
Stúlkur	11	31	16	11	3
Drengir	26	46	31	17	20
Fjöldi einstaklinga	19	29	25	19	8

Barnaverndarstofa tekur á móti kvörtunum vegna meðferðarheimilanna og vinnur úr þeim í samræmi við reglur og staðla. Þær kvartanir sem hafa borist stofnunni komu oftast í kjölfar þess að barn var beitt þvingun af einhverju tagi eða var óánægt með samskipti við starfsmann. Afgreiðsla Barnaverndarstofu á kvörtunum beinist að því að leiðrétta meint mistök og til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Markmiðið er að bæta starfið á meðferðarheimilum og koma á sáttum á milli þeirra sem málið varðar. Því þarf stofnan að afla upplýsinga frá þeim sem þekkja til aðstæðna sem leiddu til kvörtunar ásamt því að hafa samstarf við þá barnaverndarnefnd

sem barnið tilheyrir. Á árinu 2013 bárust sjö kvartanir frá börnum á meðferðarheimilum og Stuðlum, en fjórar af þeim vörðuð reglur um réttindi barna á meðferðarheimilum. Á árinu 2012 bárust sex kvartanir frá börnum á meðferðarheimilum og Stuðlum, en fjórar þeirra vörðuð reglur um réttindi barna á meðferðarheimilum.

3.19 Fræðsla og starfsþjálfun

Starfsfólk Barnaverndarstofu hefur um árabil undirbúið og tekið þátt í starfsdögum með Stuðlum og meðferðarheimilunum. Tilgangur starfsdaga er að efla meðferðarstarfið, stuðla að faglegri umræðu og deila þekkingu og reynslu. Frá árinu 2009 hefur verið lögð aukin áhersla á að samræma og tryggja viðurkenndar grunnaðferðir í meðferðarstarfi Stuðla og meðferðarheimilanna, sem og samvinnu þessara úrræða og MST fjölkerfameðferðar. MST er gagnreynd aðferð og hefur haft mikil áhrif á allt meðferðarstarf Barnaverndarstofu. Allt starfsfólk í MST fær 5 daga grunnþjálfun og áhersluþjálfun á 3 mánaða fresti auk þess sem gæðaeftirlit er umfangsmikið, sjá nánar á heimasíðu Barnaverndarstofu, www.bvs.is.

Að auki hafa um nokkurra ára skeið verið haldnir reglulegir vinnufundir forstöðumanna Stuðla og meðferðarheimilanna með Barnaverndarstofu og teymisstjórum MST. Auk þess fer fram regluleg starfsþjálfun fyrir starfsfólk Stuðla og meðferðarheimilanna. Þannig hefur allt frá árinu 2007 verið lögð áhersla á þjálfaraþjálfun í ART (*Aggression Replacement Training*) sem er þjálfunaraðferð fyrir börn og unglinga í félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðilegri rökræðu. ART er árangursrík þjálfunaraðferð sem er beitt á meðferðarstofnunum, í skólum og annars staðar til að auka félagsfærni og fyrirbyggja árekstra í samskiptum, bæði hjá börnum og fullorðnum. Aðferðin er sérstaklega viðeigandi þar sem skert félagsfærni og hegðunarvandi einstaklinga stafar af neikvæðum fyrirmyndum og/eða öðrum sálfræðilegum og jafnvel líffræðilegum þáttum. ART tekur til hegðunar, hugsunar og tilfinninga og byggir því í raun á lögmálum hugrænnar atferlismeðferðar. ART fer fram sem þjálfun í félagsfærni, þjálfun í sjálfstjórn/reiðistjórnun og umræða um siðferðilega breytni. Ávinningur af markvissri notkun ART í meðferð er m.a. að samræma starfsaðferðir og hugmyndafræði meðferðarheimila. Rannsóknir benda til þess að ART þjálfun taki á áhættuþáttum sem eru mikilvægir í hegðunar- og vímuefnavanda og að þjálfunin auki árangur meðferðar fyrir börn og unglinga. Sjá nánar um innleiðingu ART í ársskýrslu 2008–2011.

Á árinu 2012 hófst þjálfun starfsfólks á Stuðlum og meðferðarheimilum í aðferðum *áhugahvetjandi samtals* (motivational interviewing). *Áhugahvetjandi samtal* er notað bæði með fullorðnum og unglungum sem gætu verið í þörf fyrir breytingar á lífsstíl eða hegðun, hafa hugsanlega ekki komið auga á þörf fyrir breytingar, eru alfarið á móti þeim eða hafa íhugað þær en eru mjög á báðum áttum. Aðferðin miðar að því að virkja vilja skjólstæðings til jákvæðra breytinga á lífsstíl og hegðun. Starfsfólk eflir færni sína í að mæta skjólstæðingi þar sem hann er staddur, laða fram og ýta undir hugsanir og tillögur hans sjálfs um jákvæðar breytingar. Aðferðin byggist á skilningi starfsfólks á ferli samtalsins og vilja til samvinnu. Mikilvægt einkenni *áhugahvetjandi samtals* er að forðast ákveðnar leiðir í samtalinu, eins og siðapredikanir, sem eru til þess fallnar að ýta undir mótþróa og draga úr vilja til breytinga. Borin er virðing fyrir sjálfstæði skjólstæðingsins, rétti hans og getu til að taka eigin ákvarðanir innan viðeigandi marka hverju sinni. Rannsóknir hafa leitt í ljós að *áhugahvetjandi samtal* ber árangur í bráðaþjónustu og meðferðarvinnu með unglungum sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda.

Starfsfólk Barnaverndarstofu stóð fyrir ýmiskonar annarri fræðslu á meðferðarheimilunum, um ýmis starfstengd málefni, tiltekna þætti og nýjungar í meðferðarstarfi. Þannig má nefna að umfangsmikil fræðsla og þjálfun fór fram fyrir starfsfólk Lækjarbakka í ágústmánuði 2010 áður en meðferðarheimilið opnaði. Á árinu 2011 var sett í gang kerfisbundin þjálfun í öryggismálum á meðferðarheimilunum. Sérfræðingur á sviði öryggismála hefur tekið út aðstæður á meðferðarheimilum og þjálfað starfsfólk með reglulegu millibili. Er þetta jafnframt þáttur í gerð áhættumats á meðferðarheimilunum en öryggisfulltrúar meðferðarheimilanna hafa síðan sótt námskeið í gerð áhættumats á vegum Vinnueftirlits ríkisins.

3.20 Önnur meðferðar- og vistunarúrræði

3.20.1 PMTO– foreldrafærni

PMTO–FORELDRAFÆRNI er miðstöð PMTO á Íslandi og hefur það hlutverk að innleiða aðferðina hér á landi. Miðstöðin hóf starfsemi sína í Hafnarfirði árið 2000 en haustið 2013 varð hún hluti af úrræðum Barnaverndarstofu. Miðstöðin stendur að menntun PMTO meðferðaraðila hér á landi og tryggir jafnframt áframhaldandi handleiðslu og stuðning fyrir fagfólk þeirra svæða landsins sem innleiða PMTO eftir að meðferðarmentun er lokið til að stuðla að viðvarandi hárrí fylgni við aðferðina þar sem hún er stunduð. PMTO stendur fyrir *Parent Management Training– Oregon aðferð*, og er sannprófað meðferðarprógramm ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Úrræðið er þróað af Dr. Gerald Patterson, Dr. Marion Forgatch og samstarfsfólki á rannsóknarstofnuninni Oregon Social Learning Center (OSLC) í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum. Úrræðið hentar foreldrum barna á leik- og grunnskólaaldri. Mikilvægt er að vinna með

hegðunarvanda á fyrstu stigum þróunar þar sem alvarlegir hegðunarerfiðleikar geta leitt til andfélagslegrar hegðunar, sem oft hefur seinna meir í för með sér áfengis- og vímuefnanotkun samhliða afbrotum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að PMTO dregur úr hegðunarerfiðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi.

Tvö námskeið voru á árinu 2013 á vegum PMTO–FORELDRAFÆRNI:

- Þjálfun fyrir fagfólk með PMTO meðferðarmenntun í að veita PMTO hópmeðferð: *Parenting Through Change/PTC*. Þjálfunin fór fram í tveimur lotum 4. til 5. september og 11. og 14. október, auk reglulegrar handleiðslu, alls 6 skipti.
- Þjálfunarlota fyrir fagfólk í PMTO meðferðarmenntun. Þriggja daga lota frá 25. til 27. september.

Áherslur PMTO–FORELDRAFÆRNI frá hausti 2013 hafa meðal annars verið:

- Áframhaldandi þjálfun á hópi fagfólks sem hóf PMTO meðferðarmenntun haustið 2012 og áætlað er að ljúki námi í nóvember 2014.
- Undirbúningur fyrir þjálfun á nýjum hópi fagfólks.
- Viðhald þekkingar og færni hjá fagfólki með PMTO meðferðarmenntun.
- Tryggja áframhaldandi handleiðslu fyrir alla PMTO meðferðaraðila á Íslandi. Aðalstöðvar PMTO í Bandaríkjunum gera kröfu um stöðuga handleiðslu meðferðaraðila til að tryggja fylgni við aðferðina.
- Hafa til staðar áreiðanlegt teymi til að meta fylgni við aðferð (FIMP teymi). Teymið sér um endurmat á færni og útskrift meðferðaraðila.
- Samstarf við höfuðstöðvar PMTO í Oregon (ISII), samstarfið er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að innleiða og viðhalda PMTO starfi á Íslandi.
- Þátttaka í Evrópusamstarfi varðandi PMTO (samstarf milli Noregs, Íslands, Danmerkur og Hollands).

3.20.2 Vistheimilið að Hamarskoti


Samningur Barnaverndarstofu við hjónin Sigurð Inga Sigurðsson og Gerði Hreiðarsdóttur um rekstur vistheimilis að Hamarskoti í Flóahreppi var í gildi árin 2012 og 2013. Samningurinn var upphaflega gerður til reynslu í 12 mánuði frá 1. janúar 2010 og síðan framlengdur til 31. desember 2012. Vistheimilið er rekið samkvæmt b-lið 1. mgr. 84. gr. bvl. Vistheimilið Hamarskot er ætlað börnum frá 16 ára aldri sem hafa lokið grunnskóla og hafa lokið meðferð á vegum Barnaverndarstofu og eiga ekki afturkvæmt á heimili sitt og barnaverndarnefnd þarf að ráðstafa samkvæmt 25. gr. barnaverndarlaga. Heimilið er ekki ætlað til vistunar í bráðatilvikum. Lögð skal áhersla á að auka sjálfstæði þeirra unglunga sem búa í Hamarskoti og styðja þau í námi og/eða starfi. Jafnframt skal kappkosta að eiga náð og gott samstarf við foreldra og aðra aðstandendur. Á heimilinu mega dvelja allt að fjórir unglingar undir 18 ára aldri. Að auki er heimilt að einstaklingar á aldrinum 18–20 ára búi í sjálfstæðri búsetu í smáhýsum við heimilið sjálft. Hamarskot getur einnig tekið á móti þunguðum konum sem barnaverndarnefndir telja nauðsynlegt að fái aðhlyningu og meðferð á viðeigandi stofnun, sbr. 30. gr. barnaverndarlaga. Gert er ráð fyrir að ein til tvær þungaðar konur geti dvalist á heimilinu.

3.20.3 Sálfræðiþjónusta vegna óviðeigandi kynhegðunar

Þjónustan felst í að gera áhættumat með viðurkenndum matstækjum og veita meðferð með aðferðum á borð við hugræna atferlismeðferð. Mikilvægur hluti af meðferðinni er fagleg ráðgjöf til foreldra barns sem sýnir óviðeigandi hegðun og að draga úr þörf fyrir vistun þess utan heimilis. Ráðgjöf nær einnig til starfsmanna barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu. Á árinu 2009 var gengið frá samningi við faghóp þriggja sálfræðinga um þjónustu við börn sem sýna óviðeigandi kynferðislega hegðun og var samningurinn endurnýjaður á árinu 2013 til fjögurra ára. Vandí barnanna er metinn með sálfræðilegum prófum og öðrum viðurkenndum viðmiðum. Einnig byggir matið á ítarlegum bakgrunnsupplýsingum frá foreldrum og þeim sérfræðingum sem komið hafa að málum barnanna áður. Meðferðarvinnan snýr ávallt að því að draga úr líkum á hinni óviðeigandi kynferðislegu hegðun og stuðla að því að barnið öðlist aukna færni við að sýna viðeigandi og félagsvæna hegðun. Þetta er m.a. gert með fræðslu um kynferðisleg mörk, áhrif og afleiðingar óviðeigandi hegðunar á barnið sjálft og þolanda, fræðslu til forsjármanna um viðeigandi og óviðeigandi kynferðislega hegðun barna sem og aðra þætti er koma fram við mat á áhættu.

Umfang meðferðar er háð niðurstöðu matsins á þeim líkum sem taldar eru á að barnið endurtaki hina óviðeigandi kynhegðun (lág, miðlungs eða há áhætta). Umfang meðferðar eykst eftir því sem áhættan telst meiri og snýr þá í auknum mæli að tilteknum þáttum sem fram hafa komið í matinu. Barnaverndarnefndir geta vísað börnum í þjónustuna í gegnum Barnaverndarstofu sem metur umsóknir í samráði við barnaverndarstarfsmann. Samkvæmt upplýsingum Barnahúss eru líkur á að upp komi 40–50 tilvik á ári þar sem einstaklingur á aldrinum 10–18 ára

(barn) sýnir af sér óviðeigandi kynferðislega hegðun, oftast en ekki gagnvart sér yngri. Á árinu 2013 bárust 16 umsóknir, allar fyrir drengi sem voru á aldrinum 12–16 ára (*sjá mynd 3–11*).Frá árinu 2010 hefur fjöldi umsókna verið 16 eða 17 umsóknir og drengir í miklum meirihluta. Allar umsóknir voru annaðhvort samþykktar í mat og meðferð eða í nokkrum tilvikum í ráðgjöf og handleiðslu fyrir starfsfólk barnaverndarnefnda.




Mynd 3-11 Umsóknir um sálfræðiþjónustu fyrir börn vegna óviðeigandi kynhegðunar barna á árunum 2009–2013

3.20.4 Hópmeðferð fyrir börn sem bjuggu við ofbeldi á heimili

Barnaverndarnefndir gátu á árinu 2012 sótt um sérhæfða þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir börn 6–17 ára sem bjuggu við þær aðstæður að ofbeldi hafði viðgengist á heimilum þeirra. Um var að ræða tilraunaverkefni sem hófst í janúar 2010. Þjónustan fólst í hópmeðferð með tveimur sérfræðingum sem byggði á viðurkenndum aðferðum á borð við áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð. Meðferðin stóð yfir í 10 vikur en unnið var með aldursskipta hópa, 6 börn í hverjum hópi. Það var mikil áskorun fyrir meðferðaraðila að raða saman í hópa þar sem mikið var um brottfall þegar á reyndi. Því þurftu börn að bíða í allt að ár eftir meðferð. Barnaverndarstofa gerði lokatilraun til að kalla eftir umsóknum frá barnaverndarnefndum í nóvember 2012 en án árangurs. Niðurstaða Barnaverndarstofu var því að framlengja ekki samning um þjónustuna og starfið var lagt af frá 1. janúar 2013.

Á árinu 2012 bárust 20 umsóknir 10 fyrir drengi og 10 fyrir stúlkur (*sjá mynd 3–12*). Á árunum 2010 og 2011 var smávægilegur kynjamunur varðandi umsóknir en þá var sótt um fyrir fleiri drengi en stúlkur. Flestar umsóknir bárust vegna 7, 9 og 10 ára barna.

Umsóknir á árunum 2010–2012 um hópmeðferð fyrir börn sem bjuggu við ofbeldi á heimili



Mynd 3-12 Umsóknir á árunum 2010–2012 um hópmeðferð fyrir börn sem bjuggu við ofbeldi á heimili

Á árinu 2013 var boðið upp á meðferð í nærumhverfi á grunni PMTO í Eyjafirði en um er að ræða samning á milli Barnaverndarstofu og Akureyrarbæjar frá árinu 2009 um meðferðarúrræði fyrir unglinga í hegðunarvanda. Samningurinn var undirritaður á sérstökum hátíðarfundum í tilefni af því að 10 ár voru þá liðin frá því að 8 sveitarfélög við Eyjafjörð gerðu með sér samning um stofnun sameiginlegrar barnaverndarnefndar. Bæjarstjóri Akureyrar og forstjóri Barnaverndarstofu undirrituðu samninginn sem felur í sér að Akureyrarbær mun koma á fót og starfrækja meðferðarúrræði fyrir unglinga með áherslu á eflingu foreldrafærni. Meðferðin byggir á PMTO þjálfun (*Parent Management Training Oregon Model*). Akureyrarbær skipaði verkefnisstjórn sem hefur umsjón með úrræðinu, ber ábyrgð á handleiðslu og þjálfun starfsfólks og tekur afstöðu til umsókna um meðferð. Samstarfsnefnd samningsaðila annast eftirlit með framkvæmd og annast árangursmat meðferðarinnar. Meðferðin stendur einkum til boða unglingum með hegðunar- og vímuefnavanda og fjölskyldum þeirra. Þjónustusvæði verkefnisins nær til umdæmis barnaverndarnefndar Eyjafjarðar en heimilt er að taka til meðferðar fjölskyldur utan svæðisins. Í maí 2011 var undirritaður samningur um tveggja ára framlengingu á samstarfinu, sem hefur verið tilraunaverkefni frá árinu 2009 og í október 2013 var samningurinn framlengdur til ágústloka 2014.

3.20.5 Meðferð í nærumhverfi á grunni ART–þjálfunar á Suðurlandi

Árið 2012 var í gildi samningur sem gerður var í ársbyrjun 2010 til tveggja ára á milli Barnaverndarstofu og sveitarfélagsins Árborgar um meðferðarúrræði utan stofnana á grundvelli 6. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga fyrir börn með hegðunarerfiðleika, þ.m.t. vímuefnavanda, og fjölskyldur þeirra. Meðferðin fer alfarið fram á heimavelli fjölskyldunnar og er byggð á grunni ART–þjálfunar (*Aggression Replacement Training*) í félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðilegri rökræðu. Meðferðin er veitt í formi ART–hóppþjálfunar, einstaklings- og fjölskylduráðgjafar, sem og samhæfingar þjargráða í umhverfi fjölskyldunnar. Þjónustusvæði verkefnisins náði til umdæma barnaverndarnefnda Árborgar, Hveragerðis, Ölfuss, uppsveita Árnassýslu og Flóa og Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Heimilt var að taka til meðferðar fjölskyldur utan þessa svæðis væri það gerlegt að mati verkefnisstjórnar og innan þeirra fjórheimilda sem veittar voru til verkefnisins. Skólaskrifstofa Suðurlands tók að sér framkvæmd meðferðarinnar samkvæmt sérstökum samningi við Fjölskyldumiðstöð Árborgar. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn sem í sátu verkefnisstjóri ART á Suðurlandi sem jafnframt var formaður, verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands og sálfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Samningurinn var ekki endurnýjaður af hálfu Barnaverndarstofu á árinu 2012.

4 Barnahús

Barnahús hóf starfsemi 1. nóvember 1998. Frá upphafi var ákveðið að um tveggja ára tilraunaverkefni væri að ræða. Gert var ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins yrði tekin ákvörðun um framtíð hússins í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefði fengist af starfsemi þess. Tilraunaverkefnið var síðan framlengt um eitt ár og að því loknu, árið 2001, var ákveðið að starfsemi þess yrði fest í sessi.

Barnahús er staðsett í kyrrlátu og grónu íbúðahverfi borgarinnar. Það er hannað sérstaklega til að mæta þörfum barna. Mjög góð aðstaða er í húsinu bæði fyrir börnin og þá sem þeim fylgja. Í húsinu er sérútbúið viðtalsherbergi til að framkvæma rannsóknarviðtöl og skýrslutökur. Þar er barnið eitt með viðmælanda sínum. Viðtalinu er sjónvarpað beint í sérstakan fundarsal þar sem þeir sem þurfa að fylgjast með framburði barnsins eru staddir. Héraðsdómur Reykjaness hefur verið tengdur Barnahúsi með fjarfundabúnaði frá árinu 2001 og fer dómþing því fram í húsnæði Héraðsdóms í Hafnarfirði en barnið kemur ásamt foreldrum eða forsjáradílum í Barnahús. Dómari stjórnar skýrslutökum þaðan og getur ásamt öðrum sem eru viðstaddir komið spurningum sínum á framfæri við sérfræðinginn sem talar við börnin. Hefur þessi tækni nýst mjög vel. Þegar um könnunarviðtal er að ræða er það einungis starfsmaður barnaverndarnefndar sem fylgist með viðtalinu og ber formlega ábyrgð á framkvæmd þess. Ef viðtalið er liður í lögreglurannsókn fer það fram undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákærvaldsins, verjanda sakbornings (sakborningi sjálfum, krefjist hann þess), réttargæslumanni barnsins, starfsmanni barnaverndarnefndar og fulltrúum lögreglu. Dómarinn getur stjórnað framvindu viðtalsins og komið að spurningum með hjálp sérstaks búnaðar án þess að barnið verði þess vart. Í Barnahúsi er einnig mjög góð aðstaða fyrir lækni skoðun.

Verkefnum Barnahúss má skipta í fræðslu og ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, lækni skoðun, greiningu og meðferð. Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni, getur starfsmaður barnaverndarnefndar fengið leiðbeiningar um könnun málsins (22. gr. barnaverndarlaga) í Barnahúsi. Ráðgert er hvernig vinnslu máls skuli háttáð en barnaverndarnefnd ber jafnframt ábyrgð á að meta þörf fyrir lögreglurannsókn og lækni skoðun. Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir refsiverðri háttsemi og meintur gerandi hefur náð sakhæfisaldri sem er 15 ár er mælt með að barnaverndarnefnd fari fram á opinbera rannsókn lögreglu. Barnalæknir, kvensjúkdómalæknir og hjúkrunarfræðingur hafa fasta viðveru í Barnahúsi hálfan dag, að jafnaði á tveggja vikna fresti. Barnaverndarnefnd getur einnig óskað eftir þjónustu Barnahúss þótt ekki sé beðið um rannsóknarviðtal, t.d. ef einungis er óskað eftir að vísa barni í greiningu og meðferð eða í lækni skoðun.

Starfsmaður barnaverndarnefndar gerir frumathugun í máli, ræðir við tilkynnanda, aflar upplýsinga um barnið frá skóla eða leikskóla og gagna um heilsufar þess. Starfsmaður nefndarinnar sendir niðurstöður athugunar til Barnahúss ásamt útfylltu tilvísunarblaði. Ef barnaverndarnefnd óskar ekki eftir lögreglurannsókn í málinu (á einkum við þegar gerandi hefur ekki náð sakhæfisaldri eða þegar grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi eru mjög veikar), veita sérfræðingar Barnahúss barnaverndarnefnd aðstoð við athugun málsins með könnunarviðtali við barnið. Fyrirkomulag könnunarviðtals er hið sama og ef um skýrslutöku fyrir dómi er að ræða. Ef málið sætir lögreglurannsókn sendir lögreglan gögn til héraðsdómara að frumrannsókn lokinni. Héraðsdómari getur kvatt sér til aðstoðar sérfræðing, t.d. frá Barnahúsi, og ákveður hvar skýrslutaka skuli fara fram. Ef dómari velur að láta sérfræðing Barnahúss taka skýrslu af barninu í Barnahúsi er dómþing háð þar. Árið 2009 urðu lagabreytingar hvað varðar skýrslutökur af börnum 15 ára og eldri. Nú eru 15–18 ára börn tekin í frumskýrslutöku hjá lögreglu og þurfa svo að mæta í skýrslutöku fyrir dómi ef gefin verður út ákæra í málinu.

Aðstaða til skýrslutöku af börnum er einnig til staðar í Héraðsdómi Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra óskar í flestum tilvikum eftir aðstoð sérfræðinga Barnahúss við skýrslutökur af börnum yngri en 15 ára. Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur nýtir yfirleitt aðstöðu í dómhúsi og óskar í flestum tilvikum eftir rannsóknarlögreglumanni til að annast skýrslutökurnar en árið 2013 urðu breytingar á og kemur héraðsdómur Reykjavíkur í auknu mæli með börn í Barnahús. Aðrir héraðsdómstólar hafa nær eingöngu nýtt þjónustu Barnahúss við skýrslutökur.

Óháð því hvort viðtal er liður í könnun máls hjá barnaverndarnefnd eða skýrslutaka, er markmið þess að afla eins nákvæmra upplýsinga frá barninu og unnt er. Viðtalið er tekið eftir ákveðinni aðferð (*protocol*) sem er alþjóðlega viðurkennd og liggja að baki aðferðinni miklar rannsóknir. Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið sérstaka þjálfun til að taka viðtöl af þessu tagi. Viðtalið er tekið upp á myndband en það getur síðan orðið mikilvægt gagn við frekari vinnslu málsins, ekki síst við meðferð fyrir dómi. Rannsóknarviðtal er tekið í fyrstu heimsókn barnsins í Barnahús og sá sérfræðingur sem annast viðtalið hefur ekki frekari aðkomu að málinu.

Læknisskoðun er framkvæmd ef einn eða fleiri eftirtalinna; barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáradilar barnsins eða barnið sjálft óska eftir því. Góð aðstaða er fyrir læknisskoðanir í Barnahúsi og þar er meðal annars staðsett myndbandssjá (*video coleoscope*) sem gerir læknum kleift að framkvæma mjög nákvæmar skoðanir. Skoðanir hafa verið framkvæmdar af Jóni R. Kristinssyni barnalækni (eða Gunnari Gunnarssyni barnalækni í fjarveru hans) og Ebbu Margréti Magnúsdóttur kvensjúkdómalækni en þau hafa mikla reynslu af rannsóknum á börnum sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Þeim til aðstoðar er Kristín Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Jón R. Kristinsson hætti störfum sökum aldurs í nóvember 2013 og eru honum færðar þakkir fyrir vel unnin störf s.l. 15 ár. Læknisskoðun fer að jafnaði fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtal. Í sumum tilvikum er barni vísað í læknisskoðun án þess að rannsóknarviðtal hafi verið tekið í Barnahúsi, t.d. ef skýrsla af barni hefur verið tekin í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur eða Héraðsdóms Norðurlands eystra. Eldri börn eru oft á tíðum skoðuð á Neyðarmóttöku vegna nauðgana hjá Landspítalanum í Fossvogi. Í einhverjum tilvikum hafa börn verið skoðuð á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Hafi barnaverndarnefnd óskað eftir greiningu og meðferð fyrir barn og upplýsingar sem koma fram í rannsóknarviðtali gefa tilefni til að ætla að barnið hafi þörf fyrir meðferð, eru forsjáradilar þess upplýstir um þann þátt þjónustunnar. Áherslubreytingar hafa orðið í meðferðarvinnu í Barnahúsi frá árinu 2010. Tekið var upp meðferðarmodelið TF-CBT eða áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð. Meðferðin tekur yfirleitt 12–20 skipti. Ung börn fá fræðsluviðtöl og einnig var unnið með þau í sandkassameðferð sem var nýtt úrræði á vegum Barnahúss en árið 2012 var það lagt niður vegna plássleysis. Þó geta meðferðarviðtöl orðið mun fleiri í sérstökum tilvikum. Meðferðin er veitt í heimahéraði barnsins ef þess er óskað. Foreldrum barnsins er veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á enda er oft um að ræða atburði sem eru fjölskyldu barnsins mikið áfall.


4.1 Fjöldi barna í Barnahúsi

Í *töflu 4-1* og á *mynd 4-1* má sjá fjölda mála í Barnahúsi á árunum 2009–2013. Frá stofnun Barnahúss árið 1998 hafa 2.830 rannsóknarviðtöl verið tekin í Barnahúsi, 1.504 börn hafa fengið greiningar- og meðferðarviðtöl og alls hafa verið framkvæmdar 333 læknisskoðanir í Barnahúsi á árunum 1998–2013. Árið 2013 var það ár sem flest börn fengu þjónustu í Barnahúsi.

Tafla 4-1 Fjöldi barna sem komu í Barnahús, skipt eftir þjónustubáttum á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Rannsóknarviðtöl	230	224	202	209	253
Greiningar- og meðferðarviðtöl ¹	116	108	113	99	85
Læknisskoðanir	32	18	21	9	23

¹Athugið að hér eru líka börn sem komu í Barnahús án þess að koma í rannsóknarviðtal en barnaverndarnefndir geta óskað eftir þjónustu hússins þótt börnin komi ekki í rannsóknarviðtal.



Mynd 4-1 Fjöldi barna sem komu í Barnahús á árunum 2009–2013, skipt eftir þjónustubáttum¹

¹Athugið að hér eru líka börn sem komu í Barnahús án þess að koma í rannsóknarviðtal en barnaverndarnefndir geta óskað eftir þjónustu þótt börnin komi ekki í rannsóknarviðtal.

4.2 Rannsóknarviðtöl

Rannsóknarviðtöl greinast í tvennt, annars vegar skýrslutökur fyrir dómi og hins vegar könnunarviðtöl að beiðni barnaverndarnefnda. Fjallað verður sérstaklega um skýrslutökur fyrir dómi og könnunarviðtöl hér á eftir. Á árinu 2013 voru rannsóknarviðtöl 253 sem er fjölgun frá árinu áður þegar þau voru 209 (sjá *töflu 4–2*). Rannsóknarviðtöl hafa aldrei verið fleiri frá stofnun Barnahúss eins og fram kemur í *töflu 4–1*.

Tafla 4-2 Rannsóknarviðtöl á árunum 2009–2013

Rannsóknarviðtöl	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Skýrslutökur	56	24,3	56	25,0	66	32,7	53	25,4	96	37,9
Könnunarviðtöl	174	75,7	168	75,0	136	67,3	156	74,6	157	62,1
Samtals	230	100,0	224	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

Skýrslutökur fyrir dómi

Í *töflu 4–3* má sjá að skýrslutökur fyrir dómi voru 96 árið 2013 og hafði þeim fjölgað um tæplega helming frá árinu á undan og voru orðnar 37,9% af heildarfjölda rannsóknarviðtala í Barnahúsi. Skýrslutökum fjölgaði á árinu 2011 miðað við árin á undan. Þeim fjölgaði úr 56 í 66 og voru á árinu 2011 32,7% af heildarfjölda rannsóknarviðtala, en árið 2012 voru þær 25,4% af heildarfjölda rannsóknarviðtala. Flestar skýrslutökur fyrir dómi voru árið 2008, en þá fóru fram 103 skýrslutökur undir stjórn dómara í Barnahúsi sem voru 42,2% af heildarfjölda rannsóknarviðtala. Skýringin á þessari fjölgun árið 2008 getur verið fölginn í því að það ár var kynferðislegur lögdur hækkadur úr 14 árum í 15 ár. Árið 2009 fækkaði skýrslutökum fyrir dómi í 56 og voru þær þá 25% af heildarfjölda rannsóknarviðtala, en á því ári urðu lagabreytingar þess efnis að lögreglan tæki framvegis skýrslur af öllum börnum sem náð hafa sakhæfisaldri, þ.e. 15–17 ára.

Skýrslutökur hafa alveg frá upphafi verið í forgangi í vinnslu. Árið 2009 tók sérfræðingur frá Barnahúsi auk þess 4 skýrslur að beiðni dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, en einnig önnuðust sérfræðingar Barnahúss 2 skýrslutökur fyrir dómi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Á árinu 2010 tóku sérfræðingar Barnahúss 7 skýrslur og 2011 voru þær 6 að beiðni dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Árið 2012 fjölgaði skýrslutökum enn og tóku sérfræðingar Barnahúss 9 skýrslur fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra og þar af eina fyrir Héraðsdóm Austurlands en árið 2013 voru þær aðeins 2. Á árinu 2013 sá lögreglan um 6 skýrslutökur af börnum í Barnahúsi sem höfðu náð 15 ára aldri. Aðkoma Barnahúss í þeim málum þar sem um kynferðislegan leik á milli jafnaldra er að ræða (hjá yngri börnum) er nú fátíð miðað við það sem áður var.

Tafla 4-3 Skýrslutökur fyrir dómi á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Skýrslutökur ¹	56	24,3	56	25,0	66	32,7	53	25,4	96*	37,9
Heildarfjöldi rannsóknarviðtala	230	100,0	224	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

¹Þar af voru 6 skýrslutökur af ungmennum 15–16 ára framkvæmdar af lögreglu.

Könnunarviðtöl

Árið 2013 voru könnunarviðtöl 157 sem er nánast sami fjöldi könnunarviðtala og árið 2012. Á árinu 2012 fjölgaði könnunarviðtölum nokkuð samanborið við árið á undan og voru þau 156 eða 74,6% af heildarfjölda rannsóknarviðtala (sjá *töflu 4–4*). Árið 2011 fækkaði könnunarviðtölum nokkuð samanborið við árið á undan og voru þau 136 eða 67,3% af rannsóknarviðtölunum. Könnunarviðtölum fjölgaði árið 2009 miðað við árið á undan og urðu þá flest á því tímabili sem taflan sýnir, eða 174 sem er um 75,7% af heildarfjölda rannsóknarviðtala en þeim fækkaði svo lítillega á árinu 2010.

Tafla 4-4 Könnunarviðtöl á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Könnunarviðtöl	174	75,7	168	75,0	136	67,3	156	74,6	157	62,1
Heildarfjöldi rannsóknarviðtala	230	100,0	224	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

Skipting rannsóknarviðtala eftir landsvæðum

Í töflu 4–5 má sjá hvernig rannsóknarviðtöl skiptast eftir landsvæðum, en miðað er við umdæmi héraðsdómstóla. Á árinu 2013 voru flest rannsóknarviðtöl í Barnahúsi frá Reykjavík eða 37,6 % og var það þó nokkur fjölgun frá árinu á undan en á árinu 2012 voru flest rannsóknarviðtöl frá Reykjanesi eða 45,5%. Árið 2011 var skiptingin jafnari á milli landssvæða og voru 34,7% frá Reykjavík, 36,1% frá Reykjanesi og landsbyggðin var með 29,2% rannsóknarviðtala. Á árinu 2010 voru rannsóknarviðtöl frá Reykjavík 38,4% og fjölgaði lítillega frá árinu á undan, frá Reykjanesi var hlutfallið 25,9% og fækkaði frá árinu á undan og landsbyggðin var með 35,7% sem var fjölgun frá árinu á undan.

Tafla 4-5 Rannsóknarviðtöl, skipt eftir landsvæðum¹, á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	83	35,7	86	38,4	70	34,7	60	28,7	95	37,6
Reykjanes	88	38,7	58	25,9	73	36,1	95	45,5	82	33,4
Landsbyggð	59	25,7	80	35,7	59	29,2	54	25,8	76	30,0
Samtals	230	100,0	224	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

¹Hér er miðað við umdæmi héraðsdómstóla. Þannig falla mál frá Reykjavík; Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi undir Héraðsdóm Reykjavíkur, en mál frá Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ undir Héraðsdóm Reykjanes. Með landsbyggð er átt við umdæmi annarra héraðsdómstóla.

Skipting rannsóknarviðtala eftir kyni

Hlutfall stúlkna sem hafa komið í rannsóknarviðtöl í Barnahúsi hefur verið herra en drengja. Hlutfall drengja var 28,9 % á árinu 2013, en var hæst 33,5% árið 2010 á því tímabili sem taflan sýnir (sjá töflu 4–6).

Tafla 4-6 Rannsóknarviðtöl, skipt eftir kyni, á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Stúlkur	165	71,7	149	66,5	146	72,3	146	69,9	180	71,1
Drengir	65	28,3	75	33,5	56	27,7	63	30,1	73	28,9
Samtals	230	100,0	224	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

Skipting rannsóknarviðtala eftir aldri

Kynferðislegur lögaldur var hækkaður úr 14 árum í 15 ár árið 2008, allt kynferðislegt samneyti við börn undir 15 ára er því brot samkvæmt lögum. Í töflu 4–7 má sjá kynja- og aldurskiptingu þeirra barna sem fóru í rannsóknarviðtöl á árunum 2011 til 2013. Þar má sjá að á árinu 2013 voru flest barnanna á aldrinum 12–14 ára eða 32 %. Árið 2012 voru flest barnanna 6–8 ára, en árin 2010 og 2011 voru flest barnanna sem komu í rannsóknarviðtöl á aldrinum 12–14 ára.

Tafla 4-7 Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi, skipt eftir aldri, á árunum 2011–2013

Aldur	Stúlkur						Drengir						Samtals					
	2011		2012		2013		2011		2012		2013		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
15–17 ára	21	14,4	27	18,5	30	16,7	5	8,9	4	6,3	7	9,6	26	12,9	31	14,8	37	14,6
12–14 ára	45	30,8	36	24,6	66	36,6	9	16,1	17	27	15	20,5	54	26,7	53	25,4	81	32,0
9–11 ára	22	15,1	21	14,4	25	13,9	19	33,9	15	23,8	18	24,7	41	20,3	36	17,2	43	17,0
6–8 ára	25	17,1	37	25,4	29	16,1	16	28,6	20	31,8	26	35,6	41	20,3	57	27,3	55	21,8
3–5 ára	33	22,6	25	17,1	30	16,7	7	12,5	7	11,1	7	9,6	40	19,8	32	15,3	37	14,6
Samtals	146	100,0	146	100,0	180	100,0	56	100,0	63	100,0	73	100,0	202	100,0	209	100,0	253	100,0

4.3 Greiningar- og meðferðarviðtöl

Fram kemur í *töflu 4–8* að á árinu 2012 fækkaði greiningar- og meðferðarviðtölum úr 113 í 99 miðað við árið á undan og þeim fækkaði enn meira árið 2013 eða niður í 85 viðtöl. Hins vegar myndaðist biðlisti í Barnahúsi á árinu 2013 og voru allt að 40 börn á biðlista um áramót. Fækkun mála milli 2012 og 2013 felst aðallega í biðlistanum því þau börn sem voru á biðlistanum eru ekki talin með í tölum fyrir 2013.

Tafla 4-8 Greiningar- og meðferðarviðtöl á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Greiningar- og meðferðarviðtöl	116	108	113	99	85

Barnahús sinnir einnig málum þar sem barnaverndarnefnd eða héraðsdómstólar óska eftir þjónustu hússins þótt börnin hafi ekki komið í rannsóknarviðtal í Barnahúsi. Um er að ræða börn sem fóru í skýrslutöku annars staðar en í Barnahúsi eða voru að koma aftur í meðferð eftir að máli þeirra var lokið.

Árið 2013 óskaði barnavernd eftir greiningu og meðferð í 34 málum, árið 2012 í 43 málum, árið 2011 í 52 málum, árið 2010 í 34 málum og í 48 málum árið 2009.

Skipting greiningar- og meðferðarviðtala eftir landsvæðum

Í *töflu 4–9* má sjá hvernig greiningar- og meðferðarviðtöl skiptast eftir landsvæðum, en miðað er við umdæmi héraðsdómstóla. Hlutfall greiningar- og meðferðarviðtala lækkaði frá Reykjavík á árinu 2012 miðað við árið á undan en jókst á nýjan leik á árinu 2013. Aukningin er þó meiri í raun, en þær tölur koma ekki fram þar sem börnin eru enn á biðlista eftir meðferð í árslok 2013. Hlutfall mála frá Reykjavík var 37,6 % á árinu 2013 en landsbyggðin og Reykjanes voru með mjög svipaðan fjölda mála eða 27 og 26 mál. Málum fjölgaði lítillega í Reykjavík, en fækkaði frá Reykjanesi og landsbyggðinni miðað við árið á undan.

Tafla 4-9 Greiningar- og meðferðarviðtöl, skipt eftir landsvæðum¹, á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	38	32,8	32	29,6	41	36,3	30	30,3	32	37,6
Reykjanes	43	37,1	28	25,9	25	22,1	31	31,3	26	30,6
Landsbyggð	35	30,2	48	44,4	47	41,6	38	38,4	27	31,8
Samtals	116	100,0	108	100,0	113	100,0	99	100,0	85	100,0

¹Hér er miðað við umdæmi héraðsdómstóla. Þannig falla mál frá Reykjavík, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi undir Héraðsdóm Reykjavíkur, en mál frá Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ undir Héraðsdóm Reykjanes. Með landsbyggð er átt við umdæmi annarra héraðsdómstóla.

Skipting greiningar- og meðferðarviðtala eftir kyni

Stúlkur hafa verið í meirihluta þeirra barna sem hafa farið í greiningar- og meðferðarviðtöl í Barnahúsi (sjá *töflu 4–10*). Fjöldi drengja var 7 á árinu 2013 eða 8,2 % af heildarfjölda mála og er það lægsta hlutfall drengja á því tímabili sem taflan sýnir.

Tafla 4-10 Greiningar- og meðferðarviðtöl, skipt eftir kyni, á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Stúlkur	101	87,1	91	84,3	94	83,2	84	84,8	78	91,8
Drengir	15	12,9	17	15,7	19	16,8	15	15,2	7	8,2
Samtals	116	100,0	108	100,0	113	100,0	99	100,0	85	100,0

Skipting greiningar- og meðferðarviðtala eftir aldri

Í *töflu 4–11* má sjá kynja- og aldursskiptingu þeirra barna sem fóru í greiningar- og meðferðarviðtöl á árunum 2010 til 2013 og þar má sjá að öll árin voru flest barnanna á aldrinum 15–18 ára.

Tafla 4-11 Greiningar- og meðferðarviðtöl í Barnahúsi, skipt eftir aldri, á árunum 2011–2013

Aldur	Stúlkur						Drengir						Samtals					
	2011		2012		2013		2011		2012		2013		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
15–17 ára	45	47,9	42	50,0	38	48,7	6	31,6	3	20,0	2	28,6	51	45,2	45	45,5	40	47,1
12–14 ára	28	29,8	23	27,4	28	35,9	4	21,0	5	33,3	2	28,6	32	28,3	28	28,3	30	35,3
9–11 ára	10	10,6	9	10,7	5	6,4	3	15,8	4	26,7	0	0,0	13	11,5	13	13,1	5	5,9
6–8 ára	5	5,3	4	4,8	4	5,1	5	26,3	3	20,0	2	28,6	10	8,8	7	7,0	6	7,0
3–5 ára	6	6,4	6	7,1	3	3,9	1	5,3	0	0	1	14,2	7	6,2	6	6,1	4	4,7
Samtals	94	100,0	84	100,0	78	100,0	19	100,0	15	100,0	7	100,0	113	100,0	99	100,0	85	100,0

4.4 Börn sem greindu frá kynferðislegu ofbeldi í rannsóknarviðtali

Í töflu 4–12 má sjá hlutfall barna sem greindu frá ofbeldi í rannsóknarviðtölum, annars vegar í skýrslutökum og hins vegar í könnunarviðtölum. Þar má sjá að árið 2013 greindi 131 barn frá kynferðislegu ofbeldi í rannsóknarviðtölum eða 51,8% barnanna en árið 2012 greindu 79 börn frá kynferðislegu ofbeldi í rannsóknarviðtölum eða 37,8% af þeim börnum sem komu í rannsóknarviðtöl. Þetta er mikil fjölgun á árinu 2013 frá árinu á undan, en hæst var hlutfallið árið 2009 á því tímabili sem taflan sýnir, en þá greindu 136 börn frá kynferðislegu ofbeldi í rannsóknarviðtölum.

Ástæða þess að fleiri börn sem koma í skýrslutöku fyrir dómi en í könnunarviðtal greina frá kynferðisofbeldi, er að þegar mál eru send lögreglu til rannsóknar eru oft meiri upplýsingar til staðar, barnið hefur jafnan sagt einhverjum frá og í þeim málum sem sæta lögreglurannsókn eru því meiri líkur á að barnið hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Þegar um könnunarviðtöl er að ræða eru upplýsingar oft takmarkaðar og sjaldan liggur frásögn barns um kynferðisofbeldi fyrir, nema þá helst ef barn hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ósakhæfs geranda. Algengast er að verið sé að kanna kynferðislega hegðun barna vegna þess að börnin hafi orðið uppvis að þátttöku í kynferðislegum leikjum. Einnig hafa verið teknar skýrslur af börnum sem sætt hafa líkamlegu ofbeldi en hafa ekki greint frá kynferðislegu ofbeldi.

Tafla 4-12 Börn sem greindu frá kynferðislegu ofbeldi í rannsóknarviðtali á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Rannsóknarviðtöl	136	59,1	102	45,5	95	47,0	79	37,8	131	51,8
Skýrslutökur	39	69,6	43	76,8	38	57,6	40	75,5	72	75,0
Könnunarviðtöl	97	55,7	59	35,1	57	41,9	39	25,0	59	37,6

Á árinu 2013 greindu 22 börn frá kynferðislegum leik í könnunarviðtali sem er svipaður fjöldi og árin á undan. Árið 2012 greindu 23 börn frá kynferðislegum leik, en árin 2010 og 2011 greindu 24 börn hvort ár frá því sama. Nokkur börn sem komu í skýrslutöku voru vitni í málum annarra barna en einnig eru nokkur barnanna þolendur líkamlegs ofbeldis og eru því ekki inni í tölum þar sem börn greina frá kynferðislegu ofbeldi. Nokkur hluti þeirra barna sem ekki greina frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtölum, greina frá þátttöku í kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra.

4.5 Læknisskoðanir

Í töflu 4–13 kemur fram að 23 börn komu í læknisskoðun í Barnahúsi árið 2013 en 9 læknisskoðanir fóru fram í Barnahúsi á árinu 2012. Flestar læknisskoðanir í Barnahúsi á því tímabili sem taflan sýnir, voru á árinu 2009 en þá fóru 32 börn í læknisskoðun. Á árinu 2010 fækkaði læknisskoðunum, en þær voru þá 18 en svoltil aukning varð á árinu 2011. Eitt barn sem kom árið 2013 og eitt sem kom árið 2012 fóru einungis í læknisskoðun í Barnahúsi og fengu enga aðra þjónustu þar. Ástæða þess er lágur aldur barnanna en börn yngri en þriggja og hálfis árs hafa ekki forsendur til að koma í rannsóknarviðtöl eða sérhæfða greiningu og meðferð sökum ungs aldrs.

Tafla 4-13 Læknisskoðanir í Barnahúsi á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Samtals	32	18	21	9	23

Eins og fram hefur komið þá eru einnig framkvæmdar læknis- og réttarlæknisskoðanir á börnum á Neyðarmóttöku vegna nauðgana hjá Landspítalanum í Fossvogi. Í *töflu 4–14* má sjá fjölda mála barna yngri en 18 ára sem komu til Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 2009–2013, en samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttökunni fór mikill meirihluti þeirra barna sem þangað kom í læknisskoðun eða um 95%.

Tafla 4-14 Mál barna yngri en 18 ára á Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Samtals	45	23	21	38	23

Flest barnanna sem komu í læknisskoðun í Barnahúsi á árunum 2011–2013 voru á aldrinum 3–5 ára (sjá *töflu 4–15*). Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttökunni þá voru fleiri börn sem komu á árunum 2007–2013 á aldrinum 16–17 ára en 14–15 ára og fátítt er að börn undir 13 ára komi á Neyðarmóttökuna.

Tafla 4-15 Læknisskoðanir í Barnahúsi, skipt eftir kyni og aldri, á árunum 2011–2013

Aldur	Stúlkur						Drengir						Samtals					
	2011		2012		2013		2011		2012		2013		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
15–18 ára	0	0,0	0	0	1	4,8	0	0,0	0	0	0	0	0	0,0	0	0	1	4,3
12–14 ára	5	25,0	1	11,1	6	28,6	0	0,0	0	0	0	0	5	23,8	1	11,1	6	26,1
9–11 ára	4	20,0	1	11,1	2	9,5	0	0,0	0	0	0	0	4	19,0	1	11,1	2	8,7
6–8 ára	2	10,0	2	22,2	3	14,2	1	100,0	0	0	1	50,0	3	14,3	2	22,2	4	17,4
3–5 ára	9	45,0	5	55,6	9	42,9	0	0,0	0	0	1	50,0	9	42,9	5	55,6	10	43,5
Samtals	20	100,0	9	100,0	21	100,0	1	100,0	0	0	2	100,0	21	100,0	9	100,0	23	100,0

Hluti II

5 Barnaverndarnefndir

Samkvæmt barnaverndarlögum skulu barnaverndarnefndir fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu. Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er heimilt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Við upphaf árs 2013 voru barnaverndarnefndirnar 27 og sinntu 11 félagsmálanefndir verkefnum barnaverndarnefnda.

Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1500. Langflest minni sveitarfélög hafa sameinast öðrum um kosningu barnaverndarnefndar en Velferðarráðuneytið fylgir því eftir að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur sínar að þessu leyti. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins fyrir árin 2012 og 2013 koma fram í viðauka I.

Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks eftir íbúafjölda í umdæmum

Í barnaverndarlögum er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega, þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda hefur aukist lítillega undanfarin ár. Meirihluti starfsfólks barnaverndarnefnda eru konur eða 86,6% (tafla 5-1).

Tafla 5-1 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks á árunum 2011– 2013 eftir íbúafjölda í umdæmum¹

Íbúafjöldi	2011				2012				2013			
	Fjöldi nefnda	Starfs-menn	Stöðu-gildi	Meðal-fjöldi stöðugilda á nefnd	Fjöldi nefnda	Starfs-menn	Stöðu-gildi	Meðal-fjöldi stöðugilda á nefnd	Fjöldi nefnda	Starfs-menn	Stöðu-gildi	Meðal-fjöldi stöðugilda á nefnd
Heildarfjöldi	28	126	83,35	3,0	28	131	87,2	3,1	27	134	91,4	3,4
1000–1999 íbúar	2	2	0,7	0,4	2	2	0,7	0,4	2	2	0,7	0,4
2000–2999 íbúar	4	7	2,75	0,7	4	8	2,75	0,7	3	8	2,2	0,7
3000–3999 íbúar	2	8	2,0	1,0	2	8	2,0	1,0	2	8	3,0	1,5
4000–4999 íbúar	9	27	10,8	1,2	9	30	12,3	1,4	9	28	11,35	1,3
Yfir 5000 íbúar	11	82	67,1	6,1	11	83	69,45	6,3	11	88	74,15	6,7

¹Þess ber að geta að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfsfólk flestra barnaverndarnefnda sinnir fleiri verkefnum en barnavernd. Eins geta upplýsingar um stöðugildi verið úr áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

5.1 Yfirlit yfir barnaverndarmál

5.1.1. Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir

Í töflu 5–2 og á mynd 5–1 er yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2009–2013. Fjöldi tilkynninga á árinu 2013 var 8.615 og er það fjölgun frá árinu á undan um rúmlega 8% (sjá nánar í kafla 5.2). Frá árinu 2010 liggja fyrir upplýsingar um kynjaskiptingu hvað varðar tilkynningar. Tilkynningar vegna drengja hafa verið fleiri öll árin, en hlutfall tilkynninga vegna stúlkna hefur farið hækkandi frá árinu 2010. Mismunur á heildarfjölda stúlkna og drengja og heildarfjölda tilkynninga skýrist af því að tilkynningar geta borist um ófædd börn. Á árinu 2013 var hlutfall tilkynninga vegna ófæddra barna 0,7%.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um árið 2013 var 4.880 og er það fjölgun um rúmlega 4%. Á því tímabili sem taflan sýnir voru flest börn á árinu 2009, eða 5.322 börn, en þeim fækkaði lítillega milli árána 2009 og 2010 og frekari fækkun var á árunum 2011 og 2012. Frá árinu 2010 liggur fyrir kynjaskipting barna sem tilkynnt var um. Hlutfall drengja er herra öll árin. Mismunur á heildarfjölda stúlkna og drengja og heildarfjölda barna skýrist af því að tilkynningar geta borist um ófædd börn. Á árinu 2013 var hlutfall ófæddra barna 0,8%.


Sú breyting varð á árinu 2010 að spurt var annars vegar um fjölda barna þar sem ákveðið var að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. vegna tilkynningar eða mál var þegar í könnun eða meðferð (opið mál) og hins vegar var spurt um fjölda barna þar sem um nýjar kannanir á árinu var að ræða. Áður var spurt um fjölda barna þar sem tekin var ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. vegna tilkynningar. Af þeim 4.880 börnum sem tilkynnt var um á árinu 2013 voru 3.366 börn þar sem mál var þegar í könnun (opið mál) eða ákveðið var að hefja nýja könnun, eða í 69,0% tilvika. Þar af voru nýjar kannanir vegna tilkynninga á árinu 2.477 eða 50,8% af fjölda barna sem tilkynnt var um sem er herra hlutfall en árin á undan.

Barnaverndarnefnd getur tekið ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. vegna annarra upplýsinga en tilkynninga og var það gert í 46 tilvikum á árinu 2013. Heildarfjöldi nýrra kannana hjá barnaverndarnefndum á árinu 2013 var því 2.523 kannanir, sem er fjölgun um rúmlega 8% frá árinu á undan. Aðeins hluti þessara barna þarf á ráðstöfunum að halda að mati barnaverndarnefnda (sjá nánar í kafla 5.4).

Tafla 5-2 Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fjöldi tilkynninga	9.353	100,0	9.259	100,0	8.708	100,0	7.953	100,0	8.615	100,0
Stúlkur	–	–	3.803	41,1	3.624	41,6	3.521	44,3	3.852	44,7
Drengir	–	–	5.453	58,9	5.021	57,7	4.381	55,1	4.700	54,6
Fjöldi barna sem tilkynnt var um	5.322	100,0	5.256	100,0	4.911	100,0	4.674	100,0	4.880	100,0
Stúlkur	–	–	2.353	44,8	2.146	43,7	2.061	44,1	2.212	45,3
Drengir	–	–	2.901	55,2	2.726	55,5	2.568	54,9	2.630	53,9
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun	3.086	58,0	–	–	–	–	–	–	–	–
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, eða mál þegar í könnun (opið mál) ¹	–	–	3.121	59,4	2.976	60,6	3.197	68,4	3.366	69,0
Stúlkur	–	–	1.496	47,9	1.420	47,7	1.554	48,6	1.643	48,8
Drengir	–	–	1.623	52,0	1.519	51,0	1.605	50,2	1.687	50,1
Þar af nýjar kannanir á árinu	–	–	2.173	41,3	2.235	45,5	2.292	49,0	2.477	50,8
Stúlkur	–	–	1.089	50,1	1.056	47,2	1.127	49,2	1.252	50,5
Drengir	–	–	1.082	49,8	1.149	51,4	1.132	49,4	1.194	48,2
Barnaverndarnefnd getur tekið ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. vegna annarra upplýsinga en tilkynninga	–	–	32	–	46	–	69	–	46	–
Samtals nýjar kannanir á árinu			2.205	–	2.281	–	2.361	–	2.523	–

Mismunurinn á heildarfjölda stúlkna og drengja og heildarfjölda tilkynninga/barna skýrist af því að tilkynningar geta borist um ófædd börn.
¹Frá árinu 2010 var spurt um annars vegar heildarfjölda barna þar sem ákveðið var að hefja könnun vegna tilkynningar eða mál var þegar í könnun eða meðferð (opið mál) og hins vegar um nýjar kannanir á árinu.



Mynd 5-1 Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir á árunum 2009–2013

¹Frá árinu 2010 var spurt um heildarfjölda barna þar sem ákveðið var að hefja könnun vegna tilkynningar eða mál var þegar í könnun eða meðferð (opið mál).


5.1.2. Yfirlit yfir barnaverndarmál

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar tekin er ákvörðun um könnun málsins (sjá *töflu 5–3* og *mynd 5–2*). Síðan árið 2005 hefur Barnaverndarstofa lagt áherslu á að samræma skráningu allra nefnda í þessum efnum. Gefnar hafa verið út leiðbeiningar sem eru endurskoðaðar á hverju ári. Að auki er þess nú gætt að fullkomið samræmi sé í þeim ársskýrslueyðublöðum sem barnaverndarnefndir skila til Barnaverndarstofu. Mismunandi skráningarhefðir nefnda geta skýrt mun á tíðni barnaverndarmála að einhverju leyti en Barnaverndarstofa hefur lagt sig fram um að leiðbeina nefndum að þessu leyti.

Í *töflu 5–3* kemur fram að frá árinu 2009 hefur barnaverndarmálum farið fjölgandi og voru þau 4.622 á árinu 2013, sem er 2,5% fjölgun frá árinu á undan. Hlutfall nýrra barnaverndarmála var 51,3% af heildarfjölda barnaverndarmála árið 2013.

Tafla 5-3 Yfirlit yfir barnaverndarmál á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fjöldi nýrra barnaverndarmála á árinu	2.094	50,5	2.081	49,0	2.185	50,2	2.322	51,5	2.370	51,3
Fjöldi eldri barnaverndarmála	2.053	49,5	2.166	51,0	2.171	49,8	2.186	48,5	2.252	48,7
Samtals barnaverndarmál	4.147	100,0	4.247	100,0	4.356	100,0	4.508	100,0	4.622	100,0



Mynd 5-2 Yfirlit yfir barnaverndarmál á árunum 2009–2013

5.1.3 Fjöldi barnaverndarmála eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda

Fjölgun barnaverndarmála frá árinu 2011–2013 var rúmlega 6%. Þetta jafngildir því að barnaverndarnefndir hafi haft afskipti af um 55 börnum af hverjum þúsund árið 2011, um 57 börnum af hverjum þúsund árið 2012 og um 58 börnum af hverjum þúsund árið 2013 (sjá töflu 5–4). Meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn er hæstur hjá sveitarfélögum með fleiri en 5000 íbúa, en meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn var lægstur hjá sveitarfélögum með 1000–1999 íbúa árið 2013, en hjá sveitarfélögum með 3000–3999 íbúa árin 2011 og 2012.

Tafla 5-4 Fjöldi barnaverndarmála¹ árin 2011, 2012 og 2013 eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda

Íbúafjöldi umdæmis	Fjöldi nefnda 2011	Fjöldi nefnda 2012	Fjöldi nefnda 2013	Heildar– fjöldi mála 2011	Heildar– fjöldi mála 2012	Heildar– fjöldi mála 2013	Meðal– fjöldi á nefnd 2011	Meðal– fjöldi á nefnd 2012	Meðal– fjöldi á nefnd 2013	Meðal– fjöldi/ þús. börn 2011	Meðal– fjöldi/ þús. börn 2012	Meðal– fjöldi/ þús. börn 2013
1000–1999 íbúar	2	2	2	25	22	16	12,5	11,0	8,0	33,1	28,4	20,5
2000–2999 íbúar	4	4	3	133	131	93	33,3	32,8	31,0	50,6	51,0	51,0
3000–3999 íbúar	2	2	2	41	45	50	20,5	22,5	25,0	21,6	24,1	27,5
4000–4999 íbúar	9	9	9	495	508	494	55,0	56,4	54,9	49,9	52,8	51,5
Yfir 5000 íbúar	11	11	11	3.662	3.802	3.969	332,9	345,6	360,8	56,6	58,9	60,1
Heildarfjöldi	28	28	27	4.356	4.508	4.622	155,6	161,0	171,2	54,6	56,8	57,7


¹Hér er átt við fjölda barna/ófæðra barna. Eitt barn = eitt mál.

5.1.4 Aldur og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar

Tafla 5–5 lýsir aldurs- og kynjaskiptingu í málum barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar árin 2009–2013. Árið 2013 voru drengir fleiri en stúlkur líkt og á árunum á undan, en hlutfall stúlkna hefur aukist frá árinu 2009. Árið 2013 var aldurshópurinn 6–10 ára algengastur hjá drengjum eða 14,1%, en aldurshóparnir 0–5 ára hjá stúlkum eða 13,8%. Um 1% barnaverndarmála á árunum 2011–2013 voru vegna ófæðra barna. Ef tímabilið í heild er skoðað þá kemur í ljós að hlutfall barna í aldursflokknum 0–5 ára hefur hækkað úr 21,8% árið 2009 í 27,6% árið 2013 (sjá mynd 5–3).

Tafla 5-5 Aldur og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Drengir 0–5 ára	460	11,1	512	12,1	551	12,6	566	12,6	640	13,8
Drengir 6–10 ára	571	13,8	603	14,2	623	14,3	647	14,4	650	14,1
Drengir 11–14 ára	591	14,3	522	12,3	553	12,7	572	12,7	533	11,5
Drengir 15–17 ára	521	12,6	530	12,5	486	11,2	472	10,5	451	9,8
Drengir 18–19 ára	66	1,6	69	1,6	69	1,6	49	1,1	55	1,2
Drengir alls	2.209	53,3	2.236	52,6	2.282	52,4	2.306	51,2	2.329	50,4
Stúlkur 0–5 ára	442	10,7	504	11,9	524	12,0	602	13,4	640	13,8
Stúlkur 6–10 ára	478	11,5	489	11,5	518	11,9	579	12,8	580	12,5
Stúlkur 11–14 ára	484	11,7	459	10,8	459	10,5	500	11,1	503	10,9
Stúlkur 15–17 ára	468	11,3	491	11,6	483	11,1	430	9,5	472	10,2
Stúlkur 18–19 ára	54	1,3	60	1,4	48	1,1	52	1,2	54	1,2
Stúlkur alls	1.926	46,4	2.003	47,2	2.032	46,6	2.163	48,0	2.249	48,7
Ófædd börn	12	0,3	8	0,2	39	0,9	39	0,9	44	1,0
Vantar uppl.					3	0,1	0	0,0	0	0,0
Samtals	4.147	100,0	4.247	100,0	4.356	100,0	4.508	100,0	4.622	100,0



Mynd 5-3 Aldursdreifing barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar á árunum 2009-2013

5.1.5 Heimilisaðstæður barna

Upplýsingar um heimilisaðstæður barna koma fram í *töflu 5-6*. Á árinu 2013 voru 4.578 börn til meðferðar hjá barnaverndarnefndum, en um 1% barnaverndarmála var vegna ófæddra barna. Hlutfall barna sem bjó hjá báðum foreldrum á árinu 2013 var 35,6%, en flest barnanna bjuggu hjá einstæðri móður eða 42,2%.

Tafla 5-6 Heimilisaðstæður barna á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013		Samtals %
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Hjá kynforeldrum	1.520	36,7	1.461	34,4	1.475	34,2	1.513	33,9	1.628	35,6	34,9
Hjá móður	1.711	41,3	1.797	42,3	1.875	43,4	1.946	43,5	1.933	42,2	42,6
Hjá föður	226	5,4	247	5,8	239	5,5	254	5,7	245	5,4	5,4
Til skiptis hjá móður/föður	39	0,9	52	1,2	58	1,3	79	1,8	76	1,7	1,4
Hjá móður og stjúpfórelldri	359	8,7	350	8,2	396	9,2	389	8,7	418	9,1	8,8
Hjá föður og stjúpfórelldri	70	1,7	62	1,5	56	1,3	65	1,5	61	1,3	1,4
Hjá fósturfórelldrum	159	3,8	158	3,7	155	3,6	153	3,4	150	3,3	3,6
Hjá kjörfórelldrum	0	0,0	5	0,1	4	0,1	0	0,0	3	0,1	0,1
Hjá ættingjum	51	1,2	52	1,2	50	1,2	49	1,1	53	1,2	1,2
Á stofnun	4	0,1	4	0,1	4	0,1	11	0,2	3	0,1	0,1
Annars staðar	8	0,2	59	1,4	5	0,1	10	0,2	8	0,2	0,4
Samtals fjöldi barna	4.147	100,0	4.247	100,0	4.317	100,0	4.469	100,0	4.578	100,0	100,0

5.1.6 Erlendur uppruni barna

Hér er átt við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna. Fram kemur í *töflu 5–7* að hlutfall barna af erlendum uppruna hefur hækkað undanfarin ár. Á árinu 2013 voru 16,9% barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga börn af erlendum uppruna. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru börn af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið var erlent) 16,6% barna á Íslandi við lok árs 2013.

Tafla 5-7 Hlutfall barna af erlendum uppruna á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
	%	%	%	%	%
Hlutfall barna af erlendum uppruna	8,4	12,8	13,3	12,9	16,9
Hlutfall barna af erlendum uppruna á Íslandi	15,0	15,5	16,0	16,6	16,6

5.2 Tilkygningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um þá skyldu manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hættu af. Sérstakar skyldur hafa þeir, sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna til að gera barnaverndarnefnd viðvart. Hér getur verið um að ræða kennara, presta, lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Lögregla skal tilkynna til barnaverndarnefndar um tilvik þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn, annaðhvort af barni eða gegn því. Ef barnaverndarnefnd fær tilkygningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

5.2.1 Fjöldi tilkygninga


Fjöldi tilkygninga má sjá í *töflu 5–8* og á *mynd 5–4*. Fjöldi tilkygninga á árinu 2013 var 8.615 og er það fjölgun frá árinu á undan um rúmlega 8%. Frá árinu 2010 liggja fyrir upplýsingar um kynjaskiptingu hvað varðar tilkygningar og koma þær upplýsingar fram í *töflu 5–2*.

Árið 2013 voru rúmlega 45% tilkygninga vegna barna sem búsett voru í Reykjavík. Þetta hlutfall hækkar lítillega á árinu 2013 eins og fram kemur í *töflu 5–8*. Hlutfall tilkygninga í nágrenni Reykjavíkur var 23,4% sem er lægra en árið á undan og hlutfall tilkygninga á landsbyggðinni var 31,4% sem er nánast það sama og árið á undan. Tilkygningum fjölgaði á árinu 2013 um 12% í Reykjavík, fækkaði um 0,3% í nágrenni Reykjavíkur og fjölgaði um tæplega 10% á landsbyggðinni.

Tafla 5-8 Fjöldi tilkynninga á árunum 2009–2013

Skipting eftir landsvæðum	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	4.332	46,3	4.246	45,9	4.170	47,9	3.464	43,6	3.891	45,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.172	23,2	2.089	22,6	2.094	24,0	2.021	25,4	2.015	23,4
Landsbyggð	2.849	30,5	2.924	31,6	2.444	28,1	2.468	31,0	2.709	31,4
Samtals	9.353	100,0	9.259	100,0	8.708	100,0	7.953	100,0	8.615	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.



Mynd 5-4 Fjöldi tilkynninga á árunum 2009–2013


5.2.2 Hver tilkynnir til barnaverndarnefnda?

Tilkynningar frá lögreglu voru yfir 50% tilkynninga fram til ársins 2009. Á árinu 2013 var hlutfall tilkynninga frá lögreglu 44,1% en það hlutfall hefur farið lækkandi eins og fram kemur í töflu 5–9. Þar kemur einnig fram að á árinu 2013 var 71% tilkynninga sem barst barnaverndarnefndum frá opinberum aðilum og vega tilkynningar frá lögreglu þyngst, en hlutfall tilkynninga frá öðrum en opinberum aðilum var árið 2013 22,6% (sjá mynd 5–5).

Tafla 5-9 Tilkynningar¹ til barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hver tilkynnir?										
Lögregla	4.619	49,4	4.617	49,9	4.250	48,8	3.639	45,8	3.798	44,1
Skóli, sérfræðipj.skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa	903	9,7	906	9,8	871	10,0	860	10,8	958	11,1
Leikskóli, gæsluforeldri	200	2,1	131	1,4	148	1,7	139	1,7	169	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	645	6,9	640	6,9	586	6,7	637	8,0	753	8,7
Önnur barnaverndarnefnd	232	2,5	195	2,1	183	2,1	180	2,3	219	2,5
Þjónustumiðstöð/starfsm. félagsþjónustu	193	2,1	152	1,6	205	2,4	193	2,4	223	2,6
Opinberir aðilar samtals	6.792	72,6	6.641	71,7	6.243	71,7	5.648	71,0	6.120	71,0
Foreldrar barns	837	8,9	893	9,6	819	9,4	758	9,5	730	8,5
Ættingjar aðrir en foreldrar	486	5,2	414	4,5	454	5,2	407	5,1	460	5,3
Barn leitaði sjálf til bvn.	46	0,5	52	0,6	59	0,7	44	0,6	52	0,6
Nágrannar	734	7,8	671	7,2	667	7,7	622	7,8	704	8,2
Aðrir en opinberir aðilar samtals	2.103	22,4	2.030	21,9	1.999	23,0	1.831	23,0	1.946	22,6
Aðrir ótilgreindir	458	4,9	588	6,4	466	5,4	474	6,0	549	6,4
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	9.353	100,0	9.259	100,0	8.708	100,0	7.953	100,0	8.615	100,0

¹Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.



Mynd 5-5 Tilkynningar til barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013

5.2.3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112

Barnaverndarstofa er í samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda. Af þeim 459 tilkynningum sem bárust Neyðarlínunni árið 2013 voru 452 flokkaðar af viðkomandi barnaverndarnefnd sem barnaverndartilkynningar eða 5,2% allra tilkynninga til barnaverndarnefnda (sjá töflu 5–10). Sumt af því sem tilkynnt er til Neyðarlínunnar, t.d. varðandi forsjármál, flokka nefndir ekki sem barnaverndartilkynningar. Flestar tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112 voru vegna mála í Reykjavík, eða 58,6% á árinu 2013.

Tafla 5-10 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112 á árunum 2009–2013

	2009	%	2010	%	2011	%	2012	%	2013	%
Heildarfj. tilkynninga í gegnum 112	635	–	656	–	613	–	537	–	459	–
Flokkadarn barnaverndartilkynningar ¹	554	5,9	595	6,4	570	6,5	498	6,3	452	5,2

¹Hlutfall af heildarfjölda tilkynninga

Á grundvelli barnaverndarlaga getur sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni. Árið 2013 óskaði 1.341 aðili nafnleyndar eða 15,6%, sem er hærra hlutfall en árin á undan (sjá töflu 5–11).

Tafla 5-11 Hlutfall tilkynnenda sem óska eftir nafnleynd á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Hlutfall tilkynnenda sem óska eftir nafnleynd	12,4	11,7	12,7	14,1	15,6

5.2.4 Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga má sjá í töflu 5–12 og á mynd 5–6. Þær skiptust þannig árið 2013 að 36,2% tilkynninga var vegna vanrækslu, 26,1% vegna ofbeldis, 37,0% vegna áhættuhegðunar og 0,7% vegna þess að heilsa eða líf ófæddis barns var í hættu. Tilkynningum um vanrækslu fjölga frá árinu á undan um 11,5%, tilkynningum um ofbeldi fjölga um 24,5%, en tilkynningum um áhættuhegðun fækka um 3,4%. Tilkynningum vegna ófæddra barna fjölga um 17%.

Alls er talið að 229 börn hafi verið í yfirvofandi hættu á árinu 2013 að mati tilkynnenda eða 4,5% þeirra barna sem tilkynnt var um á árinu 2013. Árið 2012 voru það 173 börn eða 3,7% og árið 2011 voru það 194 börn eða tæplega 4% þeirra barna sem tilkynnt var um.

Tafla 5-12 Ástæður tilkynninga á árunum 2010–2013¹

Ástæður tilkynninga	2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Vanræksla	2.845	30,7	2.742	31,5	2.794	35,1	3.116	36,2
Stúlkur	–	–	–	–	1.449	18,2	1.572	18,2
Drengir	–	–	–	–	1.345	16,9	1.544	17,9
Líkamleg vanræksla	150	1,6	157	1,8	153	1,9	237	2,8
Stúlkur	–	–	–	–	84	1,1	122	1,4
Drengir	–	–	–	–	69	0,9	115	1,3
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.421	26,1	2.348	27,0	2.418	30,4	2.628	30,5
Stúlkur	–	–	–	–	1.229	15,5	1.298	15,1
Drengir	–	–	–	–	1.189	15,0	1.330	15,4
þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnan.	693	7,5	681	7,8	662	8,3	780	9,1
Stúlkur	–	–	–	–	337	4,2	395	4,6
Drengir	–	–	–	–	325	4,1	385	4,5
Vanræksla varðandi nám	96	1,0	116	1,3	121	1,5	123	1,4
Stúlkur	–	–	–	–	65	0,8	56	0,7
Drengir	–	–	–	–	56	0,7	67	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	255	2,8	193	2,2	234	2,9	267	3,1
Stúlkur	–	–	–	–	140	1,8	162	1,9
Drengir	–	–	–	–	94	1,2	105	1,2
Ofbeldi	2.000	21,6	2.025	23,3	1.809	22,7	2.252	26,1
Stúlkur	–	–	–	–	992	12,5	1.219	14,1
Drengir	–	–	–	–	817	10,3	1.033	12,0
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	1.077	11,6	1.106	12,7	978	12,3	1.174	13,6
Stúlkur	–	–	–	–	512	6,4	615	7,1
Drengir	–	–	–	–	466	5,9	559	6,5
þar af heimilisofbeldi	378	4,1	445	5,1	431	5,4	441	5,1
Stúlkur	–	–	–	–	220	2,8	228	2,6
Drengir	–	–	–	–	211	2,7	213	2,5
Líkamlegt ofbeldi	523	5,6	465	5,3	432	5,4	542	6,3
Stúlkur	–	–	–	–	195	2,5	240	2,8
Drengir	–	–	–	–	237	3,0	302	3,5
Kynferðislegt ofbeldi	441	4,8	470	5,4	436	5,5	582	6,8
Stúlkur	–	–	–	–	314	3,9	394	4,6
Drengir	–	–	–	–	122	1,5	188	2,2
Áhættuhegðun	4.358	47,1	3.866	44,4	3.296	41,4	3.184	37,0
Stúlkur	–	–	–	–	1.046	13,2	1.064	12,4
Drengir	–	–	–	–	2.250	28,3	2.120	24,6
Neysla barns á vímuefnum	833	9,0	740	8,5	560	7,0	567	6,6
Stúlkur	–	–	–	–	199	2,5	208	2,4
Drengir	–	–	–	–	361	4,5	359	4,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	906	9,8	948	10,9	1.110	14,0	1.161	13,5
Stúlkur	–	–	–	–	448	5,6	494	5,7
Drengir	–	–	–	–	662	8,3	667	7,7
Afbrot barns	1.949	21,0	1.604	18,4	1.188	14,9	1.034	12,0
Stúlkur	–	–	–	–	292	3,7	251	2,9
Drengir	–	–	–	–	896	11,3	783	9,1
Barn beitir ofbeldi	517	5,6	445	5,1	308	3,9	346	4,0
Stúlkur	–	–	–	–	66	0,8	68	0,8
Drengir	–	–	–	–	242	3,0	278	3,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	207	2,2	189	2,2	188	2,4	178	2,1
Stúlkur	–	–	–	–	77	1,0	71	0,8
Drengir	–	–	–	–	111	1,4	107	1,2
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	56	0,6	75	0,9	54	0,7	63	0,7
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	9.259	100,0	8.708	100,0	7.953	100,0	8.615	100,0


¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður, t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.



Mynd 5-6 Ástæður tilkynninga á árunum 2010– 2013

5.2.5 Kynjaskipting vegna tilkynninga, fjölda barna og ákvörðunar um könnun máls

Á eftirfarandi mynd (5–7) má sjá að algengara er að tilkynningar berist um drengi en stúlkur, einnig eru drengir fleiri þegar fjöldi barna sem tilkynnt var um er skoðaður. Þá kemur fram að af þeim börnum sem tilkynnt var um á árunum 2012 og 2013 voru fleiri drengir þar sem um var að ræða tilkynningu í opið mál eða ákveðið var að hefja könnun í málinu, en munurinn er þó minni en þegar fjöldi tilkynninga og fjöldi barna sem tilkynnt var um er skoðaður. Þegar fjöldi nýrra kannana vegna tilkynninga á árinu er skoðaður kemur í ljós að ákveðið er að hefja könnun hjá aðeins fleiri drengjum en stúlkum á árinu 2012, en fleiri stúlkum en drengjum á árinu 2013.



Mynd 5-7 Kynjaskipting vegna tilkynninga, fjölda barna og ákvörðunar um könnun máls á árunum 2012 og 2013

5.3 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og könnun máls

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi þess barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum eða forsjármönnum barns er skylt að veita liðsinni sitt svo að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig. Árið 2013 var tilkynnt um 4.880 börn og var ákveðið að hefja könnun, eða mál barnsins var þegar í könnun eða til meðferðar (opið mál) í 69,0% tilvika, sem er hærra hlutfall en árin á undan (*tafla 5–13*). Nýjar kannanir á árinu 2013 vegna tilkynninga voru 2.477 eða 50,8% af þeim börnum sem tilkynnt var um, sem einnig er hærra hlutfall en árin á undan.

Tafla 5-13 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og hlutfall barna þar sem ákveðið var að hefja könnun í kjölfar tilkynningar á árunum 2011–2013

	2011				2012				2013			
	Fj. barna sem tilkynnt var um	Fj. barna könnun/ mál í könnun/ meðferð	Hlutf. könnun/ mál í könnun/ meðferð (%)	Þar af nýjar kannanir (%)	Fj. barna sem tilkynnt var um	Fj. barna könnun/ mál í könnun/ meðferð	Hlutf. könnun/ mál í könnun/ meðferð (%)	Þar af nýjar kannanir (%)	Fj. barna sem tilkynnt var um	Fj. barna könnun/ mál í könnun/ meðferð	Hlutf. könnun/ mál í könnun/ meðferð (%)	Þar af nýjar kannanir (%)
Reykjavík	2.067	1.041	50,4	32,5	1.749	990	56,6	31,4	1.910	1.208	63,2	38,3
Nágr. Rvk ¹	1.332	862	64,7	54,4	1.334	1.022	76,6	61,1	1.237	864	69,8	59,6
Landsb.	1.512	1.073	71,0	55,6	1.591	1.185	74,5	58,3	1.733	1.294	74,7	58,2
Samtals	4.911	2.976	60,0	45,5	4.674	3.197	68,4	49,0	4.880	3.366	69,0	50,8

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrja öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík; Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Ekki var aflað upplýsinga um hvernig könnun máls var háttað á þessu tímabili nema um hve oft var leitað til barnsins sjálfs. Á árinu 2013 var rætt við 1.792 börn við könnun máls eða í 71,0% tilvika af heildarfjölda nýrra kannana. Á árinu 2012 var rætt við 1.930 börn við könnun máls eða í 81,7% tilvika af heildarfjölda nýrra kannana. Hafa ber í huga að rúmlega 1% nýrra kannana á árunum 2012 og 2013 voru vegna þungaðra kvenna og ekki er hægt að ræða við öll börn við könnun máls sökum aldurs þeirra eða þroska.

Á árinu 2013 voru gerðar 2.477 nýjar kannanir vegna tilkynninga, en til viðbótar gerðu barnaverndarnefndir 46 kannanir þar sem ákvörðun um könnun var tekin á grundvelli annarra upplýsinga en tilkynningar. Ekki var talin ástæða til frekari afskipta að lokinni könnun í 51,4% tilvika, en í 44,1% tilvika var talin þörf á ráðstöfunum og úrræðum á grundvelli barnaverndarlaga að lokinni könnun. Niðurstaða könnunar lá ekki fyrir í 4,5% tilvika (*tafla 5–14*). Helsta ástæða þess að þörf er á ráðstöfunum eða úrræðum á grundvelli barnaverndarlaga að könnun lokinni er vegna vanrækslu foreldra varðandi umsjón og eftirlit.

Tafla 5-14 Niðurstaða könnunar á árunum 2010–2013

	2010	2011	2012	2013
Ekki talin þörf á ráðstöfunum/úrræðum á grundvelli barnav.laga	45,6%	54,5%	50,8	51,4
Þörf á ráðstöfunum/úrræðum á grundvelli barnaverndarlaga	49,1%	45,0%	45,6	44,1
Niðurstaða könnunar lá ekki fyrir	5,3%	0,5%	3,6	4,5
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0

5.4 Úrræði barnaverndarnefnda

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Á árinu 2013 voru gerðar 1.901 áætlun um meðferð máls sem er fjölgun frá árunum á undan en á árinu 2012 voru gerðar 1.754 áætlanir um meðferð máls. Ljóst er að enn eru vanhöld á því að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir. Gera á skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í

lok árs). Ástæður þess að gripið var til úrræða geta verið margvíslegar og vandi hvers barns er yfirleitt margþættur. Að jafnaði er ástæða afskipta að lokinni könnun lakar uppeldisaðstæður af einhverjum toga og þá fyrst og fremst vanræksla í einhverri mynd eða ofbeldi sem barnið hefur orðið fyrir. Ástæða þess að gripið er til úrræða getur einnig verið háttsemi barnsins sjálfs, svo sem vímuefnaneysla, afbrot og ofbeldi sem það hefur beitt aðra.

5.4.1 Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili

Þegar könnun leiðir í ljós að aðgerða barnaverndarnefndar er þörf, skal nefndin leitast við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barnið sjálft. Úrræði barnaverndarnefnda til stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra eru margvísleg og algengt er að fleiri en einu þeirra sé beitt. Stuðningsúrræði án töku barns af heimili má sjá í *töflu 5–15*, en fjöldi barna sem naut þeirra á árinu 2013 var 1.817. Það er fjölgun um 7% frá árinu 2009. Á árunum 2009–2011 var fjöldi þessara barna nokkuð svipaður, en þeim fjölgaði á árinu 2012 og aftur á árinu 2013. Á árinu 2013 var kynjahlutfall þeirra barna sem fengu stuðningsúrræði án töku barns af heimili nokkuð jafnt eða 50,7% stúlkur og 48,0% drengir, en í 1,3% tilvika var um þungaðar konur að ræða. Algengast er að gripið sé til þess úrræðis að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns en mesta fjölgunin á því tímabili sem taflan sýnir er þegar foreldrum og þunguðum konum er veitt aðstoð við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis–eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Tafla 5-15 Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili á árunum 2009–2013¹

	2009	2010	2011	2012	2013
Barni og foreldrum leiðbeint	1.296	1.281	1.221	1.158	1.075
Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda	455	492	452	539	598
Foreldrar/þunguð kona aðstoðuð við að leita sér meðferðar	177	156	204	226	315
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur/meðferð, þar með talið	468	558	589	610	646
Barnahús, MST og sumardvöl					
Önnur aðstoð	268	234	177	288	300
Samtals	2.664	2.721	2.643	2.821	2.934
Fjöldi barna	1.696	1.664	1.665	1.760	1.817
Stúlkur	–	–	49,8%	49,0%	50,7%
Drengir	–	–	49,1%	50,5%	48,0%
Ófædd börn	–	–	1,0%	0,5%	1,3%

¹Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli sama barns.

5.4.2 Fjöldi ráðstafana utan heimilis

Þegar stuðningsúrræði án töku barns af heimili hafa ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefnda eru börn oft vistuð utan heimilis. Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að grípa strax til þess að vista börn utan heimilis, þ.e. ef sýnt þykir að stuðningur inn á heimili muni ekki nægja til að bæta aðstæður þeirra. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun. Nokkuð algengt er að fleiri en eitt úrræði sé veitt í máli sama barns. Þannig getur barn t.d. fyrst farið á lokaða deild Stuðla, síðan á greiningar- og meðferðardeild Stuðla og loks á meðferðarheimili ef vandi barnsins er mikill. Vistun barna utan heimilis má sjá í *töflu 5–16*. Samanlagður fjöldi barna sem var ráðstafað utan heimilis með samþykki foreldra og eftir atvikum barns, úrskurði barnaverndarnefndar eða úrskurði dómstóla var 364 börn á árinu 2013. Sama barni getur verið ráðstafað utan heimilis á mismunandi forsendum (með samþykki, úrskurði barnaverndarnefndar eða úrskurði dómstóla) innan ársins og því er hér ekki alltaf um fjölda einstaklinga að ræða.

Tafla 5-16 Fjöldi ráðstafana utan heimilis á árunum 2009–2013¹

	2009	2010	2011	2012	2013
Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga					
Heimili og önnur úrræði skv. 84. gr.	181	199	236	206	272
Vistheimili	45	43	53	92	80
Sambýli/fjölskylduheimili	27	40	41	12	9
Einkaheimili (sem starfrækt er allt árið)	74	55	56	18	60
Önnur úrræði (t.d. tímab. vistun hjá ættingjum eða öðrum)	35	61	86	84	123
Fósturheimili ²	82	103	128	118	105
Samtals	263	302	364	324	377
Úrræði á ábyrgð ríkisins					
Stuðlar, lokuð deild (neyðarvistun)	114	102	98	82	82
Stuðlar, greiningar- og meðferðardeild	42	42	44	28	29
Götusmiðjan ³	44	25	–	–	–
Meðferðarheimili ⁴	27	30	24	18	21
Sérúrræði	–	–	–	–	1
Samtals	227	199	166	128	133
Fjöldi barna⁵	403	359	371	362	364
Stúlkur	–	–	185	173	178
Drengir	–	–	186	189	186
Fjöldi fjölskyldna	–	–	–	305	311

¹Athugið að hér er átt við ráðstafanir sem áttu sér stað tiltekið ár, ekki öll börn sem vistuð voru utan heimilis. Hér er átt við fjölda barna en ekki komur (barn getur verið vistað oftari en einu sinni á sama stað, t.d. á lokaðri deild Stuðla). Fjöldi barna er lægri en fjöldi ráðstafana utan heimilis og skýrist það af því að sama barni getur verið ráðstafað í fleiri en eitt úrræði innan sama árs. Hér ber einnig að hafa í huga að flestar vistanir utan heimilis eru gerðar með samþykki foreldra og eftir atvikum barns (eru stuðningsúrræði). Hér er þó líka gerð grein fyrir vistunum þar sem þvingun var beitt, sjá nánar í *töflu 5–19*.

²Hér er um að ræða fjölda barna sem ráðstafað var í fóstur á árinu auk barna þar sem tímabundnu fósturi var breytt í varanlegt fóstur. Á árinu 2012 var 26 tímabundnum fósturráðstöfunum breytt í varanlegt fóstur, en 19 á árinu 2013.

³Götusmiðjan hætti starfsemi í júní 2010

⁴Athugið að ekki er alltaf samræmi í tölum um vistun barna í úrræðum á ábyrgð ríkisins samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 3) og nefnda. Skráning stofnana Barnaverndarstofu er mjög áreiðanleg og því er stuðst við þær tölur.

⁵Samanlagður fjöldi barna sem var ráðstafað utan heimilis með samþykki, úrskurði barnaverndarnefndar eða úrskurði dómstóla. Sama barni getur verið ráðstafað utan heimilis á mismunandi forsendum (með samþykki, úrskurði barnaverndarnefndar eða úrskurði dómstóla) innan ársins. Upplýsingar liggja fyrir um kynjaskiptingu frá árinu 2011 og fjölda fjölskyldna frá árinu 2012.

5.4.3 Börn sem fóru í fóstur samkvæmt ársskýrslum barnaverndarnefnda

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna allar fósturráðstafanir til Barnaverndarstofu og er nánara yfirlit yfir þær í *töflu 5–17*. Um er að ræða þrenns konar ráðstafanir, tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Nánari skilgreining á þeim hugtökum kemur fram í kafla 2 um fósturmál. Þar má einnig finna upplýsingar um kynjaskiptingu þeirra barna sem fóru í fóstur. Fjöldi barna sem er ráðstafað í fóstur er nokkuð breytilegur eftir árum. Í töflunni kemur fram að algengara er að börn fari í fóstur til vandalausra en skyldmenna.

Tafla 5-17 Börn sem fóru í fóstur samkvæmt ársskýrslum barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013¹

	2009	2010	2011	2012	2013
Varanlegt fóstur					
Barni ráðstafað <u>varanlega</u> til skyldmenna	6	1	5	6	7
Barni ráðstafað <u>varanlega</u> til vandalausra	9	2	7	8	8
Tímabundið fóstur breytist í varanlegt fóstur		15	10	26	19
Samtals	16	18	22	40	34
Tímabundið fóstur					
Barni ráðstafað <u>tímabundið</u> til skyldmenna	15	24	35	21	21
Barni ráðstafað <u>tímabundið</u> til vandalausra	43	49	51	45	41
Samtals	58	73	86	66	62
Styrkt fóstur					
Barni ráðstafað í <u>styrkt</u> fóstur til skyldmenna	0	0	0	0	0
Barni ráðstafað í <u>styrkt</u> fóstur til vandalausra	9	12	20	12	9
Samtals	9	12	20	12	9

¹Hér er um að ræða fjölda barna sem ráðstafað var í fóstur á árinu auk barna þar sem tímabundnu fóstri var breytt í varanlegt fóstur. Í einhverjum tilvikum sem er þó undantekning, getur verið um það að ræða að sama barni sé ráðstafað í fleiri en eina tegund af fóstur og því séu börnin færri en samanlagður fjöldi ráðstafana. Árið 2013 úrskurðuðu barnaverndarnefndir að 13 börn og dómstólar að 11 börn skyldu fara í fóstur og árið 2012 úrskurðuðu barnaverndarnefndir að 21 barn og dómstólar að 3 börn skyldu fara í fóstur (sjá nánar í *töflu 5–19*).

Samkvæmt ákvæði 90. gr. bvl. geta foreldrar falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna en þeim ber í vissum tilvikum að tilkynna barnaverndarnefnd um slíkar ráðstafanir. Fram kemur í *töflu 5–18* að á árinu 2013 var það gert í 20 tilfellum. Barnaverndarnefnd ber að gera sérstaka könnun á högum barns við þær aðstæður. Skal könnunin beinast að því hvort þörf er á stuðningi til að gera foreldrum kleift að hafa barn hjá sér sem og hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á dvalarstað ef stuðningur við foreldra á ekki við.

Tafla 5-18 Foreldrar fela öðrum daglega umönnun og uppeldi barns á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Foreldrar fela öðrum daglega umönnun og uppeldi barns	13	18	22	15	20

5.5 Úrskurðir og aðrar ákvarðanir barnaverndarnefnda

Í *töflu 5–19* koma fram upplýsingar um fjölda barna og fjölda úrskurða barnaverndarnefnda án töku barns af heimili, sem kveðnir voru upp samkvæmt. 26. gr. bvl. 80/2002 og fjölda barna sem voru úrskurðað í vistun utan heimilis samkvæmt. 27. gr. bvl. 80/2002. Sama barn getur verið úrskurðað í fleiri en eitt úrræði á árinu. Upplýsingar töflunnar sýna að úrskurðir eru fátíðir í hlutfalli við heildarfjölda mála enda fela þeir í sér afdrifaríkar ákvarðanir.

Samkvæmt 46. gr. bvl. skal barnaverndarnefnd eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð áður en nefnd kveður upp úrskurð í máli. Fram kemur í *töflu 5–19* að slíkur styrkur var veittur foreldrum í 82 málum á árinu 2013, en það hefur orðið fjölgun á því tímabili sem taflan sýnir. Árið 2012 var 16 börnum veittur styrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Fram kemur í barnaverndarlögum. nr. 80/2002 að barnaverndarnefnd skuli taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann strax þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til þvingunar. Barni var skipaður talsmaður í 89 tilvikum árið 2013 og hafði þeim fjölgað fram til ársins 2012, en fækkaði nokkuð á árinu 2013. Barnaverndarnefnd greip til neyðarráðstöfunar samkvæmt. 31. gr. barnaverndarlaga í 39 tilvikum á árinu 2013, þar af vegna vistunar barna í neyðarvistun á Stuðlum í 19 tilvikum. Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda. Alls úrskurðuðu dómstólar um vistun 20 barna í allt að 12 mánuði árið 2013.

Tafla 5-19 Fjöldi úrskurða og ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
<u>Úrskurðir barnaverndarnefnda</u>					
Fjöldi barna þar sem úrskurðað var án tóku barns af heimili (26. gr. bvl.)	7	13	5	7	5
Úrskurðir um eftirlit með heimili (26. gr. bvl.)	7	9	3	5	5
Fyrirmæli um aðbúnað barns, meðferð o.fl. (26. gr. bvl.)	6	6	2	6	1
Bann lagt við að farið væri með barn úr landi (26. gr. bvl.)	0	2	0	1	0
Börn vistuð utan heimilis (27. gr. bvl.)	28	44	46	43	35
Stúlkur	–	–	22	25	20
Drengir	–	–	24	18	15
Fjöldi fjölskyldna	–	–	–	34	24
<u>Ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefnda</u>					
Bvn. leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbands (37. gr. bvl.)	0	1	0	0	5
Bvn. óskaði lögreglurannsóknar (20. gr. rgl. nr. 56/2004)	76	65	90	71	78
Foreldrum veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl.)	38	63	77	73	82
Barni veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl.)	16	11	9	8	16
Bvn. greip til neyðarráðstöfunar (31. gr. bvl.)	30	36	69	52	39
Barni skipaður talsmaður (46. gr. bvl.)	71	90	107	106	89
Dómsstólar úrskurðuðu um vistun barns utan heimilis (28. gr. bvl.)	4	16	15	9	20

5.5.1 Forsjársviptingar

Barnaverndarnefndir gerðu kröfu fyrir dómi um sviptingu forsjár (29. gr. bvl.) í málum 12 barna árið 2013 (sjá *töflu 5–20*).

Tafla 5-20 Krafa fyrir dómi um sviptingu forsjár á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Heildarfjöldi fjölskyldna	8	8	11	12	11
Heildarfjöldi barna	10	15	17	16	12
Stúlkur	7	7	9	10	6
Drengir	3	8	8	6	6
Kröfu um sviptingu hafnað	0	0	0	0	0
Dómur um sviptingu	6	6	5	8	10
Sátt náðist	4	9	10	0	1
Niðurstaða lá ekki fyrir	0	0	2	8	1

Á árunum 2009–2013 var algengast að börnin væru á aldrinum 0–5 ára eða 48,6% barnanna og 31,4% barnanna voru á aldrinum 6–10 ára. Í málum barna þar sem gerð var krafa um sviptingu forsjár var algengast að barnaverndarnefndir vistuðu börn hjá fósturforeldrum, eða ættingjum og nákomnum.

5.6 Umsagnir

Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 leysa einungis dómsstólar úr ágreiningi foreldra um forsjá og því minna um að leitað sé umsagnar barnaverndarnefnda í þessum málum en var í tíð eldri laga. Hér er ekki um barnaverndarmál að ræða, heldur verkefni sem barnaverndarnefndum er falið samkvæmt öðrum lögum. Fjöldi umsagna í forsjármálum hefur verið breytilegur á tímabilinu (sjá *töflu 5–21*). Sýslumaður leysir úr ágreiningi foreldra um umgengni barns við þá eftir skilnað eða sambúðarslit og leitar umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Fjöldi slíkra beiðna var 36 árið 2013, sem er fækkun á því tímabili sem taflan sýnir. Barnaverndarnefndir veita umsögn um hæfi þeirra sem óska leyfis frá dómsmálaráðuneyti til að ætteleiða börn samkvæmt ákvæðum ætteleiðingarlaga. Heildarfjöldi umsagna að beiðni dómsmálaráðuneytisins vegna ætteleiðinga var 32 árið 2013. Umsagnir vegna barna erlendis frá vega þyngst.

Tafla 5-21 Umsagnir barnaverndarnefnda á árunum 2009–2013

	2009	2010	2011	2012	2013
Umsagnir í forsjármálum	1	1	5	1	2
Umsagnir vegna umgengni að beiðni sýslumanns	140	112	87	75	36
Umsagnir vegna ættleiðingar að beiðni dómsmálar.	45	57	51	33	32
Vegna fósturbarna	3	0	0	0	2
Vegna barna erlendis frá	31	44	44	25	23
Vegna stjúpbarna	10	12	5	7	4
Vegna barna búsettra á Íslandi	1	1	2	1	3

5.7 Vistunarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg rekur úrræði þar sem börn eru vistuð til lengri eða skemmri tíma á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr ársskýrslu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árin 2012 og 2013.

Vistheimili barna við Laugarásveg er úrræði í barnaverndarmálum og geta 7 börn dvalið á heimilinu í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur og má greina vistanir eftir orsök þeirra og tilgangi; bráðavistun, greiningar- og kennsluvistun, fósturaðlögun og önnur vistun eftir skilgreindum markmiðum. Helsta markmið vistheimilisins er að styrkja fjölskyldur í uppeldislutverki þeirra með þarfir barnsins í fyrirrúmi. Árið 2013 dvöldu 40 börn á vistheimilinu, meðalaldur þeirra var 6,4 ár og dvalartími að meðaltali 51 dagur. Árið 2012 dvöldu 43 börn á vistheimilinu, meðalaldur þeirra var 6,0 ár og dvalartími var að meðaltali 45 dagar.

Skammtímaheimilið Hraunbergi er úrræði fyrir þrjú börn á aldrinum 13–18 ára sem þurfa tímabundna vistun vegna sérstakra aðstæðna. Bæði er um að ræða bráðavistun og skammtímavistun. Markmið skammtímaheimilisins er að tryggja börnum, sem af einhverjum ástæðum geta ekki dvalið í heimahúsum, traust og örugg uppeldisskilyrði meðan á dvöl þeirra stendur. Á árinu 2013 dvöldu 23 börn á heimilinu, en 33 árið á undan. Meðalaldur þeirra var 16,7 ár á árinu 2013, 15,9 ár árið 2012.

Fjölskylduheimilið Ásvallagötu er faglegt sérúrræði Barnaverndar Reykjavíkur ætlað fjórum börnum á aldrinum 13–18 ára. Tímalengd búsetu er eitt til fjögur ár eftir atvikum. Markmið heimilisins er að búa börnum traust og örugg uppeldisskilyrði. Á árinu 2013 dvöldu fimm börn á heimilinu, en fjögur árið á undan. Meðalaldur barnanna var 18,4 ár á árinu 2013, en 16,8 ár á árinu 2012.

Viðauki I

Yfirlit barnaverndarnefnda 2013 og 2012

Tafla 0-1 Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2013¹

Nafn barnaverndarnefndar	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar ²	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda ³	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Reykjavík	Stella K. Víðisdóttir er sviðsstjóri, Halldóra Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri	36	33,3 ⁴	1.579	27.526	121.230	22,7	57,4
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	Seltjarnarneskaupstaður	Snorri Aðalsteinsson	3	1,3	20	983	4.381	22,4	20,3
Barnavernd Kópavogs	Kópavogur	Aðalsteinn Sigfússon	10	9,0	493	8.465	32.308	26,2	58,2
Fjölskylduráð Garðabæjar	Garðabær	Bergljót Sigurbjörnsdóttir	5	2,25	142	3.716	14.180	26,2	38,2
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	Rannveig Einarsdóttir	10	9,6	531	7.360	27.357	26,9	72,1
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	Hjördís Árnadóttir	6	5,5	389	3.854	14.527	26,5	100,9
Félagsmálaráð Grindavíkur	Grindavík	Nökkvi Már Jónsson	4	1,0	33	829	2.888	28,7	39,8
Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	Sandgerði, Garður og Vogar	Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir	4	2,0	102	1.117	4.145	26,9	91,3
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	Unnur V. Ingólfssdóttir	2	2,0	91	2.666	9.296	28,7	34,1
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	Akranes	Sveinborg L. Kristjánsd.	2	1,0	118	1.847	6.699	27,6	63,9
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit	Hjördís Hjartardóttir Karl Marínósson	4	1,0	34	1.189	4.883	24,3	28,6
Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur	Sveinn Elinbergsson	4	2,0	16	926	3.859	24,0	17,3
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, og Súðavíkurhreppur	Margrét Geirsdóttir	4	1,0	70	1.124	4.791	23,5	62,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Vesturbyggð og Tálknafjörður	Elsa Reimarsdóttir	1	0,2	2	293	1.246	23,5	6,8

¹ Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2013.

² Einhverjar breytingar urðu á árinu en miðað er við stöðuna við árslok 2013.

³ Þess ber að geta að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfsfólk flestra barnaverndarnefnda sinnir fleiri verkefnum en barnavernd. Eins geta upplýsingar um stöðugildi verið úr áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs..

⁴ Stöðugildi voru 33,3 auk tveggja eftirlitsmanna í 1,65 stöðugildum.

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2013 (framhald)

Nafn barnaverndarnefndar	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	Húnaþing vestra, Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Reykhólahreppur	Esther Hermannsdóttir (Húnaþing vestra) Sigríður María Játvarðardóttir (Strandabyggð)	2	0,5	31	489	2.108	23,2	63,4
Félagsmálaráð Austur- Húnavatnssýslu	Blönduósþétt, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd	Auður Herdís Sigurðardóttir	1	0,5	14	488	1.886	25,9	28,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	Gunnar Sandholt	2	1,0	30	990	4.186	23,7	30,3
Barnaverndarnefnd ÚtEy	Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	Eyrún Rafnsdóttir (Dalvík) og Hjörtur Hjartarson (Fjallabyggð)	4	1,0	34	891	3.877	23,0	38,2
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur	Guðrún Sigurðardóttir	6	6,4	333	5351	20.428	26,2	62,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð	Dögg Káradóttir	2	1,0	65	1024	4.786	21,4	63,5
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Djúpagöngshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður	Guðrún Frímannsdóttir	4	1,0	56	1333	5.495	24,3	42,0
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	Sigrún Þórarinsdóttir	3	1,0	63	1196	4.862	24,6	52,7
Félagsmálaráð Hornafjarðar	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jón Kristján Rögnvaldsson	2	0,7	29	506	2.167	23,4	57,3
Félagsmálanefnd Árborgar	Sveitarfélagið Árborg	Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir	3	2,5	154	2.127	7.889	27,0	72,4
Velferðarnefnd Árnesþings	Hveragerðisþétt, Ölfushreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð	María Kristjánsdóttir	4	1,6	83	1.778	7.538	23,6	46,7
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	Katrín Þorsteinsdóttir	2	1,85	43	955	4.395	21,7	45,0
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjabær	Jón Pétursson	4	1,2	67	1.017	4.264	23,9	65,9
Samtals/meðaltal			134	91,4	4.622	80.040	325.671	24,6	57,7

Tafla 0-2 Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2012¹

Nafn barnaverndarnefndar	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjóri ²	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda ³	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Reykjavík	Stella K. Víðisdóttir er sviðsstjóri, Halldóra Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri	33	32,3 ⁴	1.373	27.082	119.632	22,6	50,7
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	Seltjarnarneskaupstaður	Snorri Aðalsteinsson	3	1,3	36	946	4.332	21,8	38,1
Barnavernd Kópavogs	Kópavogur	Aðalsteinn Sigfússon	9	8,0	491	8.306	31.676	26,2	59,1
Fjölskylduráð Garðabæjar	Garðabær	Bergljót Sigurbjörnsdóttir	4	1,75	114	2.892	11.450	25,3	39,4
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	Rannveig Einarsdóttir	10	8,0	599	7.287	26.763	27,2	82,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	Álftanes	Pálmi Másson	2	1,0	51	754	2.417	31,2	67,6
Félagsmálaráð Grindavíkur	Reykjanesbær	Hjördís Árnadóttir	6	5,5	327	3.826	14.233	26,9	85,5
Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	Grindavík	Nökkvi Már Jónsson	3	1,0	35	809	2.850	28,4	43,3
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	Sandgerði, Garður og Vogar	Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir	4	2,0	100	1.129	4.113	27,4	88,6
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	Unnur V. Ingólfssdóttir	2	2,0	117	2.648	9.154	28,9	44,2
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	Akranes	Sveinborg L. Kristjánsdóttir	2	1,0	130	1.835	6.636	27,7	70,8
Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga	Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit	Hjördís Hjartardóttir Karl Marínósson	4	1,5	31	1.161	4.805	24,2	26,7
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur	Sveinn Elínbergsson	4	1,0	18	955	3.947	24,2	18,8
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, og Súðavíkurhreppur	Margrét Geirsdóttir	4	1,0	78	1.152	4.847	23,8	67,7
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Vesturbyggð og Tálknafjörður	Elsa Reimarsdóttir	1	0,2	8	289	1.228	23,5	27,7

¹ Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2012.

² Einhverjar breytingar urðu á árinu en miðað er við stöðuna við árslok 2012.

³ Þess ber að geta að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfsfólk flestra barnaverndarnefnda sinnir fleiri verkefnum en barnavernd. Eins geta upplýsingar um stöðugildi verið úr áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs..

⁴ Stöðugildi voru 32,3 auk tveggja eftirlitsmanna í 1,65 stöðugildum.

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2012 (framhald)

Nafn barnaverndarnefndar	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	Húnaþing vestra, Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Reykhólahreppur	Eydís Aðalbjörnsdóttir (Húnaþing vestra) Hildur Jakobína Gísladóttir (Strandabyggð)	2	0,5	29	498	2.124	23,4	58,2
Félagsmálaráð Austur- Húnavatnssýslu	Blönduósþétt, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd	Auður Herdís Sigurðardóttir	1	0,5	14	487	1.885	25,8	28,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	Gunnar Sandholt	2	1,0	17	1.006	4.202	23,9	16,9
Barnaverndarnefnd ÚtEy	Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	Eyrún Rafnsdóttir (Dalvík) og Hjörtur Hjartarson (Fjallabyggð)	4	1,0	27	909	3.872	23,5	29,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur	Guðrún Sigurðardóttir	6	5,3	363	5.403	20.312	26,6	67,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð	Dögg Káradóttir	3	2,0	56	1.081	4.842	22,3	51,8
Félagsmálanefnd Fljótshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	Fljótshérað, Fljótshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður	Guðrún Frímannsdóttir	4	1,0	55	1.328	5.465	24,3	41,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	Sigrún Þórarinsdóttir	3	1,0	54	1.174	4.801	24,5	46,0
Félagsmálaráð Hornafjarðar	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jón Kristján Rögnvaldsson	1	0,25	16	510	2.167	23,5	31,4
Félagsmálanefnd Árborgar	Sveitarfélagið Árborg	Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir	3	3,0	154	2.177	7.833	27,8	70,7
Velferðarnefnd Árnesþings	Hveragerðisþétt, Ölfushreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð	María Kristjánsdóttir	4	1,6	79	1.777	7.422	23,9	44,5
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	Katrín Þorsteinsdóttir	2	1,0	50	963	4.358	22,1	51,9
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjabær	Jón Pétursson	5	1,5	86	1.005	4.219	23,8	85,6
Samtals/meðaltal			131	87,2	4.508	79.389	321.585	24,7	56,8

